



Fastar á jaðrinum?
Staða farandverkakvanna í Peking

Sigrún K. Valsdóttir

Lokaverkefni til MA-gráðu í mannfræði

Félagsvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Fastar á jaðrinum?
Staða farandverkakvanna í Peking

Sigrún K. Valsdóttir

Lokaverkefni til MA-gráðu í mannfræði

Leiðbeinandi: Kristín Loftsdóttir

Félags- og mannvísindadeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2012

Útdráttur

Í kínverskum borgum býr fjöldi farandverkafólks sem gjarnan á uppruna sinn að rekja til dreifbýlis. Á þessu ári urðu þau tímamót að fleiri búa í borgum en sveitum landsins. Fólksflutningar innan Kína eru orðnir að föstu einkenni kínversks samfélags, en farandverkafólk flyst til borganna í þeim tilgangi að bæta lífskjör sín og sinna. Stjórnvöld mótuðu búsetustefnu landsmanna og tekið var upp búsetuskráningarkerfi, svokallað *hukou*-kerfi, við upphaf valdatíma Kommúnistaflokks Kína 1949, til þess að stjórna efnahagslegri þróun og hamla taumlausum flutningum fólks til borganna. Í dag má líta á *hukou*-búsetuskráningarkerfið sem eins konar átthagafjötra og líkja því við vistarbandið forna á Íslandi. Vegna kerfisins býr farandverkafólk réttindalaust við bág kjör innan borganna og sú jaðarstaða mótar sjálfsmýnd þessa fjölmenna hóps.

Markmið þessa verkefnis var að fá innsýn í heim farandverkakvanna í Kína og fræðast um hvernig þær skilgreina sig sjálfar og eigin stöðu í kínverska borgarsamfélaginu. Farandverkakonur taka að vissu leyti völdin í sínar hendur og stíga út fyrir rammann með því að freista gæfunnar á eigin vegum í borgum landins. Þær ögra hefðbundum gildum sem eru ríkjandi í dreifbýlinu og snúa aftur heim síðar með nýjar hugmyndir um hlutverk og stöðu kynjanna.

Ritgerðin byggir á þriggja mánaða vettvangsrannsókn sem ég framkvæmdi á Yaxiu-markaðnum í Peking árið 2011. Notast var við etnógrafískar rannsóknaraðferðir auk þess að tekin voru viðtöl við tólf viðmælendur.

Abstract

Migration within China has become a formal aspect of Chinese society and migrant workers move to the cities with the aim of raising their standard of living. The government has attempted to reduce the flow of people into the cities with the *hukou*-household registration system, which ties people to their place of origin. Migrant workers live with limited formal rights and access to services, often in poor conditions within the cities because of the system. This marginalised position shapes the identity of this populous group.

The purpose of this research project was to gain an insight into the lives of migrant women and learn how they define themselves and their own position in the Chinese urban society. Migrant women take matters into their own hands and step outside of their comfort zone by going to the cities. They defy traditional values that prevail in the countryside and return home with new ideas about gender- roles and question the traditional definition of the role of women.

This thesis is based on three months of fieldwork at the Yaxiu-market in Beijing in the year 2011. The research method was ethnographic and twelve women were interviewed.

Formáli

Við framkvæmd þessarar rannsóknar naut ég aðstoðar viðmælenda minna á Yaxiu-markaðnum í Peking og vil ég þakka þeim sérstaklega fyrir að gefa mér tíma sinn, oft að loknum löngum vinnudegi. Sérstakar þakkir fara til Zhen Zhen sem veitti mér ómetanlega innsýn í líf sitt og heim kínverskra farandverkakvænna sem búsettar eru í Peking. Einnig vil ég þakka manninum mínum, Lárusi Erni, og fjölskyldu minni fyrir stuðning og þolinmæði í þessu ferli. Að lokum vil ég þakka leiðbeinandanum mínum, Kristínu Loftsdóttur, prófessor í mannfræði, fyrir leiðsögn og uppbyggilega gagnrýni. Þessi ritgerð er 60 eininga meistaraverkefni í mannfræði við Háskóla Íslands.

Efnisyfirlit

Útdráttur	2
Abstract	3
Formáli	4
1 Inngangur	7
2 Kenningalegt yfirlit	11
2.1 Vald	11
2.1.1 Michel Foucault.....	12
2.1.2 Lífvald	13
2.1.3 Yfirvald	14
2.2 Kyn og kyngervi	16
2.2.1 Kyngervi.....	17
2.2.2 Kvenlíkaminn	18
2.2.3 Konur og efnahagsleg þróun	19
2.3 Fólksflutningar og farandverkamennska	21
2.3.1 Stuðningur við fjölskyldu í heimahögum.....	23
2.3.2 Þverþjóðlegar mæður	25
2.4 Kína	26
2.4.1 Kínverskir stjórnarhættir í sögulegu samhengi	26
2.4.2 Farandverkafólk innan Kína.....	28
3 Aðferðafræði	34
3.1 Etnógráfía og vettvangsaðferðin.....	34
3.2 Siðferðileg álitamál.....	35
3.3 Framkvæmd rannsóknar	36
3.3.1 Greining viðtala.....	40
4 Kínverska fjölskyldan og vistarbönd.....	42

4.1	<i>Hukou</i> -búsetuskráningarkerfið	42
4.1.1	Saga	46
4.1.2	Gagnrýni á <i>hukou</i> -kerfið	49
4.1.3	Umbætur.....	49
4.2	Kínverska fjölskyldan og staða kvenna	51
4.2.1	Sögulegt samhengi	51
4.2.2	Hefðbundin staða kvenna	53
4.2.3	Einbirtisstefnan.....	56
5	Ímynd farandverkakvenna.....	60
5.1	Staða farandverkakvenna.....	60
5.2	Ímynd farandverkafólks í kínverskum stórborgum	61
5.3	Sjálfsmynd kínverskra farandverkakvenna	66
5.3.1	Samtök farandverkakvenna	67
6	Ályktanir.....	72
6.1	Peking og heimahéraðið	72
6.2	Yaxiu-markaðurinn.....	74
6.3	Skyldurækni.....	76
6.4	Peningasendingar.....	77
6.5	<i>Hukou</i> -kerfið.....	78
6.6	Einbirtisstefnan og eigin barneignir.....	79
6.7	Menntun.....	81
6.8	Ímynd farandverkakvenna	82
7	Umræða og lokaorð	84
8	Heimildaskrá	92

1 Inngangur

Í kínverskum stórborgum má sjá fjöldann allan af farandverkafólki. Fólki sem á uppruna sinn að rekja til annarra héraða innan Kína en flyst til stærri borga í leit að betri lífskjörum. Misjafnt er hversu lengi fólkið dvelst í borgunum, en algengast er að það snúi aftur til síns heima. Farandverkamennska hefur sett svip á borgarlífið og er orðið að varanlegu einkenni kínverska þéttbýlisins. Þessi hópur er gríðarlega fjölmennur, en talið er að einn af hverjum fjórum íbúum í stærstu borgum Kína sé farandverkamaður. Fólksflutningar hafa tíðkast frá örófi alda en við upphaf valdatíma Kommúnistaflokks Kína um miðja síðustu öld var tekið upp búsetuskráningarkerfi sem stýritæki gagnvart fólksflutningum og til þess að hefta frjálst flæði fólks til borganna. Á síðari árum, einkum eftir opnun kínverska hagkerfisins og mótun opingáttarstefnunnar (e. *open-door policy*) seint á áttunda áratug síðustu aldar, hafa fólksflutningar til borganna færst verulega í aukana.

Ritgerð þessi er afrakstur vettvangsrannsóknar sem ég gerði á Yaxiu-fatamarkaðnum frá því í ágúst 2011 fram í októberlok. Yaxiu-markaðurinn er vinsæll meðal erlendra ferðamanna sem og Kínverja, en hann er staðsettur í Sanlitun-hverfinu í Peking. Umræddur markaður er afar stór, eða um 20,000 fermetrar. Hann er á fjórum hæðum og þarna er að finna hundruð sölubása með fjölbreytilegt vöruúrval. Þar er hægt að kaupa ferðatöskur, silki, raftæki, fatnað og perlur svo fátt eitt sé nefnt (Ya Show, E.d.).

Ég kom fyrst til Peking árið 2010 og dvaldi þar í fimm mánuði, en á því tímabili fékk ég áhuga á þessu tiltekna viðfangsefni. Gagna var mestmegnis aflað með lestri fjölda fræðigreina en auk þess skoðaði ég umfjöllun í kínverskum dagblöðum. Konurnar á sjálfum markaðnum vörpuðu frekara ljósi á ýmis mál. Ég hafði til að mynda gert ráð fyrir að einbirnisstefnan og *hukou*-búsetuskráningarkerfið hefðu afar mikil áhrif á daglegt líf farandverkafólks, en svo virtist ekki vera. Því mótaði reynsla mín af vettvangi bæði rannsóknina sem og áherslur mínar í leit að fræðilegum heimildum í tengslum við viðfangsefni þessarar ritgerðar. Markmið rannsóknar minnar var að fá innsýn í heim farandverkakvenna og heyra hvernig þær skilgreina sig sjálfar og eigin stöðu í kínverska borgarsamfélaginu.

Fræðileg umræða ritgerðarinnar hefst á kenningalegri umfjöllun um vald og fólksflutninga. Umræða um stefnu kínverskra stjórnvalda og hömlur tengdar henni krefst þess að ræddar séu hugmyndir um valdbeitingu af hálfu ríkisins. Sagt verður frá hugmyndum Michel Foucault um vald. Einnig eru teknar fyrir hugmyndir annarra fræðimanna. Vald er hugtak sem ýmsir hafa velt fyrir sér en að mínu mati hentar einkar vel að nota hugmyndir

Foucault til að skoða það í kínversku samhengi. Umræða Foucault um vald hefur haft veruleg áhrif á það hvernig fólk skilgreinir vald og valdasambönd. Þrátt fyrir að kenningar Foucault séu orðnar áratuga gamlar eiga þær engu að síður erindi í umfjöllun um fjölbreytileg viðfangsefni tengd stjórnarháttum ríkja. Fræðimenn á borð við Gilles Deleuze, Nikolas Rose, Peter Miller, Alan Milchman, Alan Rosenberg og Thomas Lemke hafa skrifað um hugmyndir Foucault og greint þær. Þeir hafa einnig lagt ýmislegt til málanna. Farið verður að hluta inn á þá umræðu sem snýr að valdasamböndum, valdbeitingu og stofnunum í skrifum Deleuze, Lemke, Rose og Miller auk Milchman og Rosenberg. Í Kína er lífvald áberandi, en það sést til að mynda á einbirnisstefnunni og *hukou*-búsetuskráningarkerfinu. Stjórnvöld hafa áhrif á búsetu þjóðarinnar, ákvarða að vissu leyti lífsgæði einstaklinga á landfræðilegum forsendum og takmarka barneignir.

Fræðimenn hafa skrifað mikið um fólksflutninga og farandverkamennsku, en hér á eftir mun ég bæði segja frá kenningum og hugmyndum tengdum ofangreindum ferlum. Nefndar verða kenningar um fólksflutninga á heimsvísu og umræðan sett í kínverskt samhengi. Þegar gera á grein fyrir svo flóknu fyrirbæri sem farandverkamennskan er þá verður að skoða hvata einstaklinga til að fara að heiman og hvaða áhrif það hefur á viðkomandi og einnig fjölskyldur þeirra sem eftir eru heima. Skyldurækni og stuðningur við þá sem heima sitja eru áberandi þáttur fólksflutninga en slíkur stuðningur er almennt í formi peningasendinga. Áður fyrr var farandverkamennska algengari meðal karla, en undanfarna áratugi hefur það færst í aukana að konur flytjist tímabundið í stórborgir eða til annarra landa til að sjá fjölskyldu sinni farborða.

Þriðji kaflinn snýr að aðferðafræðinni sem ég notaði við framkvæmd rannsóknarinnar og greiningu viðtala. Í þessari mannfræðilegu rannsókn studdist ég við hugmyndir tengdar etnógrafíu, en sú aðferðafræði er þekkt fyrir vettvangsathuganir. Ég fór í margar heimsóknir á vettvanginn og tók viðtöl og auk þess fékk ég að fylgjast með gangi mála á Yaxiu-markaðnum. Fyrir utan vettvangsathuganir sem hluta af rannsókninni tók ég hálfstöðluð (e. *semi-structured*) viðtöl við tólf ungar konur sem starfa á markaðnum og ræddi tvisvar við hverja þeirra. Vettvangsrannsóknin veitti mér ómetanlega innsýn í heim kínverskra farandverkakvænna sem nær langt út fyrir markaðinn. Dvöl á umræddum vettvangi gerði mér kleift að skilja mun betur heim viðmælenda minna.

Næsti kafli fjallar um kínversku fjölskylduna og vistarbönd, en með því er ég að vísa til *hukou*-búsetuskráningarkerfisins. Viss líkindi eru á milli íslenska vistarbandsins og *hukou*-kerfisins sem ákvarðar búsetu Kínverja og hefur þar af leiðandi veruleg áhrif á daglegt líf farandverkafólks. Vegna stefnu ríkisins er farandverkafólk að vissu leyti fast á jaðri

borgarsamfélagsins. Þessi hópur hefur ekki sömu réttindi og borgarbúar og flokkast heldur ekki sem eiginlegir borgarbúar vegna tímabundinnar dvalar þeirra í þéttbýli. Meginástæða jaðarstöðu þessa hóps er *hukou*-kerfið sem gerir það að verkum að fólk úr dreifbýli eða smærri borgum hefur ekki rétt á sömu fríðindum og það fólk sem er skráð í stórborginni. Þeir einstaklingar sem skráðir eru í þéttbýli hafa aðgengi að niðurgreiddri heilsugæslu, menntun og félagsþjónustu í viðkomandi borg. Fólk með dreifbýlisskráningu og fjölskyldur þeirra geta hins vegar gert tilkall til landsvæðis í viðkomandi sveit. Þó farandverkamennska sé algeng í dreifbýli verður einhver að vera eftir í sveitinni svo fjölskyldan missi ekki landið sitt. Þar af leiðandi má halda því fram að *hukou*-kerfið bókstaflega bindi smábændur við landspilduna sína.

Síðasti hluti umræðunnar um kínverskar fjölskyldur fjallar um hina umdeildu einbirnisstefnu. Upphaflega ætlaði ég ekki að fjalla um einbirnisstefnuna, en eftir fyrstu umferð viðtala hafði ég fengið vitneskju um að allir viðmælendur mínir áttu systkini. Samt sem áður eru allar konurnar fæddar eftir að stefnan tók gildi. Því fannst mér nauðsynlegt að gera einbirnisstefnunni skil í stuttu máli og setja hana í samhengi við annað í lífi þessara kvenna. Þarna er að finna almenna umræðu um einbirnisstefnuna, tilurð hennar og breytingar sem gerðar hafa verið á henni í gegnum árin. Einnig er sagt frá undanþágum og því hvernig einbirnisstefnan samræmist illa lífinu sem tíðkast í sveitum landsins, en farandverkafólk innan Kína er í nánast öllum tilfellum úr dreifbýli.

Fimmti kaflinn snýr að sjálfsmynd farandverkakvenna og stöðu þeirra í kínversku borgarsamfélagi. Ungar konur sækja meðal annars í farandverkamennsku af þeirri einföldu ástæðu að þær vilja bæta lífskjör sín og sinnar fjölskyldu. Einnig gefst þeim kostur á að vinna sjálfar fyrir sér og hafa aukna stjórn á eigin lífi þegar þær eru búsettar í borgum. Enn í dag er fremur ríkjandi áhersla á gömul gildi byggð á kenningum Konfúsíusar í dreifbýli en í borgunum. Samkvæmt þeim eiga konur að þekkja sína stöðu innan fjölskyldunnar og hegða sér samkvæmt henni. Það er því viss sjálfsefning fyrir konur að standa á eigin fótum og sjá fyrir sér áður en þær snúa aftur til síns heima.

Sjálfsmynd kínverskra farandverkakvenna er flókið fyrirbæri. Umræddar konur eru úr hefðbundnu dreifbýlissamfélagi þar sem gömlu gildin og hugmyndirnar eru ráðandi um stöðu karla og kvenna. Eins og nefnt var þá er meiri áhersla á konfúsíusisma í sveitum en borgum, en samkvæmt þeirri hugmyndafræði eiga allir að hegða sér í samræmi við félagslega stöðu sína. Það á einnig við innan fjölskyldna og þar eru konur lægra settar en karlmenn. Farandverkakonur flytjast til nútímavæðdra borga þar sem lífið gengur öðruvísi fyrir sig heldur en í heimabænum og hefur sú dvöl áhrif á það hvernig þær skilgreina sig sjálfar,

væntingar þeirra og þrjár. Það má því segja að ólík öfl togist á innra með þeim, annars vegar sjálfstæðið sem fylgir borgardvölinni og eflir þær og hins vegar eru það siðir og venjur dreifbýlissamfélagsins sem halda þeim tengdum við fjölskyldur sínar. Fræðimenn gera ráð fyrir að farandverkamennska muni breyta kínversku fjölskyldunni og dreifbýlissamfélaginu af þessum ástæðum eins og ég kem síðar að í ritgerðinni.

Að lokum segi ég frá niðurstöðum rannsóknarinnar og set upplýsingar úr viðtölum í samhengi við viðfangsefni ritgerðar. Áhugavert er að skoða Kína nútímans í ljósi þess hversu miklar breytingar hafa átt sér stað í landinu undanfarna áratugi. Í raun hefur átt sér stað ör þróun úr keisaraveldi á nítjándu öld í sósíalískt ríki sem í dag einkennist af blöndu af markaðshyggju og sósíalisma. Ekki sér fyrir endann á þeim breytingum sem hófust við lok keisarátímans innan Kína. Því ákvað ég að nýta tækifærið til að skoða lauslega arfleifð frá sósíalíska tímanum á borð við *hukou*-kerfið, en það hefur nokkurn veginn haldið sinni upprunalegu mynd. Það er von mín að rannsóknin varpi ljósi á viðfangsefnið og þær kenningar mannfræðinnar sem mestu skipta í því samhengi.

2 Kenningalegt yfirlit

2.1 Vald

Vald og valdbeiting eru fyrirbæri sem hafa ávallt fylgt manningum í einhverju formi. Vald er þó flókið hugtak og því er erfitt er að koma með eina skilgreiningu á því. Þó er hægt að halda því fram að vald feli í sér aðgerðir sem hafa áhrif á hegðun einstaklinga. Misjafnt er hvernig fræðimenn túlka vald, en samkvæmt Foucault þarf beiting valds ekki endilega að fela í sér ofbeldi eða kúgun þó viss valdasambönd geri það. Gilles Deleuze (1988) segir að í stað þess að velta einungis fyrir sér hvað vald er og hvernig því sé beitt að þurfi þess í stað að athuga hvað er nytsamlegt er tengist valdi og hvernig ber að skoða framkvæmd valdbeitingar. Félaglegt vald er að finna í öllum samfélögum, en Thomas Lemke (2000) segir það sem kallað er vald í almennri umræðu í raun flokkast undir yfirráð (e. *domination*). Þetta hugtak vísar til valdasambanda sem eru stígbundin og stöðug og erfitt er að breyta. Slík valdasambönd byggjast á því að einstaklingar sem eru lægra settir hafa afar lítið rými til frjálsræðis (2000: 5). Michel Foucault skoðaði valdasambönd auk þróunar valdbeitingar og refsihátta, en hér á eftir verður lögð áhersla á valdbeitingu og valdasambönd.

Samkvæmt Nikolas Rose og Peter Miller (1992) snýst vald „ekki einungis um að leggja hömlur á borgara, heldur einnig um að ‚búa til‘ borgara sem eru færir um að umbera vissa gerð af reglubundnu frelsi“¹ (1992: 174). Í nútímasamfélagi er hægt að segja að valdasambönd sýni hvernig fólki er stjórnað, til að mynda hvernig stjórnvöld fá fólk til að hegða sér innan tiltekins ramma. Foucault sagði greiningu valdatengsla vera mikilvæga í umræðu um vald í þessu samhengi (Lemke, 2000; Milchman og Rosenberg, 2005). Hann á þar við að mikilvægt sé að skoða hvers konar aðferðir ólíkar stofnanir noti við að móta, aðlaga og stjórna hegðun einstaklinga. Valdbeiting snýst því ekki einungis um að setja hömlur á einstaklinga, heldur miðar hún einnig að því að fá fólk til að hegða sér á tiltekinn máta sem er í samræmi við væntingar yfirvalda (Milchman og Rosenberg, 2005; Rose og Miller, 1992). Gilles Deleuze (1988) segir stofnanir hvorki vera uppsprettu valdasambanda né meginþátt innan þeirra. Hann heldur því fram að stofnanir byggist á venjum og útskýri þar af leiðandi ekki hvað vald er. Því telur Deleuze gagnlegt að skoða hvaða áhrif stofnanir hafa í

¹ "Power is not so much a matter of imposing constraints upon citizens as of 'making up' citizens capable of bearing a kind of regulated freedom" (Rose og Miller, 1992: 174).

samfélaginu, hvers kyns valdasambönd þær skapa og hvaða aðgreiningu þær mynda í samfélaginu (1988: 75).

2.1.1 Michel Foucault

„Ef vald er ekki allt, er það að minnsta kosti alls staðar“, sagði Foucault (1980: 141).² Umfjöllun Foucault um vald miðast við að vera tól eða tæki til greiningar á valdi. Markmið hans var að sjá og greina valdasambönd, auk þess að skilja vald sem efnislægan hlut (Deleuze, 1988; Dreyfus og Rabinow, 1982). Foucault leit svo á að ekki væri æskilegt að líta á vald sem eitt hugtak sem fæli í sér bælingu því það væri mun flóknara (Deleuze, 1988; Rabinow, 1984). Fremur eigi að hugsa um valdið sem stórt kerfi, eða þátt í stóru kerfi sem hefur áhrif á félagslegt sjálf einstaklingsins (Rabinow, 1984).

Viðfangsefni Foucault voru upphaflega umræða um þróun valdbeitingar í *Discipline and Punish* (1977). Í því riti er sagt hann frá hvernig refsihættir breyttust úr því að vera fyrir augum almennings yfir í að fólk væri svipt frelsi sínu, líkt og í nútímafangelsum. Foucault staðhæfði að agatækni nú til dags væri ekki síður áhrifamikil heldur en aðferðir til ögunar voru fyrr á öldum. Hann sagði að ögun færi fram hjá einstaklingnum, sama hvort um væri að ræða líkamlega refsingu eða innri upplifun refsingar. Foucault var þeirrar skoðunar að refsihættir nútímans væru ferli sem færi að mestu leyti fram innra með fólki því ögun hafi þann tilgang að hafa hemil á líkama okkar og sál (Foucault, 1977). Hins vegar benti Foucault á að sjáanleikinn sem tíðkast í dag geti verið blindandi. Með því átti hann við að samfélögum nútímans sé stjórnað með kerfum valds og þekkingar. Einnig staðhæfði hann að einstaklingar væru ávallt beittir einhverju formi valds, ögunar og eftirlits nú til dags, sama hvort fólk væri í almenningi, vinnu eða skóla (Foucault, 1977; Rabinow, 1984).

Við greiningu á valdi skoðaði Foucault hvernig fólki hefði verið stjórnað í gegnum tíðina. Til að mynda benti hann á að aftökur hefðu ekki einungis gegnt sínu augljósa hlutverki, heldur hafi þær einnig sýnt einstaklingum hver viðbrögð stjórnvalda væru við óhlýðni. Með þessu móti var að vissu leyti komið í veg fyrir að fólk reyndi að rísa gegn yfirvaldinu og á það við enn í dag. Fólk agar sig sjálft því það veit hverjar afleiðingarnar eru við óhlýðni eða andófi gagnvart ríkinu (Foucault, 1979; Garðar Baldvinsson, 2005). Foucault fjallaði um hugmyndina um alsæisbygginguna (e. *panopticon*) í því tilliti. Það var hönnun sem Jeremy Bentham gerði snemma á 19. öld og Foucault taldi vera einskonar fyrirmynd að nútímastofunum sem miða að því að refsa fólki. Hönnun þessi var af hringlaga fangelsi með

² "If power is not everything, it is at least everywhere" (Foucault, 1980: 141).

einum varðturni í miðjunni. Í hverjum klefa voru tveir gluggar: einn til að hleypa ljósi inn og annar sem sneri að varðturninum. Þetta gerði það að verkum að fangarnir sáu ekki hvern annan. Hugmyndin byggðist á því að einungis þyrfti einn vörð þar sem fangarnir vissu ekki hvort vörðurinn væri að fylgjast með þeim öllum stundum en sá möguleiki var ávallt fyrir hendi. Ögunin færi því að mestu leyti fram hjá föngunum sjálfum og vörðurinn þar af leiðandi í raun óþarfur. Foucault taldi þessa byggingu vera gott dæmi um það hvernig valdbeiting fer fram (Dreyfus og Rabinow, 1982; Foucault, 1977). Hlutverk alsæisbyggingarinnar er því að þvinga einstaklinga eða heilu hópana til að hegða sér á tiltekinn hátt (Deleuze, 1988). Það er hins vegar hægt að gera með öðrum leiðum á borð við að nota lífvald eða yfirvald, en næstu blaðsíður munu útskýra þau fyrirbæri.

2.1.2 Lífvald

Samkvæmt Foucault er lífvald (e. *biopower*) grundvöllur valdasambanda í nútímasamfélögum. Hugtakið vísar til þess að yfirvöld hafi stjórn yfir fjölmörgum þáttum í lífi fólks, til að mynda hvað varðar fæðingar, dauða og búsetu. Ýmsar stofnanir gegna því hlutverki að auðvelda afskipti ríkisins af daglegu lífi einstaklinga. Þær koma á lífvaldi og einfalda þar með valdbeitingu af hálfu stjórnvalda. Með þessu eru slíkar stofnanir virkur þáttur í aðskilnaði og félagslegri stigskiptingu samfélagsins, auk þess er áhrifamáttur þeirra notaður til að tryggja valdasambönd byggð á yfirráðum (Foucault, 1979; Milchman og Rosenberg, 2005). Lífvald vísar til allra þeirra aðferða sem notaðar eru til að stjórna lífi einstaklinga (Deleuze, 1988; Milchman og Rosenberg, 2005). Lífvald er tvíþætt, en það er flokkað í lífpólítík (e. *biopolitics*) og annað fyrirbæri sem hægt er að kalla ögun líkamans (e. *anatomo-politics*). Foucault sagði ríkisstjórnir sem notast við lífvald og einbeita sér að þjóðinni sem heild í raun stýra þjóðinni með lífpólítík (Deleuze, 1988; Inda, 2005). Jonathan Xavier Inda (2005) bendir á að

lífvald annast líffræðileg ferli þjóðarinnar í heild sinni. Það fæst við að stýra ferlum sem eru einkennandi fyrir hópa fólks: fjölgun og kynhneigð, stærð og lífsgæði íbúa, heilsu og veikindi, lífsskilyrði og atvinnu aðstæður, fæðingar og lát og þess háttar. Markmiðið: að gera líf íbúa í heild sinni sem ákjósanlegast (2005: 5).³

Annar þáttur lífvalds, ögun líkamans, er eins og heiti hennar gefur til kynna ekki miðuð að íbúum í heild sinni, heldur líkama einstaklinga (Inda, 2005). Foucault taldi það vera markmið

³ "Biopolitics attends to the biological processes of the collective social body. It is concerned with regulating the phenomena that typify groups of living human beings: reproduction and human sexuality, the size and quality of the population, health and illness, living and working conditions, birth and death, and the like. The goal: to optimize the life of the population as a whole" (Inda, 2005: 5).

lífvalds að skapa „hlýðna“ (e. *docile*) líkama, en það eykur bæði framleiðni einstaklinga og hámarkar þá stjórn sem hægt er að hafa yfir þeim (Foucault, 1979; Ina, 2005; Milchman og Rosenberg, 2005; Turner, 1999). Alan Milchman og Alan Rosenberg (2005) segja í tengslum við ögun líkamans að Foucault hafi átt við að þessi gerð lífvalds hafi beinst að „líkamanum sem vél“ (e. *the body as a machine*). Þá er til að mynda verið að tala um ögun líkamans og háværkun færni hans til að vera bæði meðfærilegur og hlýðinn (2005: 338). Eins og sést á umræðunni hér að ofan um lífvald hafa yfirvöld tekið sér það hlutverk að stjórna líkama einstaklinga (Ina, 2005; Milchman og Rosenberg, 2005). Þar af leiðandi segir Deleuze (1988) að með lífvaldi, þar sem íbúum lands er stjórnað á ofangreindan hátt, sé það lífið sjálft sem verði markmið slíkrar valdbeitingar.

Svokallað ögunarvald (e. *disciplinary power*) flokkast einnig sem lífvald, en það tengist samspili ríkis og valds. Þegar stjórnvöld beita ögunarvaldi notast þau bæði við kúgun og frelsi. Ögunarvald stýrir og mótir hegðun einstaklinga með ýmsu móti, en stöðugt eftirlit með einstaklingum er mikilvægt í því tilliti. Til að skilja ögunarvald er nauðsynlegt að skoða hvernig ólík öfl líkt og minnst var á hér að ofan fá einstaklinga til að vera móttækilegri fyrir slíkri ögun. Innan nútímasamfélaga á ögun sér stað á margvíslegan hátt, en þar má til að mynda nefna að takmörkun athafna, rýmis og tíma séu áhrifamikil (Milchman og Rosenberg, 2005). Foucault skrifaði einnig um ögunarsamfélagið (e. *disciplinary society*), en sú umræða fól í sér sögulega skoðun þar sem litið var til stofnana eins og menntastofnana og fangelsa (Milchman og Rosenberg, 2005).

2.1.3 Yfirvald

Samkvæmt Thomas Lemke (2000) skilgreinir Foucault ríkisstjórn á þann veg að hún sé „stjórnarfar, eða réttara sagt ‚stjórnun hegðunar‘ og sé því hugtak sem spanni allt frá ‚stjórnun sjálfsins‘ til ‚stjórnunar annarra‘“ (2000: 2). Rose og Miller (1992) benda á að stjórnvöld séu flókið fyrirbæri sem hafi sögulegt gildi. Umræða Foucault um stjórnarfar (e. *government*) takmarkast ekki einungis við ríkið og stofnanir þess, heldur felur einnig í sér allar tilraunir yfirvalda til að hafa áhrif á hegðun og líf einstaklinga. Lemke (2007) segir einnig að valdbeiting fari fram á stöðum sem virðast ekki endilega tengdir stjórnvöldum á þann hátt, en þar má nefna skóla, fangelsi og sjúkrahús.

Ríkið er einungis einn þáttur í því hvernig einstaklingar eru beittir valdi í daglegu lífi. Stjórn ríkja er flókið fyrirbæri, en Foucault taldi að markmið ríkisstjórnar væri í raun að miða að réttri skipan hluta (e. *things*) innan ríkisins. Landsvæði er til að mynda einungis einn þáttur

í stjórnun ríkja því um er að ræða flókið samspil manna og hluta. Foucault segir að stjórnarfar hafi þróast úr einræði yfir í það sem hann kallar „listina að stjórna“ (e. *the art of government*). Með því á hann við að það þurfi mikla lagni að stjórna ríki því huga verði að ýmsum þáttum. Hver geti stjórnað, hvernig sé best að stjórna sér og öðrum eru meðal þeirra (Foucault, 1980; Inda, 2005). Samkvæmt Foucault (2000) er einn helsti tilgangur ríkisstjórnar að standa vörð um hag íbúa. Það er gert beint eða óbeint með aðferðum sem eiga til að mynda að örva eða takmarka fólksfjölgun, fá einstaklinga til að búa frekar á einum stað en öðrum eða gera það sem talið er nauðsynlegt innan ríkisins hverju sinni (2000: 216-217). Lemke (2007) segir „stjórnvöld skilgreina röklegan vettvang þar sem valdbeiting er ‚réttlætt““ (2007: 44). Rose og Miller (1992) eru á sömu nótum þegar þeir ræða hve nauðsynlegt það er fyrir stjórnvöld að hafa siðferðislega réttlætingu vegna stefnu sinnar. Slíkar aðgerðir varða einstaklinga en eru í þágu hins opinbera og eru afsakaðar með því að stjórnvöld beri hag þegna fyrir brjósti. Stjórnarfar er því þríþætt og felur í sér alræðisvald, ögun og stjórnvöld. Hugtakið yfirvald á að fela í sér eða innihalda heildaráhrif þeirra þátta sem mynda þessa flóknu gerð valds. Líkt og fram hefur komið byggist þessi gerð valds á stöðugu eftirliti með þegnum og fær einstaklinga til að aga sjálfa sig (Foucault, 1980; Milchman og Rosenberg, 2005). Rose og Miller (1992) segja að

nú til dags fari valdbeiting stjórnvalda fram á milli ofgnóttar breytilegra bandalaga milli valdhafa í þeim tilgangi að stjórna marghliða efnahagslegri athafnasemi, félagslegu lífi og hegðun einstaklinga. Vald er ekki eins mikið spurning um að þröngva hömlum upp á ríkisborgara og að ‘framleiða’ borgara sem séu færir um að afbera vissa gerð frelsis sem er stýrt eða stjórnað (1992: 272).⁴

Hugtakið yfirvald (e. *governmentality*) á við um tiltekna leið sem notast er við til stjórnunar íbúa. Í tengslum við yfirvald er stofnunum, þekkingu og tækni beitt í þeim tilgangi að auðvelda stjórn á hegðun hópa og einstaklinga (Inda, 2005; Lemke, 2007; Milchman og Rosenberg, 2005; Rose og Miller, 1992). Lemke (2000) bendir á að heildarhugmyndin í kringum hugtakið yfirvald bjóði upp á víðtæka sýn hvað varðar vald, „tengir tækni sjálfsins og tækni til yfirráða“, en tækni sjálfsins er í raun og veru það hvernig fólk stjórnar eigin hegðun (e. *self-regulation*) (2000: 12). Yfirvald er einnig tól til aðgreiningar á milli yfirráða og valds. Rose og Miller (1992) halda því fram að þekking sé mikilvæg í tengslum við ofangreinda áherslu yfirvalda á að stjórna hegðun einstaklinga. Það sama á við um stofnanir

⁴ "Political power is exercised today through a profusion of shifting alliances between diverse authorities in projects to govern a multitude of facets of economic activity, social life and individual conduct. Power is not so much a matter of imposing constraints upon citizens as of 'making up' citizens capable of bearing a kind of regulated freedom" (Rose og Miller, 1992: 272).

sem leitast við að hafa áhrif á líf borgara svo þau falli undir það sem telst heilbrigt og æskilegt í samfélaginu. Milchman og Rosenberg (2005) segja hugmynd Foucault um yfirvald vera nýstárlega því hún miði að stjórn einstaklinga sem eru frjálsir. Fólk er því beitt valdi en getur þó sýnt viðnám og andstöðu.

2.2 Kyn og kyngervi

Þegar fjallað er um kínverskar farandverkakonur og félagslega stöðu þeirra sem komin er til vegna valdbeitingar ríkisins og *hukou*-kerfisins þá er mikilvægt að athuga einnig hugmyndir um kyngervi (e. *gender*). Mikið hefur verið skrifað um kyngervi og femínisma og hér verður skrifað um það frá sjónarhóli mannfræðinnar. Mikilvægt er að hafa í huga að hugmyndir um kyn og kyngervi eru breytilegar eftir samfélögum (Ortner, 1996). Samkvæmt Henrietta Moore (1994) hefur mannfræðin átt sinn skerf í að móta femínískar kenningar með því að leggja áherslu á endurskilgreiningu orðsins kona og hvað það felur í sér. Sá grunnur sem femínistar lögðu með vinnu sinni á áttunda áratug síðustu aldar var afar mikilvægur. Fjölbreytileiki er mikill í mörgum samfélögum og konur eru síður en svo einsleitur hópur (Eriksen og Nielsen, 2001; Moore, 1994). Tong Zhang (2007) segir að mannfræðilegar áherslur innan femínisma hafi fengið fræðimenn til að breyta um sjónarhorn. Þá var lögð áhersla á að athuga upplifun beggja kynja auk þess sem litið var á stöðu kvenna í tengslum við stofnanir í stað þess að einblína einungis á feðraveldið.

Það er viss mannfræðileg hefð að líta svo á að hlutir öðlist merkingu í andstöðu við aðra, rétt eins og hin sígilda „við og hinir“ hugmynd gefur til kynna. Mögulega er það einnig þannig þegar athuga á kyn og kyngervi. Þar hefur umræðan einkennst af mikilli tvíhyggju þar sem kynin eru talin andstæð og alhæfingar algengar í tengslum við konur og karla. Elizabeth J. Croll (2001) bendir á að slík orðræða sé óraunhæf því að sjálfsögðu erum við eins misjöfn og við erum mörg. Ómögulegt er því að alhæfa um konur eða kyn og orðræðan einnig mismunandi í hinum mörgu samfélögum heimsins. Það er því mikilvægt að gera ekki sjálfkrafa ráð fyrir tilteknu samspili á milli líkama, kyns og kyngervis líkt og gert hefur verið á Vesturlöndum (Moore, 1994). T. Zhang (2007) segir vera himinn og haf á milli vestræns femínisma og kínversks raunveruleika. Það vekur því áhuga að athuga ólíkar hugmyndir fræðimanna um kyn og kyngervi.

2.2.1 Kyngervi

Að mati höfundur er nauðsynlegt að skilgreina hugtakið kyngervi þegar fjalla á um konur og stöðu þeirra. Fræðimenn hafa í gegnum tíðina haft ólíkar hugmyndir um hvað kyngervi er en eru þó sammála um sumar skilgreiningar þess hugtaks. Sagnfræðingurinn Joan Wallach Scott (1999) segir að kyngervi endurspegli hvernig samfélög túlka kyn og þau valdatengsl sem þeim tengjast (1999). Frá unga aldri er börnum kennt hver staða þeirra er innan samfélagsins. Boserup (1990) segir að meðvitað eða ómeðvitað læri börnin hefðbundna fordóma gagnvart konum, stöðu kvenna og hlutverk þeirra. Samskipti kynjanna mótast strax í barnæsku og sú félagsmótun hefur áhrif á hegðun beggja kynja og getur ýtt undir vanmáttarkennd hjá konum og haft áhrif á sjálfsmynd þeirra (Boserup, 1990; Papanek, 1990). Hvernig ung börn alast upp við óréttlæti og mismunun hefur áhrif á hvernig þau síðar meir skilgreina stöðu sína innan samfélagsins (Papanek, 1990: 163).

Varðandi hugmyndir um kyn og kyngervi í femínískum kenningum segir Moore (1994) að kyngervi hafi verið skilgreint sem félagslegt fyrirbæri. Augljós er sá líffræðilegi munur sem skilur kynin að og hugmyndin um kyngervi tengist stöðu fólks, hlutverki þess og félagslegum þrýstingi (Moore, 1994; Scott, 1999). Kyngervi hefur því áhrif á sjálfsmynd einstaklinga (Scott, 1999). T. Zhang (2007) segir að á tíunda áratug síðustu aldar hafi fræðimenn hafnað einni skilgreiningu á kyngervi sem falla átti að mismunandi samfélögum heimsins. Því er ekki hægt að færa vestrænar hugmyndir um kyngervi yfir á öll samfélög.

Eins og áður segir telur Moore (1994) mikilvægt að athuga áhrif orðræðunnar um kyngervi í samfélaginu og hvaða áhrif hún getur haft á einstaklinga (1994: 16). Hún segir einnig að „mögulega snúi vandamálið ekki að líkamanum, heldur að sjálfsmyndum, eða réttara sagt að því hvernig við skilgreinum sambandið á milli líkamans og sjálfsmynda“ (Moore, 1994).⁵ Þrátt fyrir að ómögulegt sé að finna einhverja algilda skilgreiningu á kyngervi þá getur hún hjálpað fólki að aðgreina kynin, og skilja félagslega stöðu þeirra og sjálfsmyndir (T. Zhang (2007). Í samfélögum um allan heim er á einhvern hátt greint á milli kynjanna og þeim eru gefnir vissir eiginleikar sem síðan verða gildishlaðnir (Scott, 1999; T. Zhang, 2007). Femínískir mannfræðingar benda á líkindi þess að tengja karlmenn við jákvæða eiginleika á borð við rökrétta hugsun og skynsemi (T. Zhang, 2007).

Í grein sem Sherry Ortner (1996) skrifaði árið 1974 heldur hún því fram að konur séu lægra settar en karlar í samfélögum um allan heim og aðgreining kynja og hlutverka þeirra því augljós. Ortner athugaði ástæður þessarar aðgreiningar og komst að þeirri niðurstöðu að konur

⁵ "Perhaps the problem is not really one about bodies at all, but about identities or rather about how we conceive the relationship between the two" (Ortner, 1994: 21).

væru meira bendlaðar/tengdar náttúru en karlmenn við menningu (Eriksen og Nielsen, 2001; Ortner, 1996: 24-27). Hugmyndir um slíka tvískiptingu eiga rætur sínar að rekja í strúktúralíska hugsun þar sem áhersla er lögð á tvenndarpör eða andstæður. Ástæðu þess að konur eru fremur tengdar við náttúru heldur en menningu segir Ortner geta falist í kvenlíkamanum og tilfinningum kvenna, eða sálrænum þáttum. Þær eru taldar vanþróaðri en karlmenn og í raun fastar í þeirri stöðu að fæða og ala börn og því séu líkamar þeirra tengdari börnum og náttúru. Það er einnig misjafnt eftir samfélögum hvernig börn eru skilgreind en algengt er að þau séu talin nær náttúru en menningu þar sem þau eru að miklu leyti ómótuð. Ortner telur nán samskipti kvenna við börn og stóran þátt þeirra í uppeldi barna gera það að verkum að konum er eignað þetta náttúruhlutverk. Karlar eru mun virkari félagslega og taldir tengjast menningu betur því þeir eigi auðveldara með að aftengja sig tilfinningalega (1996: 27-28). Ortner heldur því einnig fram að konur séu eins konar tenging milli náttúru og menningar þar sem þær siðmennta börnin (1996: 31-32). Ofangreint segir okkur að menning er hærra metin en náttúra. Menningarhugtakið hefur lengi verið notað til aðgreiningar á siðmenntuðum mönnum og frumbyggjum. Hugtakið er gildishlaðið og á stóran þátt í aðgreiningu fólks og flokkun þess í mismunandi „réttháa“ hópa (Lamphere, Ragoné og Zavella, 1997).

Moore (1994) hefur fjallað um ofangreinda hugmynd Ortner sem og kenningu Michelle Rosaldo um ástæðu bágrar stöðu kvenna í samfélögum um allan heim. Hún telur mikilvægi þeirra felast í því að þar var leitað eftir félagslegri skýringu á stöðu kvenna (1994: 11). Fram að því hafði almennt verið talið að ójöfn staða kynjanna hefði líffræðilegar skýringar og að konur væru veikara kynið frá náttúrunnar hendi. Kenning Ortner og Rosaldo ögraði því gömlum og gefnum hugmyndum. Rúmum tveimur áratugum eftir að hafa upphaflega gefið út greinina *Is Female to Male as Nature is to Culture* árið 1974 athugaði Ortner þetta viðfangsefni á ný. Hún segir að þrátt fyrir að margt úr ofangreindri kenningu hennar standist ekki tímans tönn þá væri það óbyggjandi staðreynd að kynin eru talin andstæð út frá líkamanum í samfélögum um allan heim. Og vegna þess verður þessi tvískipting til hvað varðar líkama og samfélag, eða náttúru og menningu (Ortner, 1996).

2.2.2 Kvenlíkaminn

Líkami kvenna miðlar menningu samkvæmt Susan Bordo (1989). Michel Foucault og Pierre Bourdieu hafa á svipaðan hátt, hvor í sínu lagi, haldið því fram að félagslegt vald eigi sér stað í líkamanum. Bordo segir valdið geta verið hluta af viðurkenndri orðræðu innan samfélags, og

virðist því vera nauðsynlegur en ekki aðeins kúgandi þáttur samfélagsins. Hún segir mikilvægt að markvissri pólitískri orðræðu um kvenlíkamann sé haldið á lofti. Sú orðræða verður að takast á við hinar ýmsu og oft á tíðum lúmsku leiðir sem notaðar eru til félagslegrar stjórnunar nú til dags. Því nýtir hún sér hugmyndir og orðræðu Foucault varðandi vald og bendir á að við þurfum að greina valdið „að neðan“. Bordo vill skilgreina vald sem „samtennt kerfi athafna, stofnana og tækni“ (1989: 15). Hún telur að orðræðan eigi að gera okkur kleift að horfast í augu við þau ferli sem gera það að verkum að viðfangið geti flækst í átökum við öfl sem viðhalda kúguninni. Líkamar kvenna hafa því fengið að þjást í tímans rás vegna misjafnra hugmynda um hann. Þær hugmyndir fela í sér að leggja beri mikla áherslu á að konur stjórni líkama sínum og hafi bæði vald á honum og löngunum sínum.

Samkvæmt Bordo (1989) misstu konur vald yfir eigin líkama á fjölþættan hátt þegar samfélagið iðnvæddist svo sem hreyfanleika, matarvenjum og líkamsútliti en einnig sjálfstæðum skoðunum á sjálfum sér og samfélaginu. Þær hafa ekki tekið mið af eigin löngunum heldur verið fastar á heimilinu að sinna manni og börnum. Æskilegt var talið að þær fylgdu skoðunum eiginmanns fremur en sínum eigin. Það hefur reynst erfitt fyrir þær að standa undir væntingum og „líkjast“ ímynd hinnar verulega ýktu, fullkomnu konu. Því má einnig velta fyrir sér hvort nokkurn tíma í mannkynssögunni hafi konur haft raunverulegt vald yfir eigin líkama. Bordo segir að svo virðist sem kvenleiki snúist um að skapa viðeigandi framkomu á yfirborðinu og vísar hún hér í hugmyndir Erving Goffman því til stuðnings. Nú til dags þarf ekki að segja konum hvað er kvenlegt því „við lærum reglurnar beinlínis í gegnum líkamlega orðræðu: með ímyndum sem segja okkur hvaða föt, líkamsvöxtur, svipbrigði, hreyfingar og hegðun sé nauðsynleg“ (1989: 17). Það er greinilegt að stúlkur og konur læra hlutverk sín frá samfélaginu. Það er ekki hægt að fela sig bak við þá staðreynd að staða kvenna hafi ávallt verið bág því mikill fjöldi kvenna hefur staðið upp og ögrað gefnum kynjahlutverkum. Margar konur skortir þó enn kjark og sterkari sjálfsmynd til að gefa viðteknar hugmyndir um þær sjálfar upp á bátinn.

2.2.3 Konur og efnahagsleg þróun

Hnattvæðing hefur haft veruleg áhrif á konur með tilliti til hugmynda um kyngervi auk stöðu þeirra sjálfra. Efnahagsleg þróun getur haft bæði jákvæð og neikvæð áhrif á stöðu kvenna samkvæmt Boserup (1990). Þá segir hún að „algengt sé að þróun bæti stöðu tiltekinnna hópa kvenna en orsaki verri stöðu annarra hópa og að slíkar breytingar séu líklegar þegar efnahagslegur ójöfnuður eykst eða breyting verður á valdasamböndum á milli þjóða eða

etnískra hópa“ (Boserup, 1990: 22-23).⁶ Efnahagslegar breytingar innan Kína hafa gert það að verkum að fólk úr þéttbýli nýtur forréttindastöðu í samfélaginu vegna *hukou*-búsetuskráningakerfisins. Því þurfa farandverkakonur í Kína að lúta í lægra haldi innan borgarsamfélagsins.

Víðast hvar hafa konur aukin tækifæri á að starfa utan heimila sinna. Louise Lamphere, Helena Ragoné og Patricia Zavella (1997) „undirstrika það hvernig efnislegar aðstæður og pólitískur raunveruleiki móta venjur og hegðun kvenna og karla og leggja áherslu á mikilvægi mannlegra atbeina og andófs“ (Lamphere et al., 1997).⁷ Fræðimenn hafa fjallað um það hvernig hnattvæðing hefur haft áhrif á konur úr þróunarlöndum í kjölfar sóknar vestrænna stórfyrirtækja til þessara landa með verksmiðjur sínar (Lamphere et al., 1997; Lim, 1990; Salzinger, 2003). Linda Y. C. Lim (1990) segir slíkar verksmiðjur reiða sig á ódýrt vinnuafli og stór hluti starfsfólks er einhleypar, ungar konur. Takmarkað atvinnuframboð fyrir konur er í flestum þróunarríkjum. Því eru þessar verksmiðjur eftirsóttur vinnustaður þrátt fyrir lág laun og slæmar vinnuaðstæður. Konur eiga þó kost á hærri tekjum í verksmiðjuvinnu heldur en í hefðbundnum kvennastörfum í landbúnaði eða sem húshjálp.

Ímynd karla og félagslega sterk staða þeirra innan samfélaga gera það að verkum að þeir fá almennt hærri laun en konur. Sú staðreynd á við um allan heim og ekki síður innan þróunarsamfélaga á borð við Kína (Boserup, 1990; Lim, 1990). Hins vegar helst efnahagsleg þróun í hendur við aukin tækifæri til menntunar og því eru líkur á að fleiri konur eigi kost á að mennta sig í náinni framtíð. Boserup (1990) bendir á að slík þróun samfélags geri ráð fyrir að stærri hluti þjóðarinnar fái menntun og grunnmenntun verði að lokum gjaldfrjáls. Sú er raunin innan Kína og því er mikill meirihluti þjóðarinnar grunnskólagenginn en hins vegar er það einungis á færi þeirra efnameiri að sækja framhaldsmenntun í mennta- og háskólum (Li, 2004). Iðnvæðing samfélaga getur eflt konur. Hún veitir þeim aukna möguleika til menntunar og starfa utan heimila og ungum konum tækifæri til að skapa sér nýja stöðu innan fjölskyldunnar (Boserup, 1990). Konur eiga kost á að afla sér tekna sem þær geta notað fyrir sig og einnig stutt fjölskyldur sínar með peningagjöfum Lim (1990) segir það samt sem áður ólíklegt að ungar konur nái raunverulega að breyta stöðu sinni innan eigin fjölskyldu og er það miður.

⁶ „...development often improves the position of certain groups of women but causes deterioration for other groups of women, and that such changes are likely when there is increasing economic inequality or a shift of power relations between national or ethnic groups“ (Boserup, 1990: 22-23).

⁷ „...emphasize how material conditions and political realities shape the practices that women and men forge, and we stress the importance of human agency and resistance“ (Lamphere et al., 1997: 1).

2.3 Fólksflutningar og farandverkamennska

Fólksflutningar hafa verið hluti af mannlegri tilveru frá örófi alda um allan heim. Á nýlendumótum færdust þeir hins vegar í aukana, sérstaklega innan stórvelda en einnig á milli ríkja (Ponzanesi, 2002; Vuorela, 2002). Ulla Vuorela (2002) segir að á þessu tímabili hafi aðgangur að auðlindum ákvarðast út frá stéttum og kynþáttum. Nú til dags eru kynþættir ekki eins augljós fyrirstaða mannsæmandi lífskjara, en stéttir ákvarða oft á tíðum hvaða kosti fólk hefur á lífsleiðinni. Stór hluti innflytjenda og farandverkafólks víðs vegar um heiminn situr fastur á botni samfélagsins hvað varðar efnahags- og félagslegar aðstæður og einnig eru líkur á að þessi hópur hafi ekki kost á að bæta stöðu sína í nýja samfélaginu.

Algennt er að fólk sem rannsakar fólksflutninga líti bæði til hreyfanleika (e. *mobility*) og þverþjóðlegra athafna. Þessi ferli eru þá skoðuð út frá sjónarmiði einstaklingsins, auk þess að hentugt getur verið að setja þau í sögulegt samhengi því þar geta þau öðlast nýtt gildi. Fjölmargir einstaklingar um allan heim búa í nýju samfélagi en hafa þó enn afar sterk tengsl við upprunaland sitt. Mikilvægt er að skoða hvort og hvernig það mótar sjálfsmynd einstaklinga. Áhugavert er að skoða hvort fólk sem býr við aðstæður líkt og lýst er hér að ofan upplifi hvort það eigi í raun og veru heima einhvers staðar (Black et al., 2006; Unnur Dís Skaptadóttir, 2010). Þverþjóðlegur veruleiki einkennir því líf fjölmargra einstaklinga. Peggy Levitt og Nina Glick-Schiller (2004) auk Vuorela (2002) eru sammála um að fólk sem flyst á milli landa á þennan máta séu virkir þátttakendur og að margþætt staðsetning þeirra endurspeglar í flóknum sjálfsmyndum einstaklinganna.

Rannsóknir á fólksflutningum eru fremur nýtt fyrirbæri og því hafa fræðimenn á borð við Karen Fog Olwig og Ninna Nyborg Sørensen (2002) lagt til aðferðir sem eiga að gera slíkar rannsóknir markvissari. Þær segja tvær nálganir vera gagnlegar í þessu tilliti. Annars vegar er gert ráð fyrir því fjölbýli (e. *plurality*) sem er algengt í mörgum samfélögum, hvað varðar aðlögun og þá tilhneigingu að innflytjendur hafi bága stöðu í nýja samfélaginu. Hin nálgunin gerir ráð fyrir að einstaklingar geti haldið sambandi við upprunaland sitt og þurfi þar af leiðandi ekki að yfirgefa einn stað fyrir annan. Í báðum tilvikum er því sett spurningarmerki við áætlað samband á milli rýmis og menningar. Þó ber að nefna að ýmsir þættir, til að mynda byggðir á þjóðerni eða kynþætti, geta staðið í vegi samlögunar einstaklinga að nýju samfélagi (2002: 8-9). Unnur Dís Skaptadóttir (2010) bendir á að þessar tilteknu nálganir tengist umræðunni um það hvar fólki finnst það eiga heima (e. *belonging*). Þá er litið á hversu mikil þátttaka einstaklinga er í nýja samfélaginu, en rannsóknir hafa sýnt hversu margbrotin samþætting getur verið í fjölmenningslegum samfélögum (2010: 37). Umræða á borð við þessa dýpkar skilning fólks á þessu fyrirbæri og fær það til að vera opnara

fyrir nýjum hugmyndum og nálgunum. Til að mynda gagnrýna Olwig og Sørensen (2002) ríkjandi hugmyndir um fólksflutninga sem gera ráð fyrir að þetta sé endilega ferli þar sem fólk fer frá einum stað til annars og yfirgefur því fyrra samfélagið. Þær leggja til að frekar sé rætt um færanleg lífsviðurværi (e. *mobile liveliness*) (2002: 1). Það hugtak gefur raunsæja mynd af ástandinu, en ýmsir fræðimenn hafa fjallað um hve algengt það er að einstaklingar flytjast tímabundið á milli staða í von um betri lífskjör og stöðu (Black et al., 2006; Olwig og Sørensen, 2002). Levitt og Glick Schiller (2004) telja að einstaklingar geti viðhaldið tengslum við upprunaríki/-bæ og aðlagast nýju samfélagi á sama tíma. Einnig halda þær því fram að fólk geti verið virkir þátttakendur í báðum samfélögum. Fólksflutningar eru þar af leiðandi hvorki línulaga né raðbundið ferli, heldur getur fólk farið fram og til baka, auk þess að breyta um stefnu (2004: 1011). Hins vegar hefur í kínverska tilfellinu, sem og í Mexíkó svo dæmi séu tekin, verið rætt um ‚hringlaga fólksflutninga‘. Þeir fela í sér að fólk fer frá einum stað til annars og svo aftur heim. Nánast allt kínverskt farandverkafólk snýr aftur til sinna heimahaga á einhverjum tímamarki. Misjafnt er hversu lengi fólk staldrar við í borgunum, en algengast er að sú dvöl sé nokkur ár (Fan, 2003; Ngai, 2005a; Roberts, 1997).

Nú á tímum hnattvæðingarinnar er auðveldara fyrir fólk en nokkurn tíma áður að flytjast á milli ríkja. Við rannsóknir á fólksflutningum er æskilegt er að skoða hvað laðar fólk að nýja ríkinu og einnig hvað ýtir fólki frá heimalandinu. Ýmsar ástæður eru fyrir því að fólk sækir í farandverkamennsku en þó eru það helst efnahagslegir hvatar sem ýta undir fólksflutninga. Ástæður farandverkamennsku eru því taldar vera nátengdar efnahagslegu ástandi í ríkjunum (Baganha et al., 2006: 24; Olwig og Sørensen, 2002: 3). Þetta eru helst einstaklingar að flytjast úr fátækari ríkjum til efnaðri, eða eins og í kínverska tilfellinu fólk að flytjast í efnameiri landshluta. Fólk fer að heiman til að bæta lífskjör sín og sinna. Unnur Dís Skaptadóttir (2010) bendir á að þó fólk fái ekki störf í nýja samfélaginu sem séu í samræmi við menntun þeirra, geti einstaklingar oft bætt kjör sín. Möguleikar á hærri launum eru hvati fyrir fólk að fara til annars lands, enda er nú til dags fremur auðvelt að senda fjármagn á milli ríkja (2010: 43).

Fjöldinn allur af farandverkafólki er búsettur víðs vegar um heiminn og þeim hópi er í raun hægt að skipta í tvennt. Annars vegar er um að ræða ört stækkandi hóp einstaklinga sem hefur sérkunnáttu og getur því sótt um störf sem hæfir menntunarstigi hans. Hinn hópurinn sem er talsvert fjölmennari samanstendur af ómenntuðu fólk úr fátækari löndum sem flytur að heiman til að bæta kjör sín og sinna. Algengt er að farandverkafólk þurfi að setta sig við léleg kjör með tilliti til launa og atvinnu. Stigskipting kapítalísks vinnumarkaðar gerir það að

verkum að þessi hópur fólks er almennt fastur í lægsta launaflokki fyrirtækja (Baganha et al., 2006: 24-25).

Með breyttu samfélags- og fjölskylduformi er nú til staðar mun meira af vinnuafli í heiminum, enda er staðan sú víðs vegar um heim að konur eru ekki lengur fastar inni á heimilum sínum (Fan, 2004; Fu, 2009). Konur eru stór hluti farandverkafólks, en birtingarmynd farandverkamennsku er oft á tíðum ólík hjá kynjunum. Áherslan í þessu riti er á konur þó almennt sé sagt frá þessum fjölmenna hópi í heild sinni. Mary Beth Mills (2003) hefur rætt hlutskipti kvenna á hinum kapítalíska vinnumarkaði sem er víðs vegar um heim nú til dags. Hún staðhæfir að kynjamisrétti sé rótgróið í þennan vinnumarkað og þar að auki skiptist hann enn frekar niður eftir ríkisföngum, stéttum, þjóðernishópum, kynþáttum og trúarbrögðum. Konur eru ekki metnar að sömu verðleikum og karlar að mati Mills. Hún segir algengt að konur þurfi að sætta sig við valdaminnstu störfin innan verksmiðja sem séu þar að auki afar illa borguð. Þrátt fyrir þetta eru konur ekki verst settar launalega séð á heimsmælikvarða sumir farandverkamenn eru enn berskjaldaðri en þær (2003: 42-45). Þorgerður Einarsdóttir (2004) segir hugtakið ‚hin hnattræna umhyggjukeðja‘ (e. *the global care chain*) vera beintengt þessari nýju skiptingu vinnuafls og að hún sýni hvernig hnattvæðing geti stuðlað að varnarleysi tiltekinna hópa kvenna, kynþátta og stétta (2004: 237-238). Varðandi sama viðfangsefni staðhæfir Mills (2003) að söguleg og nákvæm etnógrafísk vinna sé nauðsynleg svo hægt sé að skapa ítarlegri og margbrotnari skilning á kyni og atvinnu í tengslum við hnattræn ferli (2003: 55-56).

2.3.1 Stuðningur við fjölskyldu í heimahögum

Víða um heim tíðkast að brottfluttir einstaklingar og farandverkafólk sendi fjármagn heim til fjölskyldu sinnar. Það er einnig raunin með kínverskt farandverkafólk sem sendir almennt hluta launa til heimahéraðsins. Líkt og minnst var á hér að ofan segja Levitt og Glick Schiller (2004) að fólk geti verið virkir þátttakendur í tveimur samfélögum á sama tíma og það á einnig við um Kína. Farandverkafólk tekur þátt í borgarsamfélaginu og hefur einnig áhrif á lífið í heimabæ sínum. Áhrifanna gætir einna helst í fjárhagslegum stuðningi (Black et al., 2006; Fan, 2008b). Þetta fjármagn er notað til að bæta lífsgæði fólksins sem eftir varð og á að létta undir með þeim, en oft á tíðum er takmarkað framboð atvinnu á dreifbýlli svæðum Kína (A. Chan, 2003; Fan, 2008b). Laun sem send eru í dreifbýlissamfélagið auðvelda fjölskyldum farandverkafólks að lifa sómasamlega. Þeir sem eftir verða reiða sig þar að auki á umrætt fjármagn (Fan, 2008b; Levitt, 2001). Fræðimenn sem hafa rannsakað fólksflutninga hafa

komist að þeirri niðurstöðu að peningasendingar frá brottfluttum einstaklingum gagnist bæði þeim sem eftir verða sem og upprunaríki farandverkafólks (Levitt, 2001; Unnur Dís Skaptadóttir, 2010). Unnur Dís Skaptadóttir (2010) rannsakaði tengsl filippeyskra kvenna sem búsettar eru á Íslandi við heimalandið. Hún segir fólksflutninga frá Filippseyjum hafa verið umfangsmikla en að efnahagur landsins reiði sig að einhverju leyti á peningasendingar og því sé mikil áhersla lögð á að halda tengslum við brottflutta (2010: 37). Í umræðu Levitt (2001) um þverþjóðleika kemur fram að í Miraflores, sem er hverfi í höfuðborg Dómíníska lýðveldisins, þiggi yfir helmingur heimila peningasendingar frá fólki sem hafi flust til Bandaríkjanna. Einnig tekur hún fram að á sumum heimilum sé það fjármagn afar há prósent af þeim peningum sem fjölskyldurnar hafi til umráða í hverjum mánuði (2001: 200).

Peningasendingar eru mikilvægar fyrir þau heimili sem þiggja fjármagnið. Þetta fyrirbæri er talið vera til marks um fórnfýsi og skyldurækni. Líkt og fram kom hér að ofan tíðkast þetta um allan heim, en erfitt er að áætla hversu mikið af fjármunum eru sendir á milli landa í þessum tilgangi. Samt sem áður bendir Fan (2008b) á að niðurstöður rannsókna innan Kína sýni að algengt sé að peningasendingar séu yfir tuttugu prósent af heildarinnkomu fjölskyldna farandverkafólks (2008b: 78). Í umræðu Kam Wing Chan (2010) um þetta fyrirbæri kemur fram að hlutfallið geti verið mun hærra, eða allt að fjórtíu prósent af heildarinnkomu heimilanna (2010: 669). Ýmsir sem rannsakað hafa þetta fyrirbæri eru sammála um að viss samkvæmni sé í því hvernig fjármagnið er notað. Þar má nefna margvíslegan stuðning við heimilishaldið auk þess að peningasendingar eru oft á tíðum nauðsynlegar fyrir heimilishaldið (Black et al., 2006; Fan, 2008b; Vertovec, 2004). Umrætt fjármagn hefur einnig eflt efnahag ríkja, líkt og sagt hefur verið frá. Algengt er að fólk sem rannsakar fólksflutninga líti bæði til hreyfanleika (e. *mobility*) og þverþjóðlegra athafna. Þessi ferli eru þá skoðuð út frá sjónarmiði einstaklingsins, auk þess að hentugt getur verið að setja þau í sögulegt samhengi því þar geta þau öðlast nýtt gildi. Fjölmargir einstaklingar um allan heim búa í nýju samfélagi en hafa þó enn afar sterk tengsl við upprunaland sitt. Mikilvægt er að skoða hvort og hvernig það mótar sjálfsmynd einstaklinga. Áhugavert er að skoða hvort fólk sem býr við aðstæður líkt og lýst er hér að ofan upplifi hvort það eigi í raun og veru einhvers staðar heima (Black et al., 2006; Unnur Dís Skaptadóttir, 2010). Þverþjóðlegur veruleiki einkennir því líf fjölmargra einstaklinga. Levitt og Glick Schiller (2004) auk Vuorela (2002) eru sammála um að fólk sem flyst á milli landa á þennan máta séu virkir þátttakendur og að margþætt staðsetning þeirra endurspeglar í flóknum sjálfsmyndum einstaklinganna.

2.3.2 Þverþjóðlegar mæður

Ýmsir fræðimenn hafa staðhæft að hnattvæðing hafi aukið möguleika á fólksflutningum. Þar að auki hafa ofangreind fyrirbæri í vissum tilvikum stuðlað að öðru fjölskylduformi en tíðkaðist áður fyrr. Þar af leiðandi er algengara í dag að annað foreldri flytjist til annars lands til að sjá fjölskyldu sinni farborða. Þó ástæður farandverkamennsku séu efnahagstengdar eru birtingarmyndir hennar ólíkar hjá kynjunum, en hvati kvenna miðast fremur út frá því að bæta líf fjölskyldna sinna (Black et al., 2006; Suárez-Orozco, Bang og Kim, 2010).

Olwig og Sørensen (2002) segja að einstaklingar geti verið þátttakendur í fleiri en einu samfélagi hverju sinni og því þurfi fólk ekki að rjúfa tengsl við upprunaríki sitt þó það sé innlimað í nýtt samfélag (2002: 5). Steven Vertovec (2004) staðhæfir að nú til dags sé auðveldara fyrir einstaklinga að viðhalda tengslum við upprunaríki sitt annars staðar frá. Hann segir fólk í þeirri stöðu oft hafa tvöfalda (e. *bifocal*) sýn á umheiminn, en það þýðir að viðkomandi ber saman nýja og gamla samfélagið í daglegu lífi. Reyndar hafa þeir sem eftir verða sambærilega sýn, enda má segja að líf þeirra einkennist einnig af þverþjóðlegum raunveruleika (2004: 976-977). Glick Schiller (2003) segir þó að þetta sé flókið fyrirbæri og því ekki hægt að alhæfa um það. Þó farandverkafólk og mæður haldi tengslum við upprunaríki sitt vegna fjölskyldutengsla þá hafa ekki allir brottfluttir einstaklingar sömu áherslur. Nú til dags þegar fjöldinn allur af einstaklingum býr í þverþjóðlegum samfélögum ættu rannsakendur að leggja frekari áherslu á greiningu við rannsóknir á fólksflutningum að mati Levitt og Glick Schiller (2004: 3). Unnur Dís Skaptadóttir (2010) telur að undanfarin ár hafi rannsakendur farið að einbeita sér fremur að því að skoða valdaójafnvægi og innri virkni innan þjóða og etnískra hópa. Misræmi innan slíkra hópa getur verið byggt á kyni, kynþætti eða aldri og er eldra fólk þá valdameira (2010: 38). Niðurstöður rannsóknar sem Unnur Dís Skaptadóttir og Anna Wojtyńska (2008) framkvæmdu gáfu til kynna að kyn væri veigamikill þáttur hvað varðar fólksflutninga og búsetumynstur og að þeirra mati veitir kynbundin greining aukna vídd í rannsóknir á fólksflutningum (2008: 81-83).

Áður fyrr voru það helst karlmenn sem stunduðu farandverkamennsku, en í dag er orðið algengara að konur fari til efnaðri ríkja og starfi þá til að mynda við umönnun. Farandverkamennskan markar oftast tímabil í lífi þessara mæðra því flestar gera ráð fyrir að snúa aftur heim á einhverjum tímapunkti. Reyndar hefur einnig tíðkast að fjölskyldur séu sameinaðar á erlendri grund, en það er síður en svo sjálfgefið að sá möguleiki sé fyrir hendi. Ef svo er tekur þetta ferli mörg ár og hefur áhrif á tilfinningalegt samband þverþjóðlegra mæðra við börnin sín. Þrátt fyrir að ofangreindur aðskilnaður sé fastur þáttur í lífi

farandverkafólks benda Carola Suárez-Orozco et al. (2010) á að hann hafi samt sem áður sálræn áhrif á þverþjóðlegar fjölskyldur.

2.4 Kína

2.4.1 Kínverskir stjórnarhættir í sögulegu samhengi

Stjórnfyrikomulag innan Kína hefur breyst umtalsvert síðastliðna öld. Í yfir tvö þúsund ár höfðu keisaraveldi verið við lýði í landinu, en það síðasta leið undir lok í upphafi tuttugustu aldarinnar. Þá tók við lýðveldið Kína sem varði í innan við hálfa öld. Á þeim tíma var ástandið nokkuð eldfimt og borgarastyrjöld geisaði þar frá árinu 1927-1950. Ráðandi öfl í stýrjöldinni voru kommúnistarnir og KMT (Kuomintang), þjóðernissinnar, en eftir áralanga baráttu stóðu þeir fyrrnefndu undir stjórn Maó Zedong uppi sem sigurvegarar. Eftir kommúnistabyltinguna árið 1949 var mikil áhersla lögð á sósíalíska hugsun, en ýmislegt breyttist eftir lát Maó þegar Deng Xiaoping kynnti opingáttarstefnuna (e. *open-door policy*) árið 1978 (Spence, 1999). Hún fól í sér umfangsmiklar breytingar á efnahagsmálum ríkisins. Stefna stjórnvalda einkenndist af sósíalisma með áherslu á markaðshyggju og því var ekki lengur hægt að flokka Kína sem kommúnískt ríki (Fan, 2003; C. Gu og Shen, 2003; Myerson et al., 2010; Ngai, 2005a). Stjórnarfar í Kína hefur verið skilgreint sem „sósíalismi með kínverskum einkennum“. Með því er átt við að yfirvöld geti viðhaldið formlegu eftirliti með íbúum landsins, líkt og hafði tíðkast á valdatíma Maó, og um leið lagt áherslu á hina miklu markaðshyggju sem hefur verið einkennandi í Kína undanfarna áratugi (Fan, 2003).

Í dag er auðvelt að sjá þau áhrif sem stjórnvöld hafa á daglegt líf kínversku þjóðarinnar. Því er áhugavert að setja hugmyndir Foucault um vald í kínverskt samhengi. Í þeirri umræðu er hægt að tengja hugtök á borð við yfirvald (e. *governmentality*) og lífvald (e. *biopower*) bæði við *hukou*-búsetuskráningarkerfið og einbirnisstefnuna. Á meðan *hukou*-kerfið hefur einkar mikil áhrif á fólk sem er með dreifbýlisskráningu, mótar einbirnisstefnan líf allra Kínverja (Dreyfus og Rabinow, 1982). Kínverskir borgarar eru beittir miklu lífvaldi af stjórnvöldum og eitt þeirra tóla/tækja sem kínverski kommúnistaflokkurinn notar til að stjórna fólki er *hukou* búsetuskráningarkerfið. Umrætt kerfi ýtir undir stigskiptingu kínversks samfélags auk þess að stjórna búsetu fólks og ákvarða þar af leiðandi í raun afkomu og lífsgæði þeirra (Turner, 1999). Búsetuskráningarkerfið hefur verið við lýði síðan um miðja síðustu öld og vegna þess þykir mörgum ekkert athugavert við þá staðreynd að stjórnvöld reyni að stjórna því hvar fólk býr. Í dag eru háværi raddir en áður sem segja *hukou*-kerfið brjóta á mannréttindum einstaklinga, en kerfið hefur að einhverju leyti samtvinnast daglegu

lífi í Kína. Fólk hefur lengi þekkt þær aðstæður að ráða ekki búsetu sinni og að ef það kýs að fara að heiman missir það réttindi sín. *Hukou*-kerfið hefur því áhrif á hugsanahátt fjölmargra einstaklinga (Fan, 2008b; Windrow og Guha, 2005), rétt eins og konfúsíusismi hefur gert frá örófi alda.

Konfúsíusismi er samofinn kínverskri menningu og hugsunarhætti. Hann hefur verið opinber heimspeki Kínverja í rúm tvö þúsund ár, eða síðan Kína var sameinað árið 221 f.Kr (Turner, 1999). Þrátt fyrir að þessi hugmyndafræði hafi að vissu leyti gegnt hlutverki trúarbragða innan Kína, er um að ræða siðareglur Konfúsíusar og fylgismanna hans. Samt sem áður staðhæfir Xinzhong Yao (2000) að konfúsíusismi „sé meira en sameiginleg gildi hóps af fólki. Hann felur í sér félags- og stjórnáttengda þætti, siðferðilega hugsun og trúarlega hefð. Hlutverk hans er að þjóna sem undirliggjandi hugmyndafræði og lífsregla sem hefur mikil áhrif á lífsmáta í Kína“ (2000: 31).⁸ Konfúsísk hugsun leggur áherslu á fórnfýsi, dyggðir og siðgæði í hugsun og hegðun einstaklinga (*Speki Konfúsíusar*, 2006; Yao, 2000). Einnig er réttsýn stjórnsýsla upplýstra ríkisleiðtoga og embættismanna talin mikilvæg. Svo lengi sem stjórnvöld tryggja friðsæld, öryggi ríkisins og hafa hagsmuni almennings að leiðarljósi hafa þau „umboð himinsins“ til að stjórna kínverska ríkinu (*Speki Konfúsíusar*, 2006). Þjóðin getur kallað á nýja stjórn eða leiðtoga ef álitid er að stjórnvöld séu ekki að sinna skyldum sínum gagnvart borgurum. Því vita stjórnáttaleiðtogar í Kína að hægt er að steypa kommúnistaflokknum af stóli ef almenningur er ósáttur með störf hans. Þar af leiðandi gera valdhafar sér fyllilega grein fyrir að þetta er tímabundið ástand, en reyna þó að láta það vara eins lengi og hægt er (Fan, 2003; *Speki Konfúsíusar*, 2006). Áhrif stjórnvalda er að finna víðast hvar í kínversku samfélagi og móta þau líf Kínverja á fjölbreytilegan hátt, líkt og minnst var á hér að ofan með tólum eða tækjum til stjórnunar á borð við *hukou*-kerfið og einbirtisstefnuna (Turner, 1999; F. Wang og Zuo, 1999).

Visst yfirvald og stjórnun hugarfars, auk lífvalds, á sér stað innan Kína. Það sést til að mynda á því að einstaklingum finnst almennt ekki athugavert hve mikil afskipti ríkið hefur af daglegu lífi fólks (Milchman og Rosenberg, 2005). Lífvald er einnig rótgróið í hefðum og venjum kínversks samfélags og hefur verið til staðar svo öldum skiptir (Turner, 1999). *Hukou*-kerfið er gott dæmi um beitingu lífvalds, en stjórnvöld reyna að hafa stjórn á hreyfanleika og búsetu þjóðarinnar í orðsins fyllstu merkingu. Einnig ákvarða þau lífsgæði fólks upp að vissu marki því það skiptir máli hvar einstaklingar eru skráðir til heimilis og þeir

⁸ "In fact, it is more than the values of a group of people. It contains a socio-political programme, an ethical system, and a religious tradition. It functions as an underlying ideology and a guiding principle permeating the way of life in China" (Yao, 2000: 31).

njóta fríðinda eftir búsetustað. Einbirnisstefnan er einnig form lífvalds, en hún takmarkar barneignir Kínverja. Ör fólksfjölgun, sem hafði lengi verið til staðar innan Kína, var ástæða þess að umrædd stefna var sett á laggirnar. Með tilkomu stefnunnar náðu stjórnvöld að draga verulega úr fólksfjölgun, en hvert par mátti einungis eignast eitt barn. Reyndar þekktust undantekningar og etnískir minnihlutahópar áttu auðveldara með að fá undanþágu frá reglunni, sem og ef fyrsta barn hjóna var verulega fatlað (Fong, 2008; Kane og Choi, 1999). Eins og merkja má ná stjórnvöld að viðhalda aga og beita valdi með ofangreindum tólum eða tækjum. Það má velta því fyrir sér hvort hægt sé að líkja þeirri agatækni sem kínversk stjórnvöld beita í tengslum við bæði *hukou*-kerfið og einbirnisstefnuna við hugmyndina um alsæisbygginguna (Foucault, 1977), sem áður var nefnd. Líkt og fram hefur komið fól hugmyndin um alsæisbygginguna í sér að fangarnir agi sig sjálfir fyrir þær sakir að það sé stöðugt verið að fylgjast með þeim. Í kínversku samfélagi er það þekkt staðreynd að stjórnvöld fylgist vel með þjóðinni og eru ofangreind tæki til stjórnunar góð dæmi um slíkt. Í dreifbýli er í raun ekki mikið eftirlit með því hvort einstaklingar framfylgja einbirnisstefnunni. Sú vitneskja að yfirvöld geti mögulega verið að fylgjast með hefur þau áhrif að fólk takmarki frekar barneignir sínar. Sama má segja um *hukou*-kerfið, fólk veit að mögulega verði það verði sektað og sent til síns heima ef það býr ólöglega í annarri borg. Því reyna einstaklingar að fá tímabundið búsetuleyfi á viðkomandi stað. Einn helsti hvati fólks til að fylgja reglum er sú staðreynd að það getur fengið afar háar sektir sem erfitt getur reynst að standa skil á. Samt sem áður koma *hukou*-kerfið og einbirnisstefnan hvorki í veg fyrir fólksflutninga né barneignir, en þau draga samt sem áður úr fólksfjölda og flæði fólks innan ríkisins (Fan, 2008b; Fong, 2008; F.-l. Wang, 2005).

2.4.2 Farandverkafólk innan Kína

Umfangsmiklar efnahags- og félagslegar breytingar átt sér stað undanfarna áratugi innan Kína, líkt og fram hefur komið. Ríki á borð við Indland og Tyrkland hafa gengið í gegnum sambærilegar breytingar, auk annarra þróunarlanda. Efnahagslegar umbætur hafa ýtt undir stórtæka fólksflutninga innan þessara ríkja, sérstaklega úr sveitum til borga. Farandverkamennska er því orðin formfastur þáttur í daglegri tilveru innan ofangreindra ríkja (Suárez-Orozco et al., 2010: 26). Þetta er síður en svo nýtt fyrirbæri í kínversku samfélagi, en fólksflutningar innan Kína færðust í aukana í byrjun áttunda áratugarins þegar Deng Xiaoping, þáverandi leiðtogi landsins, kynnti opingáttarstefnuna sem sagt var frá hér að ofan (C. Gu og Shen, 2003; Ngai, 2005a). Fræðimenn hafa gengið svo langt að halda því fram að

fólksflutningar úr kínverskum sveitum til borga séu þeir umfangsmestu í mannkynssögunni. Hvati þessarar þróunar hefur helst verið þær umbætur sem orðið hafa í kjölfar markaðshyggju síðastliðinna þrjátíu ára og að Kína er ekki lengur formlegt kommúnistaríki (Roberts, 1997; L. Zhang, 2001). Þessi stefna ríkisins hefur umbreytt efnahag Kína. Flestar fjölskyldur í dreifbýli búa við tiltölulega mikla fátækt en sum heimili þó betur stað fjárhagslega en áður (Li, 2004). Framboð á vinnuafli í dreifbýli er umfram þau störf sem í boði eru og möguleikinn á hærri tekjum laðar fólk að þéttbýlinu. Farandverkafólki innan Kína hefur verið líkt við gestaverkamenn í öðrum löndum fyrir sakir stöðu þeirra vegna *hukou*-kerfisins. Verkafólkið dvelur tímabundið í borgunum og heimamenn sækjast eftir vinnuframlagi en ekki búsetu þeirra til lengri tíma (K. W. Chan, 2010; Roberts, 1997, 2002). Fan (2003) segir ástandið í Kína nú til dags vera á þann veg að fólk úr dreifbýli getur ekki lengur reitt sig á aðstoð frá ríkinu. Á kommúnistatímanum voru kommúnur og samyrkjubú víðast hvar á landsbyggðinni, en eftir að þau voru lögð af varð fólk að sjá um sig sjálft. Því er farandverkamennska oft á tíðum hagkvæmasti eða jafnvel eini kosturinn fyrir fólk í dreifbýli til að vænka hag sinn og bæta lífskjör fjölskyldna sinna. Fan staðhæfir því að kínversk stjórnvöld leggi gríðarmikla áherslu á efnahagsvöxt á sama tíma og þau vilji ekki gefa eftir það vald sem þau hafa yfir íbúum (2003: 27).

Í stuttu máli þá er farandverkafólk þeir einstaklingar sem flytjast úr sveitum til borga innan Kína og hafa ekki þéttbýlisskráningu vegna *hukou*-kerfisins (K. W. Chan, 2010; L. Zhang, 2001). Í kínversku samfélagi er talað um farandverkafólk sem tímabundna íbúa vegna þeirrar staðreyndar hversu litlar líkur eru á að fólk úr dreifbýli verði í borgunum til frambúðar (K. W. Chan og Zhang, 1999). Farandverkafólk innan Kína er einnig kallað „fljótandi íbúar“, en það eru einstaklingar sem hafa verið búsettir í að minnsta kosti sex mánuði annars staðar en *hukou* þeirra segir til um. Vegna þeirra er erfitt að áætla hversu margir eru búsettir í borgunum, en fljótandi íbúa er að finna í öllum héruðum landsins (Fan, 2003, 2008b; Zai og Zhongdong, 2004). Stærstur hluti fljótandi íbúa er farandverkafólk, en þó ekki allir. Einnig er þetta orð notað yfir fólk sem ferðast eða flyst á milli staða vegna vinnu eða náms, enda eru þeir einstaklingar ekki með formlega skráningu þar sem þeir dveljast. Þó þessi hópur samanstandi af mörgum einstaklingum úr ólíku umhverfi með misjafnan bakgrunn eiga þeir það sameiginlegt að sækjast eftir að bæta lífskjör sín með því að flytja til borganna (Roberts, 1997; L. Zhang, 2001).

Erfitt er að áætla hversu margir einstaklingar úr dreifbýli búa nú í kínversku þéttbýli, en vitað er að sá hópur er gríðarlega fjölmennur (K. W. Chan, 2010; Fu, 2009). Dorothy J. Solinger (2006) segir lauslegt mat gera ráð fyrir að 100 til 200 milljónir farandverkafólks sé

innan Kína, en heildarfjöldi Kínverja er 1,3 milljarður manna (2006: 179). Ekki eru til tölur frá öllu landinu og meira er vitað um fjölda farandverkafólks í stórborgum á borð við Peking og Sjanghæ. Til dæmis bendir Diana Fu (2009) á að árið 2004 hafi þrjár milljónir íbúa Peking verið með dreifbýlisskráningu, sem jafngildir 22% íbúa borgarinnar (2009: 532). Samkvæmt Kenneth D. Roberts (2002) er enn hærra hlutfall í Sjanghæ eða einn fljótandi íbúi á móti hverjum löglegum íbúa (2002: 492). Þessar tölur virðast vera í samræmi við staðhæfingu Feng Wang og Xuejin Zuo (1999) sem segja að einn af hverjum fimm íbúum stærstu borga Kína sé farandverkamaður. Að mati Fan (2003) er nauðsynlegt að skoða stöðu kynjanna til að geta skilið þær breytingar sem hafa átt sér stað innan Kína undanfarna áratugi (2003: 25).

Staða kvenna í hinu hefðbundna kínverska samfélagi var önnur en hún er í dag. Nú hafa konur aukna stjórn á eigin lífi og meira svigrúm til að sinna sjálfum sér. Hins vegar eru gömlu gildin og viðmiðin enn áberandi í dreifbýlinu þar sem enn er ætlast til þess að konur giftist ungar. Því eiga farandverkakonur að snúa aftur til heimahaganna þegar þær ná tilteknum aldri. Þar af leiðir, segir Fan (2003, 2008b), að meðalaldur kvenna í farandverkamennsku er lægri en hjá körlum. Reyndar þekkist einnig að fólk dvelur áfram í borgum eftir giftingu og þá er allur gangur á því hvort makinn er í borginni eða heimabænum. Ef fólk á hins vegar börn eru mestar líkur á að þau verði eftir í heimahéraðinu hjá ættingjum, enda hafa börnin rétt á menntun og heilsugæslu þar (Fan, 2003, 2008b). Ekki er hægt að segja að farandverkafólk sé þung byrði á ríkinu, enda á þessi hópur hvorki rétt á húsnæðis- né atvinnuleysisbótum vegna *hukou*-kerfsisins. Einnig eykur þessi hópur skatttekjur viðkomandi samfélags því ódýrt vinnuafli laðar að erlend stórfyrirtæki (A. Chan, 2003; Fan, 2003; Ngai, 2004, 2005a).

Í umræðunni innan Kína er almennt fjallað um fólksflutninga sem jákvæðan þátt kínversks samfélags, enda eru þeir taldir ýta undir efnahagsvöxt innan borganna og stuðla að aukinni þéttbýlismyndun (Fan, 2008b; Ngai, 2004). Samt sem áður er mikið um fordóma gagnvart dreifbýlisbúum innan borganna og það hefur áhrif á sjálfsmynd farandverkafólks. Þrátt fyrir framlag farandverkafólks til uppbyggingar kínverskra borga gera viðhorf borgarbúa til þessa hóps aðlögun þeirra að borgarsamfélaginu erfiðari. Stofnanabundnir og félagslegir þættir stuðla að ástandi þar sem farandverkafólk þarf að setta sig við mismunun, áreiti og jafnvel ofbeldi. Þetta nýja vinnufyrirkomulag býður hins vegar upp á hraða og ákafa iðnvæðingu sem er markmið stjórnvalda (Fan, 2004; Solinger, 2006).

F. Wang og Zuo (1999) telja mikilvægt að skoða hvort kínverskt farandverkafólk sé í sambærilegri stöðu og farandverkafólk annars staðar. Að mati Fan (2004) er ástandið í Kína einstakt með tilliti til farandverkafólks þegar litið er til þess hversu stórt hlutverk kínversk

stjórnvöld hafa í þessu ferli. Segja má að þessi hópur standi ávallt verr að vígi en aðrir innan kínversks borgarsamfélags vegna landfræðilegs uppruna síns. Kínverskt farandverkafólk kemur úr samfélagi þar sem tvískipting eða tvíhyggja hefur tíðkast árbúsundum saman. Kínversk aðgreining í þétt- og dreifbýli hefur sögulega séð verið byggð á landfræðilegum þáttum og gerir það í raun enn, auk þess að þættirnir sem aðskilja fólk í borgum eru einnig félags- og efnahagslegir. Því er afar erfitt fyrir farandverkafólk að samlagast borgarsamfélaginu og vera tekið sem gildum borgarbúum af þeim sem fyrir búa í viðkomandi borgum (K. W. Chan og Zhang, 1999: 830; F. Wang og Zuo, 1999: 278-279).

Þrátt fyrir bága félagslega stöðu innan borga, erfiðleika varðandi samlögun og flókið fjölskylduform flytur gríðarmikið af farandverkafólki úr sveitum í þéttbýli innan Kína. Segja má að flutningur þess til borga og stundun farandverkamennsku sé merki um andóf (e. *resistance*) af hálfu þessa hóps. Ortner (2006) segir andóf vera svar við ráðandi menningu, en líkt og fram kom hér að ofan eru umræddar konur að ögra gefnum kynjahlutverkum með því að fara að heiman og standa á eigin fótum. Atbeini (e. *agency*) þeirra kemur fram á þennan hátt þegar þær brjóta upp normið og skapa sér nýja sjálfsmynd sem nútímavæddar konur, öfugt við hlýðnar stúlkur í sveitinni (Fan, 2003; Ortner, 2006: 44, 57). Þrátt fyrir að konur sem stunda farandverkamennsku og flytjast til þéttbýlisins séu ekki í formlegri uppreisn þá sýnir hegðun þeirra andóf. Þær rísa gegn feðraveldinu á ofangreindan hátt, auk þess að bjóða stjórnvöldum birginn með því að flytjast til borganna þrátt fyrir að hafa ekki búsetuskráningu þar. Í umræðu sinni minnst Ortner (2006) á andóf smábænda, en það er spurning hvort kínversk farandverkamennska meðal kvenna falli að einhverju leyti undir þá skilgreiningu. Varðandi ráðandi menningu eru það nútímavæddar borgir og lífsstíll sem þar þekkist þar sem trekkir að smábændur. Og ekki má gleyma auknum möguleika þeirra á fjáröflun og bættum lífsgæðum fjölskyldum þeirra til handa (Fu, 2009; Ortner, 2006).

Hægt er að líkja saman stöðu kínversks farandverkafólks við aðstæður WoDaaBe fólksins í Níger, en Kristín Loftsdóttir (2004, 2008) framkvæmdi rannsókn meðal þeirra. Umræddur hópur eru hirðingjar sem sótt hafa í farandverkamennsku í auknum mæli til að hópurinn í heild sinni geti viðhaldið sjálfsmynd sinni og lífsstíl. Þá starfa einstaklingar úr þeim hópi tímabundið í borginni og afla fjár til að hjálpa þeim sem eftir verða. Líkt og hjá þeim kínversku flokkast farandverkamennska meðal WoDaaBe sem eins konar hringlaga fólksflutningar (e. *circular migration*). Fólk fer í borgirnar með það markmið að snúa aftur heim á einhverjum tímapunkti, en þó þekkist að einstaklingar dvelji í borginni til lengri tíma (Kristín Loftsdóttir, 2008; Roberts, 1997, 2002; F. Wang og Zuo, 1999). Kínversku farandverkafólki hefur einnig verið líkt við ólöglega innflytjendur frá Mexíkó sem halda til

Bandaríkjanna. Meirihluti þess fólks snýr aftur til síns heima að lokum og eru ferlin því hringlaga í báðum tilfellum. Of mikið framboð af vinnuafli er á upprunastaðnum og það ýtir undir farandverkamennsku meðal fólks. Verulegur munur er á lífsgæðum og launum á uppruna- og áfangastað, en þessir staðir eru í nokkuð mikilli nálægð hvor við annan, öfugt við fólk sem flyst á milli heimshluta. Vissar hömlur eru hins vegar á áfangastaðnum sem koma að miklu leyti í veg fyrir að fólk setjist að til lengri tíma. Ofangreindir þættir hvetja fólk til þess að fara að heiman, en sjá um leið til þess að fólk flengist ekki í borgunum (Roberts, 1997; F. Wang og Zuo, 1999).

Nauðsynlegt er fyrir farandverkafólk að verða sé úti um vinnu ef það ætlar að vera búsett í borgunum. Örvænting þeirra sést til að mynda í þeirri staðreynd að þessi hópur stundar atvinnu sem borgarbúar líta almennt ekki við og einnig sætta þau sig við lægri laun en gengur og gerist í kínversku borgarsamfélagi. Auk þess á farandverkafólk ekki kost á aðstoð frá ríkinu líkt og borgarbúar sem eiga rétt á atvinnuleysisbótum auk félagslegrar þjónustu og heilsugæslu (K. W. Chan, 2010; Fan, 2008b; L. Zhang, 2001). Þá eru peningasendingar til heimahéraðsins mjög mikilvægar fyrir fjölskyldur farandverkafólks og því kemur það einkar illa við farandverkafólk að missa atvinnu sína í borgunum (K. W. Chan, 2010).

Algengt er að vinnumarkaður verði stigskiptur í samfélögum þar sem miklar efnahagsbreytingar eiga sér stað. Þá eru það ráðandi hópar, eða í kínverska tilfellinu fólk úr þéttbýli, sem á kost á betri atvinnu (Boserup, 1990; F. Wang og Zuo, 1999). Slík stéttaskipting á vinnumarkaði á sér stað í þéttbýli um landið allt. Borgarbúar líta almennt ekki við þeim störfum sem eru í boði fyrir dreifbýlisbúa. Þær aðstæður sem farandverkafólk starfar við eru oftast en ekki slæmar og langir vinnudagar, lág laun, óvissan um hvort fólk fær yfirleitt greidd. Farandverkafólk hefur því leyfi til að starfa í borgum án þess að hljóta sömu fríðindi og borgarbúar, en þegar fólk hefur komið sér í góða stöðu geta vinnuveitendur útvegað þeim *hukou*-skráningu í viðkomandi borg (K. W. Chan, 2010; Roberts, 1997; Solinger, 2006; F. Wang og Zuo, 1999; L. Zhang, 2001). Verulegur launamunur er á milli fólks úr borg og sveit innan Kína. Samkvæmt Fan (2008b) segja kínversk stjórnvöld að tekjur borgarbúa séu fimm til sex sinnum hærrí en tekjur fólks úr dreifbýli. Því er augljóst að mikill ójöfnuður er í kínversku samfélagi (2008b: 79). Auk þess hafa kynin ólíka stöðu á vinnumarkaðnum hvað varðar atvinnutækifæri og algengt er að karlar fái betur greitt en konur fyrir sömu vinnu (Boserup, 1990; Fan, 2003; F. Wang og Zuo, 1999).

Slæm meðferð farandverkafólks á vinnustað er algeng í Kína. Nokkuð algengt er að vinnuveitendur haldi eftir hluta launa eða taki nauðsynleg gögn, eins og skráningarskírteini, frá farandverkafólkinu. Með því er séð til þess að þau geti ekki sagt upp starfi sínu, en

ólöglegt er að ganga á götum úti án slíkra gagna og getur farandverkafólkið því komist í klandur ef það er stöðvað af lögreglu án búsetuskráningarskírteinis (A. Chan, 2003; Fan, 2003). Óstöðug atvinna og ægivald atvinnurekenda yfir ódýru vinnuafli verður til þess að lítið er um að Kínverjar mótmæli eða stofni stéttafélög (A. Chan, 2003; Ngai, 2004, 2005a). Samkvæmt Anita Chan (2003) snúast mótmæli farandverkafólks, þegar þau eiga sér stað, helst um vangoldin laun en fela almennt ekki í sér kröfur um hærri laun eða betri aðstæður á vinnustað (2003: 10).

Farandverkafólk innan Kína virðist vera búsett í borgunum en það á ekki raunverulega heima þar. Levitt og Glick Schiller (2004) eru á sömu nótum og segja það að eiga heima einhversstaðar feli í sér meðvituð tengsl við tiltekinn hóp (2004: 1010). Unnur Dís Skaptadóttir (2010) hefur velt upp þeirri spurningu á hvaða forsendum það sé ákvarðað hvort einstaklingar eru taldir með í samfélaginu eða þeir upplifi útilokun (Unnur Dís Skaptadóttir, 2010: 38). Í kínverska tilfellinu eru landfræðilegir þættir notaðir til aðgreiningar á milli einstaklinga í borgarsamfélaginu og þar af leiðandi til útilokunar hóps einstaklinga. Líkt og sagt hefur verið frá hér að ofan eru fjölmargar ástæður fyrir því að farandverkafólk á erfitt uppdráttar innan kínverskra borga og jaðarstaða þeirra hefur mikil áhrif á sjálfsmynd þessa fjölmenna hóps.

3 Aðferðafræði

3.1 Etnógráfía og vettvangsaðferðin

Mannfræðilegar rannsóknir eru fjölbreytilegar, en algengt er að rannsakendur notist við etnógráfíu. Það er aðferðafræði sem býr yfir mörgum möguleikum og er þar að auki opin fyrir breytingum í rannsóknarferlinu. Mannfræðilegar rannsóknir eru oft á tíðum byggðar á vettvangsathugun. Þá dvelur rannsakandi á vettvangi í tiltekinn tíma, tekur þátt í daglegu lífi fólks, spyr spurninga, fylgist með og skráir hjá sér upplýsingar (Hammersley og Atkinson, 2007). Karen O'Reilly (2005) segir að samskipti á vettvangi séu á þann veg að mikil nálægð geti myndast á milli rannsakanda og þátttakenda, en umrædd nálægð hefur verið talin bæði kostur og galli vettvangsrannsókna. Gallinn er helst fólgin í því að vettvangsrannsóknir byggist að miklu leyti á persónulegri túlkun og því telja sumir að það dragi úr vísindalegu gildi þeirra. Það er hins vegar kostur að etnógráfískar rannsóknir verði persónulegar og veiti rannsakanda þar af leiðandi annars konar aðgang og innsýn í heim þeirra sem verið er að rannsaka. Þá bendir Kristín Loftsdóttir á að etnógráfía sé „dýnamískt og gagnvirkt ferli sem felur í sér ákveðin tengsl á milli rannsakanda og þeirra sem eru viðfangsefni rannsóknarinnar“ (2010: 22).

Rannsóknarferlið getur verið flókið og síður en svo línulaga. Innan etnógráfíu er gert ráð fyrir að áherslur, rannsóknarspurningar og stefna geti breyst á meðan á rannsókn stendur (Hammersley og Atkinson, 2007). Rannsakandi er með fyrirframgefnar hugmyndir um vettvanginn og einstaklinga á vettvangi, en þær hugmyndir geta verið ólíkar raunveruleikanum. Því skráir hann hjá sér sínar hugmyndir og afstöðu áður en hann fer á vettvang. Ritaðar heimildir og fræðigreinar um viðfangsefnið hafa áhrif á hugmyndir rannsakanda og því er gagnlegt að átta sig á eigin hugmyndum áður en rannsóknin sjálf hefst (O'Reilly, 2005).

Kostir etnógrafiunnar eru ýmsir. Rannsakandi fylgist með fólki í daglegum athöfnum, viðmælendur eru almennt fáir, gagnaöflun er opið ferli og byggist ekki á einni ákveðinni aðferð heldur er hægt að nota bæði athugun og viðtöl. Dvalið er á vettvangi í lengri tíma og rannsakandinn getur því fremur verið viss um réttmæti þess sem viðmælendur segja heldur en ef notast er við spurningalista. Því eru auknar líkur á að sá sem stendur að baki rannsókninni sjái atburði sem eiga sér stað á vettvangi í réttu ljósi. Einnig er úrvinnsla gagna byggð á túlkun rannsakanda þar sem hegðun, orðræða og aðstæður eru skoðaðar. Etnógráfían er því

hentug rannsóknaraðferð fyrir fjölbreytilegar rannsóknir (Hammersley og Atkinson, 2007; O'Reilly, 2005). Samkvæmt Steven J. Taylor og Robert Bogdan (1998) á rannsakandi að reyna að ákvarða stað og stund fyrir viðtöl og vettvangsathuganir. Því má ekki láta þátttakendur stjórna rannsókninni um of, en þó er æskilegt að taka tillit til þarfa viðmælenda.

Sjálfrýni (e. *reflexivity*) er mikilvæg í rannsóknarferlinu. Rannsakandi staðsetur sjálfan sig innan rannsóknar auk þess að gera sér grein fyrir því að hann sjálfur hefur áhrif á niðurstöður. Nauðsynlegt er að hann geri sér grein fyrir staðsetningu sinni í mannfræðilegum rannsóknum til að við skiljum út frá hvaða forsendum komist er að niðurstöðu varðandi tiltekið efni (Hammersley og Atkinson, 2007).

3.2 Siðferðileg álitamál

Stór þáttur undirbúnings þessarar rannsóknar og framkvæmdar hennar var að huga að siðferðilegum álitamálum. Þrátt fyrir að tilgangur rannsókna sé að skapa og miðla þekkingu má ekki gleymast að huga að ýmsum siðferðilegum þáttum (Hammersley og Atkinson, 2007). Rannsóknin fól í sér að vestrænn rannsakandi fór á kínverskan markað og ræddi við ungar, efnalitlar farandverkakonur og hafa bága stöðu í kínversku borgarsamfélagi. Því taldi ég að miklu máli skipti að nálgast þennan hóp af virðingu og varkárni. Clifford G. Christians segir að innan félagsvísinda sé að finna fjórar grundvallarreglur í tengslum við siðferði í rannsóknum. Áhersla er lögð á upplýst samþykki, bann við því að nota blekkjandi rannsóknarhætti, virðingu fyrir friðhelgi einkalífs og trúnað. Mikilvægt er að rannsakendur segi satt og rétt frá niðurstöðum rannsóknarinnar (Lassiter, 2005: 86). Framkvæmd þessarar rannsóknar var í samræmi við staðhæfingu O'Reilly (2005) um að rannsakendur eigi að velta fyrir sér siðareglum sem eru til staðar og fara yfir siðferðileg málefni áður en farið er á vettvang. Hún segir að mikilvægt sé að hafa hag allra sem koma að rannsókninni í huga, þó hún geri sér grein fyrir að erfitt sé að halda fullkomnu jafnvægi í þeim málum. Siðferðilegar vangaveltur eiga ekki að koma í veg fyrir að fólk geri rannsóknir, heldur eiga þær að fá rannsakendur til að vera sjálfrýna, athugula og nákvæma (2005).

Fræðimenn hafa staðhæft að eitt mikilvægasta málið tengt siðferðilega réttri rannsókn sé að fá upplýst samþykki frá þátttakendum (Hammersley og Atkinson, 2007; Lassiter, 2005; O'Reilly, 2005). Að mati Lassiter (2005) hverfa hin fjölbreytilegu vandamál sem upp geta komið tengd nafnleysi og trúnaði ekki þrátt fyrir að við setjum fram tilteknar siðareglur, heldur verður rannsakandinn sjálfur að bera ábyrgð á að huga að slíkum málum í sinni rannsókn. O'Reilly (2005) segir augljóst að rannsakendur gegni helst ábyrgð gagnvart

þátttakendum og að þeir verði það sem er gert á vettvangi sé bæði réttlæt看legt og skaði engan. Trúnaður snýst ekki einungis um að vernda auðkenni einstaklinga, eins og að nota dulnefni, því einnig skiptir máli að þátttakendur í rannsókninni geti treyst rannsakanda. Að þátttakendur viti að ekki sé farið með þær upplýsingar sem aflað er í viðtölum til annarra aðila. Rannsakandinn verður að sjá til þess að einstaklingar hljóti ekki skaða vegna þátttöku sinnar (Hammersley og Atkinson, 2007; Taylor og Bogdan, 1998). Martyn Hammersley og Paul Atkinson (2007) benda á að það hvernig farið er með upplýsingar sem fást með vettvangsvinnu getur skipt sköpum fyrir líf þátttakenda og haft bæði jákvæð og neikvæð áhrif. Þátttakendur geta því bæði hlotið andlegan og líkamlegan skaða vegna tengslum sinna við rannsókn. Ef viðfangsefnið er viðkvæmt á pólitískan hátt getur fólki bókstaflega verið refsað vegna þátttöku sinnar og ef rannsóknin er á persónulegum nótum getur hún orsakað kvíða meðal þátttakenda.

Í gegnum tíðina hafa kínversk stjórnvöld brugðist illa við andófi og einstaklingum sem eru ekki sammála stefnu ríkisins eða gagnrýna stjórnarhætti ríkisstjórnarinnar. Enn í dag er fólk hrætt um að yfirvöld séu að fylgjast með orðum þess og athöfnum. Það er ekki að ástæðulausu því gripið hefur verið til ýmissa refsiaðgerða svo sem að skilgreina fólk sem andófsmenn og setja ýmist í fangelsi eða stofufangelsi (Amnesty International, 2003). Vegna þessa var ákveðið að virða beiðni viðmælenda um að notast ekki við kínverskan túlk heldur taka viðtölin á þeirri takmörkuðu ensku sem þær kunnu, en vikið verður nánar að því síðar.

3.3 Framkvæmd rannsókna

Rannsóknin fór fram á Yaxiu-markaðnum sem er staðsettur í Sanlitun hverfinu í Peking. Tímabil rannsóknarinnar var frá því í fyrrihluta ágúst árið 2011 til októberloka. Það hefur verið nefnt hve umræddur markaður er stór, á fjórum hæðum og á honum er að finna hundruð bása. Þar er hægt að kaupa allt á milli himins og jarðar og má þar nefna fatnað, raftæki, snyrtivörur, skartgrip og ýmsa kínverska muni. Farið var oft á vettvang og stundum dvalið þar í margar klukkustundir. Taylor og Bogdan (1998) leggja til að í upphafi rannsókna dveljist rannsakandi á vettvangi í skamma stund. Með það í huga var ákveðið að fyrstu heimsóknir á vettvanginn yrðu fremur stuttar eða ekki nema um ein klukkustund. Kosturinn við þessa nálgun er að þá fékk ég sem rannsakandi betri tilfinningu fyrir því hvenær heppilegast væri að mæta á markaðinn. Þar sem mikið er að gera á markaðnum allan daginn þurfti ég að finna út hvenær væri hentugast að mæta á markaðinn og heimsækja sölubásana á hinum ólíku svæðum hans.

Aðferðin sem notuð var í þessari rannsókn er vettvangsathugun eins og nefnt var hér að framan. Fylgst var með mannlífinu á Yaxiu-markaðnum í fjölda klukkustunda og skráði ég hjá mér ýmis atriði í vettvangsdagbók. Þá voru tekin viðtöl við tólf konur sem starfa á þessum markaði. Þær voru á aldrinum 21-30 ára og rætt var tvisvar við hverja konu og viðtölin í heild því 24. Ákveðið var að sækjast eftir ungum viðmælendum, en konur á milli tvítugs og þrítugs eru í miklum meirihluta starfsfólks á markaðnum. Í viðtölunum var safnað grunnupplýsingum á borð við hvaðan konurnar væru og hverjir væru fjölskylduhagir þeirra. Einnig var spurt hvort þær ætluðu að flytjast aftur til heimahéraðsins og hvert væri álit þeirra á *hukou*-kerfinu. Í seinni viðtölunum var rætt við þær um einbirtisstefnuna og menntun, auk þess að leggja fyrir þær spurningar sem næðu til þeirra allra. Flest viðtölin voru frá tuttugu mínútum og upp í fjórtíu mínútur, en lengsta viðtalið var rúm klukkustund. Viðtölin voru mislöng í seinni umferðinni sem er skiljanlegt í ljósi þess að mismiklar upplýsingar vantaði um hverja konu eftir fyrri viðtölin. Við etnógrafískar rannsóknir er algengt að rannsakandi fari aftur á vettvang og ræði oft en einu sinni við hvern viðmælenda (O'Reilly, 2005). Kosturinn við umræddan vettvang er sá að hann er opinn og því var auðvelt að heimsækja hann. Það gerði mér sem rannsakanda kleift að ræða tvisvar við hvern viðmælenda. Vettvangsathugun á borð við þessa gefur rannsakanda kost á að kynnast umhverfi þátttakenda og fá innsýn í daglegt líf þeirra sem næst ekki ef eingöngu eru tekin viðtöl. Á markaðnum var fylgst með sölumennsku, þrútti, samskiptum á milli sölubása og hægt var að spjalla almennt við fólk sem starfar þar.

Viðtölin voru hálfstöðluð (e. *semi-structured*) og sumar spurningar voru opnar á meðan aðrar voru lokaðar. Með því að notast við bæði opnar og lokaðar spurningar var hægt að sækjast eftir tiltekinni vitneskju en einnig skapa samræður milli mín og viðmælenda. Ástæða þess að rætt var tvisvar við hverja konu var fólgin í þeirri staðreynd að við fyrstu yfirferð kom í ljós að tiltekin þemu komu upp í mörgum viðtölum en ekki öllum og því var leitast eftir því að samræma upplýsingar um viðmælendur. Líkt og komið hefur fram þá var ekki gert ráð fyrir því að spyrja um einbirtisstefnuna, en þar sem allir viðmælendur áttu systkini taldi ég forvitnilegt að ná fram skoðun þeirra á umræddri stefnu. Þá var sérstaklega spurt um menntun viðmælenda í seinni yfirferð enda virtist gæta samræmis milli menntunar og vilja kvennanna til að mennta sig meira og læra tungumál.

Meirihluti viðtala var tekinn upp, en þó ekki öll því sumir viðmælendur veittu ekki leyfi fyrir upptöku. Fyrst var tekið upp á farsíma sem var góður kostur og minna ógnandi tæki heldur en diktafónn. Hins vegar kom í ljós eftir fyrstu tvö viðtölin að upptakan var ekki nógu skýr vegna hávaða og skvaldurs á markaðnum. Eftir það var Canon EOS 500D myndavél notuð sem upptökutæki og voru hljómgæðin í henni talsvert betri. Í þeim viðtölum þar sem

ekki fékkst leyfi til upptöku þá skrifaði ég niður punkta og ýmis stikkorð. Eftir þau viðtöl var farið afsíðis um leið og þeim lauk og ítarlegri glósur skrifaðar. Þegar heim var komið að loknu hverju viðtali skráði ég í vettvangsdagbók og reyndi ennfremur að afrita viðtalið eins fljótt og auðið var. Rannsóknardagbókin gegndi stóru hlutverki í þessari rannsókn. Annars vegar var upplifun af markaðnum skrásett og hins vegar margvísleg önnur atriði. Við afritun viðtala var dagbókin einnig notuð enda var í henni að finna andrúmsloft markaðarins tiltekna daga og athafnir og líf viðmælenda utan viðtala.

Annað mikilvægt málefni er val á viðmælendum. Í þessari rannsókn voru í raun allar konurnar sem störfuðu á Yaxiu-markaðnum mögulegir viðmælendur. Ég þurfti því að dvelja á vettvangi í nokkurn tíma áður en hægt var að nálgast mögulega viðmælendur. Einnig varð val á viðmælendum að einhverju leyti miðað við staðsetningu innan markaðarins og ákveðnar tímasetningar. Upphaflega var markmiðið að taka viðtölin í hádegishléum viðmælenda, en þar sem konurnar fengu lítið sem ekkert hlé yfir daginn urðu viðtölin að fara fram á sölubásunum. Á morgnana og kvöldin var minna að gera hjá starfsfólki markaðarins heldur en um miðjan daginn og því skipti máli hvenær viðtölin voru tekin. Staðsetning hafði mikið að segja vegna næðis en til að fá ágætis dreifingu á viðmælendum tók rannsakandi viðtölin sem víðast á markaðnum.

Allir viðmælendur töluðu ensku en því er ekki að neita að tungumálaörðugleikar höfðu sérstaklega mikil áhrif á fyrsta viðtalið. Ástæða þess er að ég sjálf kunní ekki vel þá ensku sem töluð er á markaðnum, en komst síðar betur að hvernig heppilegast væri að spyrja konurnar. Það hafði verið áformað að taka viðtölin með hjálp kínversks túlks, en fyrstu viðmælendurnir tóku síður en svo vel í þá hugmynd. Þær sögðust ekki skilja hvers vegna væri þörf á túlki fyrst hægt væri að taka viðtölin á ensku. Til að fá raunhæfa dreifingu viðmælenda taldi ég ekki æskilegt að velja þátttakendur út frá enskukunnáttu. Fyrsta viðtalið við Ling Ling varð afar stutt, aðeins tíu mínútur. Með tímanum lærði ég hvernig væri best að hvetja konurnar til að tjá sig meira út frá spurningum í stað þess að þær svöruðu þeim í stuttu máli. Einnig varð auðveldara að eiga í óþvinguðum tjáskiptum við þátttakendur þegar ég hafði sjálf „smitast“ af framburði þeirra. Seinna viðtalið við Ling Ling varð því tæpar þrjátíu mínútur en þá fékkst hjálp frá vinkonu hennar á næsta sölubási og þýddi sú stöku orð sem Ling Ling skildi ekki. Erfiðara hefði verið að fá aðrar konur til að hjálpa með þýðingu í fyrri viðtölunum þar sem spurt var um viðkvæmari málefni, en það hentaði vel í seinna viðtalinu við þessa tilteknu konu.

Kristín Loftsdóttir (2010) ræðir mikilvægi þess að rannsakandi staðsetji sjálfan sig innan rannsóknarinnar. Það að rannsakandi, í þessu tilviki, sé frá Vesturlöndum og ljós á

hörund hefur eflaust mótað rannsóknina að einhverju leyti. Nokkuð líklegt er að sumar þeirra kvenna sem vildu ekki taka þátt í rannsókninni hafi neitað á þeim forsendum að um væri að ræða vestræna manneskju. Þá er einnig sennilegt að sumir viðmælendur hafi eingöngu þorað að ræða viðkvæm mál á borð við *hukou*-kerfið og einbirnisstefnuna af sömu ástæðum og vitandi það að kínversk yfirvöld stæðu ekki þar að baki. Það fylgdu því bæði kostir og gallar að rannsakandi var útlendingur. Það er bæði mátuleg fjarlægð fyrir viðkvæm mál og gagnrýni á stefnu ríkisins og um leið gerir fjarlægðin það að verkum að konurnar eiga erfiðara með að setja sig í spor vestræna rannsakandans og vilja því kannski síður vera þátttakendur í rannsókninni. Taylor og Bogdan (1998) segja það skipta máli að sýna mögulegum viðmælendum að rannsakandi eigi eitthvað sameiginlegt með þeim og einnig árangursríkustu leiðina til að mynda samband við fólk á vettvangi. Reynt var því að koma á einhvers konar trausti með því að sýna í almennum samræðum að ýmislegt væri sameiginlegt með þátttakendum og spyrjanda. Algennt er að konur sem starfa á fatamörkuðum séu á þrítugsaldrinum líkt og ég sem kem einnig úr fámennu samfélagi líkt og margar kvennanna og upplifði mig þar að auki utangarðs í borgarsamfélaginu í Peking.

Rannsakendur þurfa að íhuga hvernig valdatengslum á vettvangi er háttáð (Hammersley og Atkinson, 2007; O'Reilly, 2005). Í þessu tilviki var ómögulegt að algjört valdajafnvægi væri á milli rannsakanda og viðmælenda af þeim orsökum að ég er hörundsljós Vesturlandabúi. Í Kína er mikil áhersla lögð á stéttaskiptingu og líkt og nefnt hefur verið hér að ofan þá hafa konfúsísk gildi töluverð áhrif þar á (A. Chan, 2003). Allir eiga því að þekkja sína stöðu og í Kína nútímans virðist ósjálfrátt vera borin virðing fyrir Vesturlandabúum, sérstaklega þeim sem koma frá Vestur-Evrópu. Leitast var eftir að finna viðmælendur þar sem valdatengsl væru hvað jöfnust. Til að mynda var ekki reynt að ræða við konur sem starfa við hand- og fótisnyrtingu, því þá þyrfti rannsakandi að vera viðskiptavinur á meðan á viðtali stæði. Það að vera mögulegur viðskiptavinur var hlutverk mitt á vettvangi í þessari tilteknu rannsókn. Að mínu mati fól það að kaupa vörur á markaðnum ekki í sér eins mikið valdamisræmi og fótisnyrtingin hefði gert.

Líkt og sagt var frá hér að ofan er mikilvægt að vernda auðkenni þátttakenda í rannsóknum. Allir viðmælendur fengu dulnefni, auk þess að ekki var tekið niður fullt nafn þeirra, heldur einungis skráð staðsetning hvernar konu innan markaðarins. Allar slíkar upplýsingar voru skrifaðar á íslensku svo öruggt væri að enginn á vettvangi gæti lesið og skilið punkta í rannsóknardagbókinni. Í ljósi þess hve stór Yaxiu-markaðurinn er og fjöldi sölubása þar mikill með yfir þúsund starfandi einstaklinga þá taldi ég ekki mikilvægt að leyna einnig nafni hans.

Við framkvæmd vettvangsrannsókna er líklegt að rannsakandi kynnist að minnsta kosti einum lykilþátttakanda (e. *key informant*) (O'Reilly, 2005). Taylor og Bogdan (1998) segja að „rannsakendur leiti einnig til lykilþátttakanda í þeim tilgangi að fá betri skilning á vettvanginum. Þar sem vettvangsrannsóknir eru takmarkaðar hvað varðar tíma og umfang geta lykilþátttakendur veitt upplýsingur um sögu vettvangsins og sagt rannsakandanum hvað á sér stað þegar hann er fjarri“ (1998: 54). Í þessari rannsókn var einn lykilþátttakandi, Zhen Zhen, en hún var jafnframt áttundi viðmælandinn. Í samræðum og samskiptum við hana kom fram mikið magn upplýsinga og enskukunnátta hennar var mun betri en annarra auk þess sem hún var mjög áhugasöm varðandi þessa rannsókn. Viðtöl við hana voru því bæði lengri og ítarlegri heldur en hin viðtölin og hún fræddi mig um ýmsa hluti tengda markaðnum. Hún sagði frá því að umræddur markaður væri í eigu ríkisins, þó einstaklingar leigi þar sölubása. Þá var hún svo vinsamleg að bjóða mér með sér í hádegismat einn daginn og þá fékkst betri innsýn í líf farandverkakvanna sem starfa á markaðnum. Hún kynnti mig einnig fyrir vinkonum sínum og þýddi þau samtöl. Þar að auki fór hún með mig í eins konar vettvangsferð og sýndi mér geymslur í kjallara fyrir neðan markaðinn, þar sem starfsfólk markaðarins geymir varning. Að lokum bauð Zhen Zhen einnig í kvöldverð heim til sín og því myndaðist annars konar samband við hana heldur en aðra viðmælendur. Eftir þá heimsókn sagði hún af fyrra bragði að það væri í lagi hennar vegna að heimili hennar væri skilgreint sem hluti af vettvangnum, enda fékk ég að gægjast inn í heim þessarar konu og fjölskyldu hennar. Kvöldverðurinn var hjá systur hennar þar sem öll fjölskyldan hittist og borðar saman öll kvöld eftir að systkinin fjögur hafa lokið vinnu sinni á mörkuðunum. Eftir matarboðið sýndi Zhen Zhen hvar hún, bróðir hennar og móðir búa í nálægri byggingu í nokkurra mínútna fjarlægð. Þegar þangað var komið var farið í herbergi sem bróðirinn og móðir deildu, en í því herbergi voru hundruð seðlaveskja. Hún sagði bróður sinn selja þessi veski á markaðnum og að hann hagnaðist verulega á þeim því hann keypti þau úr verksmiðju í Suður-Kína þar sem frændi þeirra starfaði. Samkvæmt Taylor og Bogdan (1998) geta lykilþátttakendur skipt sköpum fyrir rannsókn og eins og merkja má af ofangreindu þá veitti Zhen Zhen mér sem rannsakanda ómetanlega innsýn í líf sitt og heim farandverkakvanna.

3.3.1 Greining viðtala

Etnógráfía gerir ráð fyrir að gögn séu greind á mörgum stigum rannsóknarferlisins. Viss greining gagna hefur þó átt sér stað í undirbúningi rannsóknar, en greiningin fer aðallega fram eftir að gagnaöflun lýkur. Hafa verður í huga að það er engin ein leið til greiningar í

etnógrafískum rannsóknum og því er æskilegt að finna hvaða aðferðir henti hverju sinni (Hammersley og Atkinson, 2007). Formleg gagnagreining á að hjálpa rannsakanda að vinna með öll þau gögn sem aflað hefur verið á vettvangi (Crang og Cook, 2007). Miklu máli skiptir að hefja greiningu gagna á meðan á rannsókninni stendur, enda er líklegt að rannsakandi þurfi að vinna frekar með þemu sem koma upp eða spyrja frekari spurninga (Crang og Cook, 2007; O'Reilly, 2005). Sú var raunin í þessari rannsókn líkt og fram hefur komið.

Greining viðtala er stór þáttur í gagnaúrvinnslu og í þessari rannsókn var eitt af fyrstu skrefum slíkrar úrvinnslu kóðun viðtalanna (Crang og Cook, 2007; Hammersley og Atkinson, 2007). Áður en kóðun átti sér stað var þó farið ítarlega í gegnum hvert viðtal. Við greiningu þeirra var unnið með ýmis þemu. Sum þeirra mótuðust út frá spurningum, en önnur til að mynda einbirtisstefnan og menntun komu upp á yfirborðið við afritun viðtala. Þar af leiðandi var farið yfir öll viðtölin með kóðun í huga og skrásettar upplýsingar um hverja og eina konu út frá þemum tengdum rannsókninni. Margir leggja til að við greiningu viðtala sé farið í gegnum hverja línu textans og var það gert í þessari rannsókn í þeim tilgangi að gera sér betur grein fyrir og muna hvað átti sér stað. Einnig urðu viðtölin ljóslifandi í minningunni við hlustun á upptökur sem er annað atriði sem Mike A. Crang og Ian Cook (2007) segja gagnlegt í greiningu viðtala. Auk þess var lesið yfir vettvangsnótur og dagbók rannsakanda athuguð samhliða. Hammersley og Atkinson (2007) segja þennan þátt greiningar veita rannsakanda góða yfirsýn yfir gögnin. Í fyrstu yfirferð gagna kom í ljós að allar konurnar ættu systkini, líkt og minnst hefur verið á hér að ofan, en auk þess var greinilegt að fylgni væri á milli menntunar og vilja til að fara í nám í von um að bæta lífskjör sín og sinna. Í seinni viðtölunum var því rætt um skoðun kvennanna á einbirtisstefnunni auk annarra viðfangsefna. Nokkur ný atriði komu fram við greininguna sem rannsakandi hafði ekki áttað sig á áður. Þar má nefna samkvæmni í orðræðu, en við yfirferð viðtala kom skýrt í ljós að konurnar gáfu svipaðar ástæður fyrir farandverkamennsku sinni. Flestar þeirra sögðust þurfa að fara að heiman og vinna fyrir fjölskyldur sínar. Því var augljóst að mikil skyldurækni liggur að baki farandverkamennsku. Orðræða þeirra í tengslum við *hukou*-kerfið og einbirtisstefnuna var einnig mjög svipuð en fæstum konunum þótti athugasvert hversu mikil afskipti ríkið hefur af daglegu lífi fólks. Vikið verður nánar að niðurstöðum rannsóknarinnar í sjötta kafla.

4 Kínverska fjölskyldan og vistarbönd

4.1 *Hukou*-búsetuskráningarkerfið

Síðan um miðja tuttugustu öld hefur *hukou*-kerfið verið fastur þáttur í kínversku samfélagi. Það hefur haft afgerandi áhrif á líf einstaklinga og þá sérstaklega fólks úr dreifbýli. Búsetuskráningarkerfið hefur verið notað til að auðkenna einstaklinga og ákvarða búsetu þeirra (Fan, 2004; Thakur, 2002). *Hukou*-kerfið viðheldur valdbeitingu stjórnvalda og undirstrikar yfirráð þeirra yfir daglegu lífi Kínverja, en það hefur gegnt því hlutverki í rúm 60 ár (Fan, 2003, 2008b; Windrow og Guha, 2005). Megintilgangur þess er að stjórna flæði vinnuafls og einstaklinga innan Kína, en um leið skapar það verulega gjá á milli fólks úr borgum og sveitum. Þéttbýlið nýtur forréttinda meðal annars vegna mikillar áherslu yfirvalda á framleiðslu og iðnað. Vegna þessa eiga borgarþáttar rétt á fríðindum frá ríkinu sem fólk úr dreifbýlinu á ekki kost á (K. W. Chan, 2010; K. W. Chan og Zhang, 1999; Roberts, 1997; Solinger, 2006). *Hukou*-kerfið ákvarðar að miklu leyti lífsgæði fólks. Jafnvel er hægt að segja að einstaklingar skiptist í stéttir út frá því. Allir Kínverjar fá *hukou*-búsetuskírteini við fæðingu, en það felur í sér að viðkomandi skuli búa á tilteknum stað, sé skráður þar til heimilis og hafi þar aðgang að vissum gæðum. Í sumum tilfellum á fólk kost á því að breyta skráningu sinni, en það er fremur sjaldgæft og á einungis við um smærri borgir. Einn helsti ókosturinn við að búa annars staðar en búsetuskráning gefur til kynna er að þá á fólk ekki rétt á fríðindum frá ríkinu. Misjafnt er hvaða réttindi eru fólgin í því að vera skráður í dreifbýli og þéttbýli. Fólk sem er búsett í dreifbýli á til að mynda rétt á landsvæði sem erfist innan fjölskyldna. Ef allir einstaklingar úr fjölskyldu fara úr sveitinni missa þau landskikann sinn. Því er algengt að einhverjir úr fjölskyldum stundi farandverkamennsku á meðan aðrir verða eftir í dreifbýlinu. Þéttbýlisskráning veitir fólki aðgang að atvinnu, fæði, félagslegri þjónustu, menntun og heilbrigðisþjónustu í viðkomandi borg (A. Chan, 2003; Fan, 2008b; Thakur, 2002; Zai og Zhongdong, 2004; Zhan, 2011). Það má því halda því fram að í raun og veru bindi *hukou*-kerfið smábændur eða fólk úr dreifbýli bókstaflega við landspilduna sem það erfir frá foreldrum sínum. Þeim er meinað að flytjast löglega til borganna á meðan fólk með þéttbýlisskráningu nýtur ofangreindra fríðinda (Thakur, 2002; Windrow og Guha, 2005). Algengt er að fólk úr dreifbýli starfi í verksmiðjum en á stundum kost á öðrum störfum. Má þar nefna störf í byggingariðnaði, á mörkuðum, við húshjálp, sorphirðu og almenna verkamennsku. Slík störf gefa fólki kost á að sækja tímabundið um atvinnu- og búsetuleyfi

þó það eigi ekki kost á formlegri búsetuskráningu í viðkomandi borg (Thakur, 2002). Lagaleg staða fólks úr dreifbýli hefur því skánað vegna umbóta sem hafa verið gerðar á *hukou*-kerfinu, en vikið verður að þeim síðar.

Undanfarna áratugi hefur verið lögð mikil áhersla á félagslega aðgreiningu á milli borga og sveita í kínversku samfélagi. Samkvæmt Fei Guo og Robyn Iredale (2004) hafa fræðimenn líkt mikilvægi þessarar aðgreiningar við Kínamúrinn. Þá er verið að vísa til hlutverks múrsins að halda kínversku samfélagi öruggu fyrir „villimönnum“ í margar aldir (2004: 713). Fáar stofnanir hafa haft eins mikil áhrif á daglegt líf og efnahagslega þróun Alþýðulýðveldisins og *hukou*-búsetuskráningarkerfið (F.-l. Wang, 2005). Það var og er mikilvægt fyrir kínversk yfirvöld í tengslum við félagslega stjórnun og til að koma í veg fyrir of mikla borgarvæðingu innan landsins. *Hukou*-kerfið varð með tímanum að félagslegri stofnun sem flokkaði einstaklinga í kínversku samfélagi í tengslum við rými. Helsta aðgreiningin byggðist á dreif- og þéttbýlisskráningu einstaklinga. Í kjölfarið skapaðist mikil gjá milli fólks í sveitum og borgum eða eins og Ragni Thakur (2002) komst að orði, „þeirra sem borða ríkiskorn og þeirra sem rækta sitt eigið korn“ (2002: 300-301).

Fræðimenn á borð við Kam Wing Chan og Li Zhang (1999) og Thakur (2002) eru á sama máli að búsetuskráningarkerfið sé tól eða tæki til stjórnunar kínverskra borgara. Að þeirra mati er *hukou*-kerfið einnig tilraun yfirvalda til að koma skipulagi á hinn ört stækkandi hóp borgarbúa innan Kína (K. W. Chan og Zhang, 1999; Thakur, 2002: 299). *Hukou*-búsetuskráningarkerfið er mikilvægur þáttur í því hvernig kínversk stjórnvöld hafa hemil á fólksflutningum og hreyfanleika almennings og þar af leiðandi áhrif á búsetu Kínverja (Fan, 2003; Zhan, 2011). Það má því segja að raunverulegt vald *hukou*-kerfisins felist í því hvernig það er samtvinnað öðrum tólum og stofnunum sem kínverska ríkið notar við stjórnun á íbúum landsins (K. W. Chan og Zhang, 1999).

Sjónarmið hafa komið fram meðal fræðimanna sem áætla annars vegar að *hukou*-kerfið sé neikvæð haftastefna en hins vegar nauðsynlegt stýritæki. Samkvæmt Hayden Windrow og Anik Guha (2005) er *hukou*-kerfið búið að umbreytast úr stefnu sem átti að efla iðnvæðingu í að vera samtíningur alls kyns hafta sem erfitt er að átta sig á. Þeir segja það stuðla að efnahagslegum vexti innan Kína, en þó á kostnað dreifbýlisins. Smábændur hafa komið verst út úr þessari þróun, en þeir eru sá hópur innan kínversks samfélags sem sögulega séð hefur lútið í lægra haldi, undanskilið þeim áratugum sem kommúnistarnir voru við völd (2005: 16). Windrow og Guha (2005) segja að samt sem áður hafi kínverskt samfélag hagnast af *hukou*-kerfinu með tilliti til þéttbýlisþróunar og hagkerfisins. Þeir benda á að ásókn fólks í borgir hafi verið gríðarmikil fyrir hálfri öld síðan og að búsetuskráningarkerfið hafi komið í

veg fyrir að kínverskar borgir yrðu of fjölmennar. Fólki fluttist helst úr sveitunum vegna fátæktar og takmarkaðra atvinnumöguleika, en í borgum átti fólk fremur kost á að vænka hag fjölskyldu sinnar með því að senda hluta launa sinna til heimahéraðsins. Mikill fjöldi fólks úr sveitum fluttist því í þéttbýlið og árin eftir kommúnistabyltinguna, frá 1949-1957, jókst íbúafjöldi í borgum um 26,27 milljónir einstaklinga. Það var helst fólk að flytja úr dreifbýli til þéttbýlis, en þessi tala segir okkur að borgirnar hafi stækkað um 70% á þessu tímabili (2005: 2). Roberts (1997) segir einnig að frá árunum 1953-1956 hafi 19,8 milljónir flust úr sveitum til borga, og ásóknin jókst stöðugt þar til hægt var á henni (1997: 255). Ekki má gleyma að kínverskt samfélag hefur verið landbúnaðarsamfélag frá örófi alda og líklega hefði of mikið framboð af vinnuafli leitt til stórtæks atvinnuleysis ef þessi mikla borgarvæðing hefði ekki verið stöðvuð. Þá er ólíklegt að heilbrigðiskerfið, samgöngur, húsnæði og menntakerfið hefðu getað staðið undir því álagi og sinnt þessum gífurlega fjölda nýrra borgarbúa ef þróunin hefði haldið áfram á sama veg (Fan, 2003, 2008b; Windrow og Guha, 2005). Fan (2003) segir að þrátt fyrir hömlur *hukou*-kerfisins hafi gríðarlegur fjöldi fólks flust úr kínverskum sveitum til borga. Því má leiða líkur að því að staðan væri önnur í dag ef kerfinu hefði aldrei verið komið á fót.

Solinger (2006) telur það vera augljóst vandamál hversu mikil aukning hefur verið í lægstu stétt borgarsamfélagsins sem kommúnistaflokkurinn þurfi að takast á við. Í umræddri stétt eru þrjár hópar, en það er fólk sem hefur misst vinnuna, fátækir einstaklingar búsettir í borgum og farandverkafólk úr dreifbýli. Þessir hópar voru ekki áberandi í borgunum fyrir árið 1978 en sagan varð önnur með breyttri stefnu stjórnvalda þar sem dregið var úr sósíalískri hugsun og áhersla lögð á einstaklingshyggju og efnahagsumbætur. K. W. Chan (2010) og Solinger (2006) eru sammála um að farandverkafólk sé farið að krefjast betri kjara og framkomu af hálfu vinnuveitenda og að sú staðreynd ógni stöðugleika í samfélaginu.

Nú til dags hefur fjöldinn allur af erlendum stórfyrirtækjum fært starfsemi sína til Kína, að öllu leyti eða hluta til. Ástæða þess er ódýrt vinnuafli og rúm löggjöf hvað varðar rétt starfsfólks og þess háttar (K. W. Chan, 2010; Safa, 1986; Thakur, 2002). Mjög algengt er að erlendu fyrirtækin starfræki verksmiðjur í Kína, en þar er sóst eftir að hámarka hagnað meðal annars með því að fórna velferð og öryggi starfsfólks (K. W. Chan, 2010; Ma og Jacobs, 2010; Ngai, 2005b; Thakur, 2002). Þessi þróun hefur átt sér stað víðs vegar um heim undanfarin fimmtíu ár. Þá framleiða vestræn fyrirtæki vörur sínar í fátækari löndum, notast við ódýrt vinnuafli þar og selja vörurnar dýru verði helst á Vesturlöndum. Þá þekkist einnig að stjórnvöld sækist eftir því að fá erlend fyrirtæki inn í sitt land og reyni að skapa hagkvæmt umhverfi fyrir slíka framleiðslu (Lim, 1990; Safa, 1986). Í umræðu sinni um kínverskan

vinnumarkað segir Fan (2004) að stjórnvöld hafi aðlagð stefnu sína til að koma til móts við erlend stórfyrirtæki og gera landið að fýsilegum kosti. Það felur í sér að slakað er á vinnulöggjöfum svo fyrirtækin eigi kost á að minnka útgjöld sín og hámarka störf verkamanna, sem leiðir til meiri hagnaðar fyrirtækjanna (2004: 288). Meirihluti þeirra sem starfa í verksmiðjum eru ungar og einhleypar konur úr dreifbýli sem eiga ekki annarra kosta vöð en að sætta sig við bág kjör og langan vinnutíma. Þær eru eftirsóttar fyrir þær sakir að þær eiga ekki börn sem taka frá þeim tíma, þær sætta sig frekar en aðrir við lág laun og lægra metin störf (K. W. Chan, 2010; Fan, 2004; Ma og Jacobs, 2010; Ngai, 2005b; Solinger, 2006). Nokkuð hefur verið skrifað um algengi slæmrar meðferðar á starfsfólki slíkra verksmiðja. Lítið er um stéttarfélög sem standa vörð um réttindi starfsfólks sem gerir það að verkum að vinnuveitendur komast upp með vafasama hegðun í þeim tilgangi að minnka útgjöld. Þar má nefna að halda aftur hluta launa eða draga af þeim vegna veikinda eða leyfa. Einnig eru dæmi um að yfirmenn taki skilríki af starfsfólki svo það eigi ekki möguleika á að ferðast eða fara heim (Fan, 2004; Ngai, 2005b; Solinger, 2006). Algengt er að vinnuveitendur byggi svefnskála fyrir starfsfólk verksmiðja sem eru staðsettir við verksmiðjuna eða á lóð nálægt henni. Með því er hægt að auka vinnustundir og draga úr þeim tíma sem tekur að flytja starfsfólk í og úr vinnu. Þetta fyrirkomulag gerir mörkin á milli atvinnu og heimilis óljós og er það í samræmi við þá kröfu vinnuveitenda að starfsfólk eigi ávallt að vera tilbúið að koma og vinna (Fan, 2004). Þar af leiðandi er eftirsóknarvert að ráða einhleypar konur í ljósi þess að hægt sé að greiða þeim enn lægri laun en tíðkast í annarri vinnu (A. Chan, 2003; Fan, 2003, 2004, 2008b). Ungar og einhleypar konur eru taldar vera ákjósanlegri vinnukraftur heldur en eldri og reyndari konur sem eiga líklegast fjölskyldur og myndu því sækjast eftir hærri launum og orlofi (Fan, 2003; Pun, 2005).

Lögregla sér um eftirlit tengt fólksflutningum, en helsti tilgangur þess er að fylgjast með einstaklingum sem eru ólöglegir í borgunum. Til að mynda eru „fljótandi íbúar“ oft á tíðum ólöglegir í borgum, en farandverkafólk sem hefur tímabundið búsetuleyfi vegna atvinnu fellur þó ekki í þennan flokk (K. W. Chan og Zhang, 1999; L. Zhang, 2001). L. Zhang (2001) framkvæmdi rannsókn í innflytjendahverfi í Peking þar sem nánast einungis farandverkafólk var búsett. Hann komst að þeirri niðurstöðu að sá þáttur sem skapaði hvað mesta spennu meðal þessa hóps og stjórnvalda væri sú staðreynd að þau eiga ekki kost á að verða löggildir íbúar borgarinnar. Einnig skapar þetta ástand spennu á milli farandverkafólks og borgarbúa (2001: 195). Þessi lægsta stétt í borgunum hefur stækkað ört undanfarna áratugi og valdið áhyggjum meðal Kínverja. Farandverkafólk virðist vera fast í því hlutverki að vera „hinir“ (e. *other*) í borgarsamfélaginu og þar að auki eru miklir fordómar gagnvart þeim meðal

borgarbúa, en vikið verður að því síðar (Fan, 2004; Roberts, 1997; Thakur, 2002). Að mati K. W. Chan og Zhang (1999) vefengir aukinn hreyfanleiki þessa samfélagshóps að vissu leyti það vald sem *hukou*-kerfið hefur yfir einstaklingum. Þau benda á að fólk flytjist á milli staða innan Kína sama hvort það hafi formlegt leyfi frá stjórnvöldum eður ei og sú staðreynd hefur ýtt stjórnvöldum í umbætur og endurskoðun á *hukou*-kerfinu.

4.1.1 Saga

Mikill fjöldi fólks úr dreifbýli hefur flust til borga innan Kína undanfarna áratugi og hefur sú þróun stuðlað að mikilli fólksfjölgun í kínversku þéttbýli. Hin mikla iðnvæðing sem stjórnvöld hafa staðið fyrir hafa gert Kína samkeppnishæft á heimsvísu og því hefur skapast umhverfi í borgunum sem gerir dreifbýlisbúum kleift að búa þar og bæta lífskjör sín (A. Chan, 2003; Fan, 2008b). Olwig og Sørensen (2002) segja einn fylgifisk kapitalismans vera að efnahagstengdir þættir laði fólk til vissra samfélaga, eða til þéttbýlis úr dreifbýli í kínverska tilfellinu (2002: 2). Ástandið í sveitum einkennist oft á tíðum af fátækt og atvinnuleysi, en farandverkamennska gerir það að verkum að fólk getur frekar sent fjármagn til fjölskyldunnar í heimahéraðinu. Gífurleg breyting á stjórnarháttum innan Kína síðan í lok áttunda áratugarins hefur gjörbreytt efnahag landsins, en markaðsvæðing ræður ríkjum í stað sósíalísks kerfis að hætti Maó. Borgirnar njóta helst góðs af fyrrnefndum efnahagsumbótum, með auknum atvinnutækifærum og lífsgæðum, en það er ein helsta ástæða fólksflutninga úr kínversku dreifbýli til þéttbýlis (K. W. Chan, 2010; Fan, 2003).

Kínverska búsetuskráningarkerfið var sett á laggirnar eftir að kommúnistarnir undir stjórn Maó náðu völdum í landinu árið 1949. Hagkerfi Kína og stjórnskipulag voru á þann veg að nauðsynlegt var að koma á matarskömmtunarkerfi á sjötta áratugnum og því þurftu einstaklingar að skrá sig til að fá úthlutun. Fólk átti því einungis rétt á að fá matvæli í því héraði þar sem það var skráð. Vegna þessa var erfitt ef ekki ómögulegt fyrir fólk að flytjast á milli staða án þess að missa réttindi sín og þar af leiðandi dró úr fólksflutningum á þessu tímabili. Það er talið hafa verið í hag ríkisins því líkt og sagt var frá hér að ofan höfðu kínverskar borgir stækkað á ógnarhraða á árunum áður (A. Chan, 2003; Guo og Iredale, 2004; Ngai, 2004; Windrow og Guha, 2005). Stjórnvöld lögðu mikið kapp á að hraða iðnvæðingu innan Kína og var þetta markmið notað til að réttlæta þá misskiptingu gæða sem skapaðist innan samfélagsins. Samkvæmt konfúsískri hugsun á fólk að hugsa um hag heildarinnar en ekki hag einstaklingsins og í mörgum tilfellum er það jákvætt, en kínversk stjórnvöld nota þessa rótgrónu hugsun sér í hag (K. W. Chan og Zhang, 1999; Solinger, 2006;

Yao, 2000). Borgir voru og eru sá vettvangur þar sem framleiðsla fer helst fram og því töldu yfirvöld réttlæt看legt að setja þéttbýlið í forgang (K. W. Chan, 2010; K. W. Chan og Zhang, 1999; Solinger, 2006). Fyrir tilstilli *hukou*-kerfisins tókst kínverskum stjórnvöldum að mestu leyti að koma í veg fyrir fólksflutninga úr sveitum til borga fyrstu þrjá áratugi Alþýðulýðveldisins (L. Zhang, 2001: 182).

Upphaflega átti búsetuskráningarkerfið ekki að koma í veg fyrir fólksflutninga, heldur var tilgangur þess að draga úr flutningum dreifbýlisbúa til borganna. Með *hukou*-kerfinu varð einfaldara að hafa eftirlit með þessari fjölmennu þjóð þar sem allir einstaklingar voru skráðir annað hvort í þétt- eða dreifbýli. Kerfinu var fyrst komið á í borgum árið 1951 og fjórum árum síðar var það einnig látið ná til sveita (K. W. Chan og Zhang, 1999: 820; Solinger, 2006: 182). Of mikið framboð var af vinnuafli í kínverskum sveitum þegar kommúnistarnir náðu völdum, svo þörfin fyrir að draga úr ásókn dreifbýlisbúa í borgir hefur verið til staðar í yfir 60 ár (K. W. Chan, 2010). Árið 1958 var búið að móta *hukou*-kerfið, en því var ætlað að hjálpa stjórnvöldum að viðhalda röð og reglu og þar að auki vernda réttindi og hagsmuni þegna (Windrow og Guha, 2005). Reglugerð varðandi *hukou*-kerfið var sett í lög þann 9. janúar 1958, en samkvæmt henni þurfti fólk sem vildi flytjast á milli staða að fá leyfi frá yfirvöldum, eða hafa vottorð um atvinnu eða skólavist í nýju borginni (K. W. Chan og Zhang, 1999: 820; Thakur, 2002: 300).

„Stóra stökkið fram á við“ var efnahagsáætlun sem var hrundið af stað árið 1958, en hún miðaði að því að breyta Kína úr bændasamfélagi í iðnvædda þjóð. Ljóst var að þessi áætlun hafði misheppnast snemma á sjöunda áratugnum. Ein helsta afleiðing hennar var mikil hungursneyð í Kína og þá varð enn mikilvægara að fólk yrði eftir í dreifbýlinu til að framleiða matvæli fyrir þessa fjölmennu þjóð (K. W. Chan, 2010: 661; K. W. Chan og Zhang, 1999: 820; Roberts, 1997: 255; Thakur, 2002: 300). Því var talið nauðsynlegt að reka tugi milljóna einstaklinga sem áttu uppruna sinn að rekja í dreifbýlið og höfðu flutt í borgirnar á árunum áður aftur í sveitirnar til að taka þátt í landbúnaði (Solinger, 2006: 183). Enn frekari áhersla var lögð á að takmarka aðgengi fólks úr dreifbýli að borgunum árið 1962, þó öllum hafi verið frjálst að flytjast út á landsbyggðina. Á þessum tíma var talið bráðnauðsynlegt að stjórna fólksfjölda í stærstu borgum Kína, en árið 1977 urðu reglurnar enn stífari og þá var fólki úr smærri borgum meinað að flytjast í fjölmennari byggðakjarna (K. W. Chan og Zhang, 1999: 828).

Í gegnum tíðina hefur *hukou*-kerfið ekki einungis verið tól eða tæki til félagslegrar stjórnunar því það hefur einnig verið notað í pólitískum tilgangi (K. W. Chan og Zhang, 1999; Thakur, 2002). Það var gert í menningarbyltingunni sem varði frá árunum 1966 til 1976. Þá

var ungt fólk skikkað til að fara í vinnubúðir sem staðsettar voru í dreifbýli. Markmiðið var að kenna ungu fólki að vinna og þá sérstaklega að taka leiðbeiningum, enda var það talið vera dyggð að fylgja stefnu og hugmyndafræði kommúnistaflokksins. Milljónir einstaklinga misstu þar af leiðandi þéttbýlisskráningu sína og voru í útlegð í fjölda ára (Roberts, 1997; Solinger, 2006; Thakur, 2002). Því tók nokkuð langan tíma að leiðrétta skráningu allra þeirra sem sendir voru í vinnubúðirnar (K. W. Chan og Zhang, 1999).

Stjórnarhættir innan Kína breyttust eftir að Deng Xiaoping varð leiðtogi Alþýðulýðveldisins árið 1978. Síðan þá hefur mikil áhersla á efnahagsvöxt verið áberandi í stefnu ríkisins. Ýmsar umbætur hafa verið kynntar til að ná því markmiði á borð við „markaðsvæðingu, afnám þjóðnýtingar og fjárhagslegrar miðstýringar auk opingáttarstefnu (e. *open-door policy*) sem miðar að því að laða erlendar fjárfestingar til landsins“⁹ (Fan, 2003: 25). Kínverskar borgir uxu afar hratt á þessu tímabili og til að stuðla að áframhaldandi uppbyggingu þeirra þurfti mikið vinnuafli. Opingáttarstefnan hafði því áhrif á *hukou*-kerfið, en vegna umbóta á kerfinu varð á ný gerlegt fyrir farandverkafólk að flytjast tímabundið til borga og starfa þar þrátt fyrir að geta ekki breytt búsetuskráningu sinni (Fan, 2008b; Guo og Iredale, 2004; Ngai, 2004; Roberts, 1997; Solinger, 2006). Á níunda áratugnum var í boði fyrir alla Kínverja sem bjuggu annars staðar en *hukou* þeirra gaf til kynna að sækja um tímabundin búsetuleyfi. Þó var algengt að sú krafa væri gerð af yfirvöldum að fólk væri þá þegar komið með atvinnu í viðkomandi borg og endurnýja þurfti búsetuleyfin reglulega (K. W. Chan og Zhang, 1999; Deng og Huang, 2004).

Samkvæmt reglugerðum frá árinu 1985 eiga allir Kínverjar að hafa skilríki á sér öllum stundum sem sýna hver búsetuskráning þeirra er. Nú til dags eru skilríkin í rafrænum gagnagrunni og á þeim er ljósmynd. Því hefur verið erfiðara að falsa búsetuskírteini undanfarinn áratug heldur en áður fyrr þegar fólk fékk eins konar bók sem var gefin út af bæjarfélagi viðkomandi og útlistaði búsetuskráningu (K. W. Chan og Zhang, 1999; Roberts, 1997). Fólk þarf til dæmis að sýna þessi skilríki þegar sótt er um starf eða bankareikning og mun auðveldara er að framfylgja eftirliti heldur en áður. Það að hafa einn miðlægan gagnagrunn með öllum kínverskum borgurum er skilvirkara form félagslegrar stjórnar í stað þess að hvert bæjarfélag geymi sín gögn (K. W. Chan og Zhang, 1999).

⁹ "They include marketization, decollectivization, fiscal decentralization, an open-door policy that aims at attracting foreign investment and relaxation of mobility restrictions" (Fan, 2003: 25).

4.1.2 Gagnrýni á *hukou*-kerfið

Hukou-búsetuskráningarkerfið hefur verið gagnrýnt í auknum mæli undanfarin ár. Það er sagt ýta undir stigskiptingu vinnumarkaðar og talið vera rót viðvarandi misskiptingar gæða á milli dreif- og þéttbýlis innan Kína (A. Chan, 2003; Fan, 2008b; C. Gu og Shen, 2003; Windrow og Guha, 2005). Fræðimenn hafa bent á að í raun og veru standi *hukou*-kerfið í vegi fyrir efnahagslegum umbótum þar sem það takmarkar flæði vinnuafls og raunverulega þróun markaðshagkerfis innan Kína (Roberts, 1997; Thakur, 2002). Fan (2008b) segir að *hukou*-kerfið gegni veigamiklu hlutverki við að ýta undir stéttskiptingu kínversks samfélags eftir sósíalíska tímamann. Vegna búsetuskráningarkerfisins hefur skapast tvöfalt kerfi á vinnumarkaðnum. Það er nátengt fólksflutningum, en vel menntað fólk, efnaðir og borgarbúar eiga auðveldar uppdráttar heldur en ómenntað fólk úr dreifbýlinu (Fan, 2008b; C. Gu og Shen, 2003). Niðurstöður rannsókna gefa til kynna að tvískipt eðli *hukou*-kerfisins ýti undir félags- og efnahagslega einangrun fólks úr dreifbýli. Einnig hefur stigskipting skapast í samfélaginu, en hún byggist að miklu leyti á landfræðilegum uppruna fólks. Annars vegar eru þeir sem hafa réttindi til starfs og búsetu og hins vegar eru þeir sem falla utan þess ramma og þurfa að sætta sig við verri kjör og lífsgæði (Fan, 2003; C. Gu og Shen, 2003; Zhan, 2011). Fólk úr dreifbýli hefur því ekki rétt á sömu fríðindum og borgarbúar eins og komið hefur fram. Þar má nefna að fólk sem er með búsetuskráningu í borgum á kost á að fá niðurgreitt húsnæði, heilsugæslu, menntun sína og barna sinna, auk betri starfa. Vegna tvískiptingar kínversks samfélags situr farandverkafólk fast á jaðrinum. Komið er fram við þann hóp sem utangarðsmenn innan borganna, sem leiðir til þess að þau eiga enn erfiðara með aðlögun (Fan, 2003, 2008b; C. Gu og Shen, 2003; Ngai, 2005a; Windrow og Guha, 2005). Oft er vísað til farandverkafólks sem „fljótandi íbúa“ (e. *floating population*), sem er í raun lýsandi fyrir stöðu þeirra innan kínverskra borga (Fan, 2003: 26-27).

4.1.3 Umbætur

Í raun og veru hafa litlar breytingar verið gerðar á *hukou*-kerfinu síðan það var sett á fót. Forvitnilegt verður að sjá hvort stjórnvöld grípi til aðgerða til að auka jafnræði í kínversku samfélagi. Eins og staðan er í dag hvetja stjórnvöld til fyrirkomulags þar sem áherslan er lögð á að hámarka hagnað fyrir sem minnstan kostnað. Það stuðlar að verkaskiptingu á milli hópa í samfélaginu þar sem dreifbýlisbúar lúta í lægra haldi (Fan, 2003; Ngai, 2005a). Nú til dags er hvorki hægt að skilgreina Kína sem sósíalískt eða kapítalískt ríki. Áhersla er lögð á markaðsvæðingu á sama tíma og stjórnvöld viðhalda valdi sínu yfir kínverskum þegnum í

nýju efnahagslegu umhverfi (Fan, 2003; Ngai, 2004). Þetta nýja stjórnarfar sækir í gamlar konfúsískar hefðir sem leggja áherslu á að fólk þekki stöðu sína í samfélaginu. Hins vegar stuðla þær um leið að kynbundnum vinnumarkaði og hefðbundinni stöðu kynjanna á heimilum, sérstaklega í dreifbýli (Fan, 2003).

Hukou-kerfið er nokkuð vinsælt umræðuefni í kínverskum fjölmiðlum, en óvíst er hver verður framtíð þess. Reyndar má benda á að sagt hefur verið frá því að viss sveitarfélög væru að prófa aðferðir sem eiga að leiða til bættrar stöðu farandverkafólks. Yfirvöld í borginni Chengdu í Sichuan-héraði hafa verið framarlega í umbótum á *hukou*-kerfinu þar. Til að mynda var ákveðið í nóvember árið 2010 að nú í ár gæti fólk úr dreifbýli í nágrenni borgarinnar skráð sig í Chengdu. Einstaklingar þyrftu því ekki að gefa upp öll réttindi gagnvart ríkinu til að flytjast búferlum (Shen, 2011; Zhao, 18. nóvember 2010).

Sum bæjarfélög og stærri borgir hófu að bjóða *hukou* til sölu seint á níunda áratugnum. Sú þéttbýlisskráning gildir þá innan viðkomandi borgar. Þessi *hukou* eru aðgreind frá öðrum með því að vera með bláan stimpil í stað rauðs. Hins vegar hafa einstaklingar með bláan stimpil ekki rétt á sömu fríðindum og borgarþátttakar eða aðstoð frá ríkinu. Misjafnt er hversu mikið fólk greiðir fyrir slíkt *hukou* en það fer almennt eftir stærð borgarinnar. Verðið getur hlaupið á tugum þúsunda *yuan*, en svo há upphæð er ígildi margra ára launa fyrir fjölda dreifbýlisbúa (K. W. Chan og Zhang, 1999).

Nú til dags er hægt að festa kaup á varanlegri þéttbýlisskráningu innan smærri borga og því má segja að *hukou* sé orðið varningur í kínversku samfélagi. Þá greiða einstaklingar að minnsta kosti tugi þúsunda króna fyrir nýja skráningu, en slíkt er ekki í boði fyrir fátæka hópa á borð við farandverkafólk (A. Chan, 2003; Fan, 2008b; Thakur, 2002; Windrow og Guha, 2005). Það er því einungis mögulegt að festa kaup á búsetuskráningu í smærri borgum, en Fan (2008b) bendir á að erfiðleikar við að afla sér *hukou* innan borga fari stigvaxandi eftir stærð þeirra. Þar af leiðandi er afar erfitt að fá skráningu í borgum á borð við Peking og Sjanghai, ekki nema fólk sé með góða atvinnu í borginni eða sé í námi þar (K. W. Chan, 2010; Thakur, 2002).

Á síðari hluta tíunda áratugarins varð gerlegt fyrir utanaðkomandi vinnuafl úr sveitum að flytjast í smærri þorp, enda var farandverkafólk stærsti hluti þess vinnuafls sem notað var fyrir hina miklu framleiðslu erlendra stórfyrirtækja í Kína (K. W. Chan, 2010; Solinger, 2006). Næsta skref var að leyfa ættingjum borgarþátttakara að setjast að í viðkomandi bæjarfélagi. Þar að auki mátti fólk sem var farsælt í viðskiptum flytjast í tiltekna borgir. Það var síðan árið 2001 að fólk úr dreifbýli fékk leyfi til að sækja um *hukou* í smærri borgum og bæjum ef það gat sýnt fram á búsetu og fastar tekjur í viðkomandi borg. Þessi þróun hefur án efa

einfaldað lífið fyrir fjöldann allan af farandverkafólki, sérstaklega með tilliti til þeirra réttinda sem búsetuskráning felur í sér. Börn farandverkafólks eiga einnig kost á að ganga í skóla í þéttbýli ef foreldrarnir eru með *hukou* þar (Solinger, 2006).

Ravni Thakur (2002) telur það jákvætt varðandi þróunina í Kína undanfarna áratugi að einstaklingar hafi aukið val og möguleika. Nú er það ekki einungis í höndum ríkisins að ákveða búsetu einstaklinga eða lífsviðurværi. Fólk getur þess í stað ákveðið að fara úr dreifbýlinu og mögulega fórna sínum þægindum og öryggi til að bæta líf skjör sín og sinna (2002: 306). Á sósíalíska tímanum var meiri tvískipting innan Kína og var fólk annað hvort úr borg eða sveit. Hin mikla áhersla stjórnvalda á markaðshyggju undanfarin þrjátíu ár reiðir sig á hreyfanleika einstaklinga og vinnuafis. *Hukou*-kerfið virðist því síður samræmast kínversku samfélagi í dag en áður fyrr, bæði hvað varðar efnahag og félagslegar aðstæður í landinu (K. W. Chan, 2010; K. W. Chan og Zhang, 1999). K. W. Chan og Zhang (1999) halda því fram að *hukou*-kerfið sé enn í grunninn eins þrátt fyrir ofangreindar umbætur á því og það mismuni enn fólki út frá landfræðilegum uppruna (1999: 841-842). K. W. Chan og Zhang (1999), Solinger (2006) og Roberts (1997) segja öll að nýbúar innan kínverskra borga séu og verði eflaust alltaf utangarðsfólk. Félagsleg útilokun þessa hóps liggur að miklu leyti að baki þessari staðhæfingu. Að mati Solinger (2006) er slæm meðferð á farandverkafólki og aukið atvinnuleysi á ábyrgð stjórnvalda þar sem þetta eru helst afleiðingar efnahagsumbóta af hálfu ríkisins. K. W. Chan (2010) segir farandverkafólk vera þann hóp innan Kína sem hafi komið hvað verst út úr heimskreppunni. Það sést á því að þessi hópur er fyrstur allra til að missa atvinnu sína og hefur þar að auki bága réttarstöðu gagnvart ríkinu, sem aftur tengist *hukou*-kerfinu.

4.2 Kínverska fjölskyldan og staða kvenna

4.2.1 Sögulegt samhengi

Samkvæmt Ruth Sidel (1972) var í raun og veru komið fram við konur líkt og þræla fyrir kommúnistabyltinguna, enda voru þær taldar vera annars flokks borgarar (1972: 11). Fótabindingar eru gott dæmi um bága stöðu kvenna í Kína áður fyrr, en þær tíðkuðust í mörgum héruðum innan landsins. Fótabindingar voru taldar vera merki um fegurð og kvenleika, en þær voru ekki einungis framkvæmdar á konum í hástéttinni því einnig þekktist að konur úr dreifbýli hefðu bundna fætur. Konur urðu í raun örkumla vegna þessa og höfðu afar lítið sjálfræði, auk þess að geta ekki unnið. Þessi ánaud var bönnuð með lögum árið 1911, en þó er vitað til þess að fætur kvenna hafi verið bundnir fram á fimmta áratug síðustu aldar.

Það segir sína sögu um lága stöðu og undirgefni kvenna innan kínversks samfélags en fótabindingar voru taldar bera merki um fegurð og kvenleika (Papanek, 1990; Sidel, 1972; Spence, 1999).

Á sósíalíska tímanum var markvisst unnið að því að efla konur innan Kína. Kommúnistarnir undir stjórn Maó vildu þar af leiðandi veita konum aukið vald. Þekkt slagorð frá Maó er þegar hann sagði að „konur bæru hálfan himininn á herðum sér“, en með því var hann að hvetja konur til að taka virkan þátt á vinnumarkaðnum. Á þeim tíma var mikil þörf á vinnuafli og því reyndu stjórnvöld að virkja konur (Fan, 2004; Spence, 1999). Kommúnistarnir töldu atvinnu vera lykilinn að frelsun kvenna og að stór þáttur í því ferli væri að koma á jafnræðissamfélagi (Honig og Hershatler, 1988; Sidel, 1972; T. Zhang, 2007). Komið var til móts við konur með því að setja á laggir barnapössun á vinnustöðum og í hverfum með það að leiðarljósi að konur ættu þá fremur möguleika á að starfa utan heimila sinna. Einnig voru starfrækt þvottahús í sama tilgangi (Fan, 2004). Sú efling kvenna sem vonast var eftir varð ekki að raunveruleika, enda áttu konur einungis kost á lágt settum stöðum auk þess að fá mun lægri laun en karlar. Í raun fengu kynin sömu laun fyrir sömu störf, en algengara var að karlar væru í líkamlegri vinnu sem hærri laun fengust fyrir (Honig og Hershatler, 1988; Sidel, 1972; Spence, 1999). Ástæða þess að kommúnistarnir vildu fá konur út á vinnumarkaðinn var ekki endilega fólgin í kvenréttindum og þess háttar eflingu kvenna, heldur í nýtingu vinnuafls á umbrotatímum. Lítið var gert til að rengja hugmyndir um feðraveldið og yfirráð karla á heimilinu. Konur voru áfram láttnar axla ábyrgð á heimilishaldi og henni ekki deilt á milli hjóna. Það sést til að mynda á því að konur áttu enn að sjá um börnin og aðrar skyldur þrátt fyrir að vinna utan heimilisins. Eftir breytta stefnu ríkisins frá sósíalisma til þeirra stjórnarháttá sem tíðkast í dag hefur áherslan á kynjajafnrétti að vissu leyti fjarð út (Fan, 2004). Hins vegar hafði ofangreind áhersla stjórnvalda að koma konum út á vinnumarkaðinn sú áhrif að enn í dag er atvinnuþátttaka kínverskra kvenna afar mikil. Því til stuðnings bendir Fan (2004) á að manntal sem gert var árið 2000 sýndi að áttatíu prósent kínverskra kvenna á aldrinum 15-54 ára voru virkir þátttakendur í atvinnulífínu.

Hjónaskilnaðir voru sjaldgæfir í Kína fyrir sósíalíska tímann og ekki voru þeir að frumkvæði eiginkvenna ef þeir áttu sér stað yfir höfuð (Honig og Hershatler, 1988). Konur voru giftar fyrir lífstíð á meðan algengt var að karlar ættu hjákonur (e. *concubine*) ef þeir höfðu fjárráð til að sjá fyrir tveimur konum (Sidel, 1972; Spence, 1999). Réttur kvenna var þó aukinn stórlega með hjónabandslögunum frá árinu 1950 sem voru með fyrstu lögunum sem kommúnistarnir settu. Með þeim var að vissu leyti dregið úr valdi karlmanna innan hjónabands og höfðu konur jafnan rétt og karlar til að fara fram á skilnað (Fan, 2004; Honig

og Hershatler, 1988; Sidel, 1972). Einnig áttu konur kost á að erfa landsvæði sem áður fyrr var ekki í boði. Hjónabandslögin settu lögbundið bann við fjölkvæni, þvinguðum hjónaböndum, giftingum barna og hjákonum, en allt hafði þetta tíðkast innan Kína öldum saman. Tíðni skilnaða jókst verulega innan Kína eftir að umrædd lög voru sett (Honig og Hershatler, 1988; Sidel, 1972). Róttæk sósíalísk hugsun var áberandi í kínversku samfélagi frá því í lok sjötta áratugarins þar til Maó lést árið 1976. Á þessu tímabili var afar lítið um skilnaði, enda þurftu hjón að sækja um leyfi frá yfirvöldum. Í raun var eina gilda ástæðan fyrir skilnaði sú að hjón væru á öndverðum meiði hvað varðar pólitískar skoðanir. Árið 1980 kynnti ríkisstjórnin hins vegar ný hjónabandslög sem gáfu fólki aukið rými til skilnaðar. Tíðni skilnaða jókst verulega við setningu nýju laganna, enda var orðið nóg fyrir hjón að taka fram að ást væri ekki lengur til staðar í sambandi þeirra. Áður var hjónaskilnaður lagður fyrir nefnd sem ákvað hvort hann yrði leyfður og algengt var að hjón væru látin sættast (Honig og Hershatler, 1988).

Kínverskar konur hafa meira frjálrsræði og aukna möguleika hvað varðar atvinnu (Ma og Jacobs, 2010; W. Zhang, 2009). Konur eru farnar að starfa utan heimilis og þær eignast ekki eins mörg börn og áður. Auk þess bjóðast þeim nú fleiri atvinnutækifæri vegna aukinnar menntunar. Þessir þættir gera það að verkum að kínverskar konur eiga þess frekar kost að bæta stöðu sína innan samfélagsins og gagnvart hinu kyninu (W. Zhang, 2009: 259). Lang Ma og Francine Jacobs (2010) segja viðmælendur sína hafa sýnt frumkvæði og nýtt krafta sína til að bæta aðstæður á vinnustað með því að fara fram á bættan aðbúnað starfsfólks. Þá nýttu margar kvennanna tækifæri til menntunar og starfsþjálfunar á vinnustað svo þær gætu krafist betri kjara (2010: 817-818, 830).

4.2.2 Hefðbundin staða kvenna

Áður fyrr innan Kína, líkt og í mörgum öðrum þróunarríkjum, fór fjölskyldufaðirinn með gott sem öll völd innan fjölskyldunnar (Boserup, 1990) og voru konur þá lægra settar en karlar innan fjölskyldna (Fan, 2003; Ngai, 2004; T. Zhang, 2007). Allir fjölskyldumeðlimir áttu að þekkja sitt hlutverk og stöðu í virðingarstiganum (Sidel, 1972), en hún miðaðist einnig út frá aldri (Boserup, 1990). Aldur og kyn voru þar af leiðandi helstu þættirnir sem ákvörðuðu stöðu fólks og framkomu annarra gagnvart þeim. Sambönd foreldra og barna áttu að einkennast af mikilli virðingu og hlýðni í einu og öllu (Boserup, 1990; Sidel, 1972; T. Zhang, 2007). Aldraðir karlar voru efstir í virðingarstiganum en ungar konur sátu á botninum (Boserup, 1990: 15).

Frá unga aldri læra börn stöðu sína og til hvers er ætlast af þeim. Með félagsmótun læra börn hlutverk sín í samfélaginu og inni á heimilinu. Boserup komst svo að orði: „drengir læra að berjast, stúlkur að hlýða“¹⁰ (1990: 18), og er það vafalaust lýsandi fyrir stöðu kynjanna í Kína í gegnum tíðina. Drengir læra að standa á sínu og vera sjálfstæðir á meðan stúlkum er kennt að viss dyggð felist í því að vera þægar og hlýða í einu og öllu. Menntun er mikilvæg fyrir þróun samfélags, en með námi læra börn að hámarka vitsmuni sína, auk þess sem þau læra gildi samfélagsins. Því miður fela þau gildi oft á tíðum í sér þá gömlu hugmynd að konur séu og eigi að vera lægra settar en karlar (Boserup, 1990).

Aðgengi að námi er einnig mismunandi eftir kynjum. Í bændasamfélaginu tíðkaðist að dætur færu að heiman á fullorðinsaldri og flyttu þá til fjölskyldu eiginmanns síns. Sú fjölskylda fékk því í raun að njóta góðs af vinnu dótturinnar. Þar sem álitid var að foreldrar högnuðust einungis á syninum til lengri tíma litið, þá var oft lítil áhersla lögð á að mennta stúlkur (Fan, 2003; Li, 2004; Sidel, 1972). Boserup (1990) segir slíkt algengt í samfélögum þar sem miklar efnahagsbreytingar eiga sér stað. Hins vegar er menntun nauðsynlegur þáttur í að veita fólki þekkingu og færni til að vinna sig upp í samfélaginu. Slíkt á einnig við í Kína, en þar er það hagur ríkisins og efnahags landsins að almenningur öðlist sérkunnáttu. Grunnmenntun í Kína er næstum ókeypiss, það er að segja að ekki eru skólagjöld þó foreldrar þurfi að greiða fyrir bækur, fæði og þess háttar. Hins vegar þýðir það að senda stúlku í skóla árum saman að ekki sé hægt að nýta hana til starfa heima fyrir. Enn í dag er því sjaldgæfara að dætur fái grunnmenntun en synir í dreifbýlissamfélögum þar sem vitað er að þær muni sameinast annarri fjölskyldu síðar (Fan, 2003; Li, 2004; Ngai, 2004). Áður fyrr höfðu fáar konur kost á að mennta sig og þar að auki var afar erfitt fyrir þær fá starf utan heimilis síns. Það leiddi til þess að þær voru afar háðar eiginmönnum sínum og tengdafjölskyldu (Sidel, 1972). Konur sem ganga menntaveginna hafa möguleika á sterkari stöðu innan fjölskyldu sinnar, bæði gagnvart eiginmanni og eldri einstaklingum (Boserup, 1990: 24). Með aukinni efnahagsþróun innan samfélags, líkt og hefur átt sér stað innan Kína undanfarna áratugi, breytist fjölskylduformið. Nýjar áherslur og annars konar vinnuhættir hafa áhrif á samskipti fjölskyldumeðlima, auk tengsla við umheiminn. Konur eru ekki lengur fastar á heimilinu líkt og áður fyrr heldur hafa þær meira svigrúm til sjálfstæðis (Boserup, 1990).

Komið hefur fram að staða kínverskra kvenna var bág innan hjónabanda á árum áður. Algengt var að hjón væru afar ung þegar þau giftu sig, en meðalaldur kvenna var lægri og einnig þekktist að stúlkur væru giftar á barnsaldri. Ungar brúðir voru lægstar í

¹⁰ "Boys learn to fight, girls to obey" (Boserup, 1990: 18).

virðingarstiganum á nýja heimilinu og slæm framkoma af hálfu eiginmanns og tengdafjölskyldu var eitthvað sem mátti gera ráð fyrir. Samband ungra eiginkvenna og tengdamæðra þeirra var flókið í Kína á þessum tíma, en í raun var eiginkonan þræll tengdamóðurinnar sem hafði sjálf verið í sambærilegum þrældómi þegar hún var ung (Sidel, 1972; T. Zhang, 2007). Sidel (1972) segir líf kvenna hafa verið dapurlegt á þessum tíma. Ungar stúlkur áttu á hættu að vera seldar til annarra fjölskyldna eða þvingaðar í hjónaband. Þær höfðu bága stöðu bæði á heimili foreldra sinna og eiginmanns og máttu hvorki mennta sig né stunda atvinnu. Þegar þær urðu eldri gæti staða þeirra vænkast ef þær ólu eiginmanni sínum son. Síðan náði líf kvenna hápunkti eftir barneignarárin þegar þær fengu ungar tengdadætur inn á heimilið og gátu þá stjórnað þeim (1972: 16).

Hefðir eru enn veigamikill þáttur í lífi Kínverja. Einn þáttur sem stuðlar að bágri stöðu farandverkafólks innan borgarsamfélagsins er að samkvæmt konfúsískum hugmyndum á hver og einn að hegða sér í samræmi við félagslega stöðu sína (Fan, 2003; Zhan, 2011). Staða kvenna í sveitum hefur einnig ákvarðast að vissu leyti út frá hefðbundinni stöðu þeirra samkvæmt konfúsíusisma, en þar eru konur lægra settar en karlar (Fan, 2003). Hefðbundið kínverskt samfélag byggist að miklu leyti á aldagömlum siðum og venjum, en slíkur hugsunarháttur er frekar ríkjandi á dreifbýlli svæðum Kína heldur en í nútímavæddari borgum (Fan, 2003; Ngai, 2005a). Weiguo Zhang (2009) segir að í sveitum hafi það tíðkast að konur flyttu til fjölskyldu eiginmanns síns og því hafi verið litið á þær sem „vatn sem hefur hellst niður“ (e. *spilt water*). Þetta var vísun í að konurnar hefðu ekkert efnahagslegt vægi fyrir foreldra sína í ljósi þess að foreldrarnir ólu þær upp með tilheyrandi kostnaði og að þær sem vinnuafli myndu síðar nýtast fjölskyldu eiginmannsins (2009: 257).

Undanfarna áratugi hafa samskipti kynjanna innan Kína breyst upp að vissu marki og konur hafa til að mynda meiri rétt innan hjónabanda en áður. Samt sem áður eru leifar feðraveldisins og konfúsískrar hugsunar enn áberandi víðs vegar í dreifbýli landsins. Enn í dag virðist hjónaband þýða að konur gefi sjálfræði sitt og æskilegt er að þær flytji til fjölskyldu eiginmannsins, líkt og tíðkaðist áður fyrr. Því er fremur sjaldgæft að kvæntar konur stundi farandverkamennsku þar sem ætlast er til að þær einbeiti sér að því að ala mönnum sínum börn og sjá um heimilið (Fan, 2004).

4.2.3 Einbirnisstefnan

Kínversk stjórnvöld töldu mikla þörf á að stjórna fólksfjölda Alþýðulýðveldisins í lok áttunda áratugarins. Áherslan á að nútímavæða efnahag landsins fól einnig í sér nauðsyn þess að fólksfjölgun yrði ekki sú sama og áratugina á undan. Kínverjar voru þá þegar orðnir einn milljarður einstaklinga og nauðsynlegt var að fæða þessa fjölmennu þjóð. Árið 1979 var því brugðið á það ráð að koma á einbirnisstefnu sem takmarkaði barneignir hjóna (Spence, 1999). Einbirnisstefnan var neyðarúrræði sem átti að draga úr fólksfjölgun og stuðla að nútímavæðingu Kína (Bulte, Heerink og Zhang, 2011; Fong, 2008; B. Gu, Wang, Guo og Zhang, 2007).

Fyrir kommúnistabyltinguna höfðu karlmenn talsvert sterkari stöðu en konur í kínversku samfélagi og innan fjölskyldna. Einn helsti tilgangur hjónabanda í hinu hefðbundna sveitasamfélagi var að eignast syni, enda voru þeir álitnir arðbærari fjárfesting en dætur (Sidel, 1972). Stúlkur áttu því erfitt uppdráttar innan Kína á þeim tíma og samkvæmt Murphy (2003) var barnamorð (e. *infanticide*) fremur algeng leið til að stemma stigu við fólksfjölgun. Á sömu nótum segir Sidel (1972):

Ef einstaklingur var nógu óheppinn að fæðast sem stúlka fyrir árið 1949 var ekki víst að viðkomandi myndi lifa af. Stúlkubörn voru fjárhagslegur baggi; þær yrðu aldrei hluti af vinnuaflí fjölskyldunnar og þar að auki þyrfti fjölskyldan að greiða heimanmund. Oft á tíðum vissu foreldrar ekki hvernig þau gætu alið og fætt dóttur og raunin er sú að algengt var að stúlkum væri drekkt (1972: 11-12).¹¹

Staða stúlkubarna eða vilji til að eignast þau breyttist ekki á komandi áratugum. Með einbirnisstefnunni átti fólk einungis kost á að eignast eitt barn og þá vildu flest öll hjón eignast son sem sæi um þau í ellinni, enda giftust dætur inn í aðrar fjölskyldur (Spence, 1999). Því miður var algengt að fólk stundaði barnamorð vegna harðra viðurlaga við brotum á einbirnisstefnunni. Þar að auki var þekkt að stúlkur væru vanræktar eða skildar eftir á munaðarleysingjahælum (Fong, 2008; Spence, 1999). Rachel Murphy (2003) segir að með tímanum hafi dregið úr barnamorðum, en aftur á móti færðust fóstureyðingar stúlkubarna í aukana. Samt sem áður er ólöglegt að kyngreina fóstur í Kína nú til dags. Nýlegar tölur segja okkur að allt að 40 milljónir kvenna vanti í kínverskt samfélag vegna einbirnisstefnunnar (Bulte et al., 2011: 21). Reyndar fæðast að meðaltali örlítið fleiri drengir en stúlkur víðs vegar

¹¹ "If one was unfortunate enough to be born female, before 1949, one might well not survive. Female babies were an economic liability; they would never become part of the family's work force and would only bring a marriage price. Often, parents didn't know how they could feed a daughter, and, in fact, the practice of drowning girl babies was common" (Sidel, 1972: 11-12).

um heim, en sú staðreynd að stúlkur voru og eru ekki eins eftirsóknarverðar og drengir hefur veruleg áhrif á kynjahlutfall í kínversku samfélagi (Bulte et al., 2011)

Einbirnisstefnan hæfði ekki þeim lífsstíl sem tíðkaðist í dreifbýlinu. Isabelle Attané (2002) segir „dreifbýlið vera hornstein kínversks samfélags en sé sett á hliðarlínuna í því tilliti að nútímavæða og auka framför ríkisins“ (2002: 167).¹² Einbirnisstefnan hafði sérstaklega mikil áhrif í sveitum landsins þar sem vinnuafli miðaðist að miklu leyti við stærð fjölskyldna. Talið var að fleiri börn myndu auka möguleika fjölskyldu á að sjá fyrir sér, auk þess sem ætlast var til að börn sæju fyrir foreldrum sínum í ellinni (Bulte et al., 2011; B. Gu et al., 2007; Spence, 1999). Þar af leiðandi var vandasamt fyrir stjórnvöld að sannfæra dreifbýlisbúa um ágæti þess að draga úr fólksfjölgun í landinu. Brugðið var á það ráð að sekta fjölskyldur sem fylgdu ekki einbirnisstefnunni og auk þess var börnum þeirra meinað að ganga í skóla (Spence, 1999: 650). Attané (2002) bendir þó á að stjórnvöldum hafi ekki tekist að draga verulega úr barneignum í dreifbýli líkt og reynt var. Frá árinu 1979 til 1984, þegar stefnunni var framfylgt hvað mest, varð meðaltal barneigna til að mynda aldrei lægra en 2,4 börn á fjölskyldu (2002: 164).

Mikil gagnrýni kom fram á einbirnisstefnuna og árið 1984 voru gerðar vissar breytingar á henni. Reglunum var framfylgt af krafti í þéttbýli, en í sveitum átti fólk kost á að fá undanþágu frá reglunni og eignast tvö börn ef viss skilyrði voru uppfyllt (Attané, 2002; B. Gu et al., 2007; Murphy, 2003). Má þar nefna að ef fyrsta barn var stúlka eða verulega fatlað og einnig ef fólk bjó við afar mikla fátækt. Stjórnvöld gerðu því kröfu um að fólk sem fékk undanþágu þyrfti að láta fjögur til sex ár líða frá fyrsta barni til þess næsta. Í dag er því mjög algengt að fólk úr dreifbýli eigi tvö börn en í borgum á fólk almennt einungis eitt barn (Bulte et al., 2011; B. Gu et al., 2007). Misjafnt er hvernig bæjarfélög fylgja einbirnisstefnunni því yfirvöld í Kína láta héraðsyfirvöld sjá um að framfylgja reglunni um barneignir og ákvarða viðeigandi refsingar við brotum á þessum reglum (Attané, 2002; Bulte et al., 2011; B. Gu et al., 2007).

Árið 2002 settu kínversk stjórnvöld lög um fjölskylduáætlun (e. *population and family planning law*) sem krefst ekki heldur biðlar til fólks að eignast eitt barn. Að sama skapi er það í höndum héraðsyfirvalda að sjá til þess að fólk virði þau lög með það að markmiði að draga úr fólksfjölgun innan Alþýðulýðveldisins (B. Gu et al., 2007: 131). Umrædd lög gera ráð fyrir að fjórir þættir veiti fólki undanþágu frá einbirnisstefnunni. Í stuttu máli eru þeir þættir kyn, efnahagslegar aðstæður, fólk í etnískum minnihlutahópum og fólk sem hefur misst börn eða

¹² "The rural world is a cornerstone of Chinese society but is sidelined in the national drive for modernization and development" (Attané, 2002: 167).

þjáist af ófrjósemi. Fyrsti flokkurinn er algengasta orsökina fyrir undanþágum frá einbirtisstefnunni, en líkt og fram hefur komið mega hjón eignast annað barn ef fyrsta barn þeirra er stúlka. Hjón sem bæði eru einbirtni fá leyfi til að eignast tvö börn. Samkvæmt öðrum flokknum geta fjölskyldur sótt um undanþágu vegna efnahagslegra aðstæðna og fátæktar. Þessi undantekning frá reglunni á þar að auki við um einstaklinga sem stunda hættulega atvinnu líkt og sjómenn eða námuverkamenn. Þriðja flokkurinn útlistar að fólk úr etnískum minnihlutahópum auk annarra með sérstakan pólitískan eða félagslegan bakgrunn fái einnig undanþágu frá einbirtisstefnunni (B. Gu et al., 2007: 132-133). Markmið stjórnvalda er þar af leiðandi helst að takmarka barneignir Han-Kínverja sem er ráðandi hópur í kínversku samfélagi. Yfir 90% Kínverja flokkast sem Han (Bulte et al., 2011). Í fjórða og síðasta flokknum eru síðan hjón sem þjáist af ófrjósemi eða hafa annaðhvort misst sitt fyrsta barn eða barn þeirra er verulega fatlað (B. Gu et al., 2007: 133). Nauðsynlegt var að gera umræddar breytingar á einbirtisstefnunni til að koma til móts við dreifbýlið enda reiða helmingur kínverskra heimila sig á landbúnað enn í dag (Attané, 2002).

Erfitt er að áætla hversu mikið hefur dregið úr barneignum innan Kína vegna einbirtisstefnunnar. Það er helst af þeim sökum að síðan stefnan var kynnt hafa ekki allar barneignir verið skráðar. Annars vegar er það vegna þess að fólk var búið að eignast of mörg börn, en hin ástæðan tengist *hukou*-kerfinu (Retherford, Choe, Chen, Xiru og Hongyan, 2005). Búsetuskráningarkerfið gerir það að verkum að gífurlegan fjölda „fljótandi íbúa“ er að finna í öllum héruðum Kína. Líkt og fram hefur komið er farandverkafólk stór hluti þessa hóps og þau eru skráð í heimasveit sinni þrátt fyrir að vera búsett í borgum. Það sama á við um börn farandverkafólks þar sem þau erfa búsetuskráningu foreldra sinna (Fan, 2003; Retherford et al., 2005). Hluti þessa stóra hóps er tekinn með í manntali Kína sem er framkvæmt á nokkurra ára fresti, en einnig er fjöldi fólks sem hefur ekki tímabundið búsetuleyfi eins og nefnt hefur verið hér að framan. Vegna þessa er ómögulegt að vita hversu mörg börn farandverkafólk á að meðaltali (Attané, 2002; Retherford et al., 2005).

Stefnur ríkisins hafa misjöfn áhrif á ólíka hópa og er einbirtisstefnan engin undantekning. Líkt og kemur fram hér að ofan þá er einbirtisstefnan gott dæmi um hve strangt eftirlit ríkið hefur og það getur „agað“ líkama kínverskra kvenna (Fan, 2004; Fong, 2008). Því hefur þó verið haldið fram að umrædd stefna feli konum aukið vald í ljósi þess að þær séu síður fastar heima og geti frekar einbeitt sér að eigin starfsframa (W. Zhang, 2009). Samkvæmt Vanessa L. Fong (2008) má einnig segja að staða stúlkna sem eru einbirtni sé talsvert betri en áður. Sú umræða miðast reyndar við konur í þéttbýli og stórborgum. Hún segir stúlkur búsettar í borgum hafa hagnast á einbirtisstefnunni að því leyti að þá fari öll

orka foreldranna í það eina barn sem er í fjölskyldunni. Stúlkur hafi því aukin tækifæri til menntunar og séu í betri stöðu en nokkurn tímann áður til að breyta gefnum hugmyndum um stöðu og hlutverk kynjanna. Áhrif einbirnisstefnunnar á konur eru þó tvíræð þar sem þær hafa hlotið aukið frelsi til að hasla sér völl utan heimilis á sama tíma og stjórnvöld skikka þær til að takmarka eigin barneignir (2008: 108-109).

5 Ímynd farandverkakvenna

5.1 Staða farandverkakvenna

Mynstur í tengslum við fólksflutninga og farandverkamennsku virðast vera sambærileg innan Kína og á milli ríkja víðs vegar um heim. Einstaklingar flytjast frá fátækari svæðum til þeirra þar sem meiri velmegun er. Verulegt ósamræmi er á lífsgæðum í kínverskum borgum og sveitum sem vel er hægt að merkja ef litið er til aðgengis að heilsugæslu, skólum og öðrum grunnþörfum (Thakur, 2002). Einn helsti þátturinn sem laðar dreifbýlisbúa að borgunum er að geta aflað sér fjár með atvinnu, en störf eru oft af skornum skammti á landsbyggðinni. Samt sem áður eru hverfandi líkur á því að farandverkafólk nái að vinna sig upp úr lægstu stétt borgarsamfélagsins. Þessi hópur er utangarðs hvað varðar aðgengi að grunnþörfum og einnig félagslega séð (Fan, 2004; Thakur, 2002). Auk þess sem farandverkakonur eru almennt verr stæðar en karlar í sömu stöðu (Fan, 2004), en líkt og Boserup (1990) bendir á þá hefur efnahagsþróun misjöfn áhrif á ólíka hópa. Til að mynda gerir hún það oftast að verkum að konur úr ráðandi hópi, þéttbýli í kínverska tilfellinu, hafi betri félags- og fjárhagslega stöðu en konur úr minnihlutahópum eða dreifbýli. Innan Kína sést þetta til að mynda á því að konur í borgum eiga kost á betri störfum en þær konur sem eiga rætur að rekja til dreifbýlis. Þá hefur meiri nútímavæðing átt sér stað í þéttbýlissamfélaginu sem gerir það að verkum að staða kvenna í borgum er almennt betri en í sveitum (Fan, 2003; Myerson et al., 2010).

Ekki er hægt að alhæfa um hvers vegna ungar konur sækja í farandverkamennsku, en Fan (2003) segir það að komast tímabundið að heiman vera algenga ástæðu meðal kvenna. Þær fá tækifæri til að búa í ólíku samfélagi, afla tekna fyrir sig og fjölskyldur sínar og öðlast aukið sjálfstæði. Hægt er að segja að nýtt tímabil hefjist í lífi þessara kvenna sem varir frá kynþroska og fram að giftingu (Ngai, 2004). Ungar konur virðst frekar kjósa að búa og starfa við slæm skilyrði í þéttbýli í stað þess að vera fastar í sveitum.

Vissa staðalmynd af kínverskri farandverkakonu er að finna í skrifum fjölda fræðimanna. Hún er ung, einhleyp, ómenntuð, úr fátækri fjölskyldu, rýfur ekki tengslin við heimahagana á meðan hún er búsett í borginni en snýr að lokum heim til að gifta sig (A. Chan, 2003; Fan, 2003, 2008b; Ngai, 2005a; Roberts, 2002). Samkvæmt Roberts (2002) á þessi skilgreining vel við fjölda farandverkakvenna þó hún eigi síður en svo við allar konur í þessum hópi. Einnig þekktist að konur starfa áfram í borgunum eftir giftingu og sumar þeirra taka börnin með sér, en það er sjaldgæft vegna þess hve erfitt er að koma börnunum í skóla í

borginni. Auk þess ílengjast sumar konur í þéttbýlinu en það er þó mun algengara meðal karla.

Hafa verður í huga að kynin stunda farandverkamennsku á ólíkan hátt. Karlar fara lengra að heiman, konur sækja í önnur störf, en þær eiga einnig kost á að breyta stöðu sinni innan fjölskyldna með farandverkamennsku. Konur sem snúa aftur heim hafa lagt sitt af mörkum til heimilishaldsins með peningasendingum og hafa þar að auki nýjar hugmyndir um hlutverk kynjanna eftir dvöl í þéttbýli (Fan, 2004; Roberts, 2002). Samt sem áður er hjónabandið fremur endalok farandverkamennsku fyrir konur en karla. Þá er algengt að karlmenn fari frá fjölskyldum sínum til að starfa annars staðar og eiginkonur þeirra sjái um börnin og heimilið. Ástæður þessa kynjamismunar má eflaust rekja til þeirrar staðreyndar að sögulega séð hafa konur verið látnar axla ábyrgð á heimilinu auk þess að þær eru síður menntaðar en karlar (Roberts, 2002).

5.2 Ímynd farandverkafólks í kínverskum stórborgum

Kínverskt farandverkafólk býr við flóknar aðstæður og jaðarstaða þeirra innan borgarsamfélagsins hefur áhrif á sjálfsmynd þessa hóps. Líkt og margt í fræðaheiminum þá hefur hugtakið ímyndir, eða sjálfsmyndir (e. *identity*) sætt gagnrýni, til að mynda af Frederick Cooper og Rogers Brubaker (2005). Þeir segja sjálfsmyndir vera flókið fyrirbæri sem þurfi að skoða í hverju tilviki fyrir sig. Því gangi ekki að koma með eina einfalda skýringu á því hvað sjálfsmyndir eða ímyndir feli í sér eða á hverju þær eru byggðar. Sjálfsmyndir mótast út frá ýmsum þáttum í mannlegri tilveru til að mynda hvernig fólkið sjálft skilgreinir sig, hverjum það tengist og samsamar sig með (2005: 60-61). Sjálfsmynd farandverkafólks í Kína er fjölþætt því þessi hópur er búsettur í nútímalegum stórborgum og á uppruna sinn að rekja til dreifbýlisins þar sem hefðbundin gildi ráða ríkjum (Myerson et al., 2010).

Þegar talað er um fólksflutninga innan Kína er bæði átt við landfræðilega flutninga einstaklinga á milli staða og breytta skráningu hvað varðar *hukou*-kerfið (K. W. Chan og Zhang, 1999: 823). Sagt hefur verið frá því að þar til seint á tíunda áratugnum hafi börn sjálfkrafa erfð *hukou* mæðra sinna. Af þeim orsökum hefur það eflaust verið erfitt fyrir konur úr sveit að finna sér maka í borginni þar sem börn þeirra hefðu hvorki rétt á menntun eða heilbrigðisþjónustu né öðrum fríðindum eins og borgarbúar. Nú til dags er samt sem áður algengast að konur úr dreifbýli haldi aftur í sveitina og giftist mönnum þaðan, enda er enn að finna fordóma gagnvart dreifbýlisbúum í borgunum (Fan, 2004: 290). Félagsleg staða

farandverkakvenna takmarkar því bæði makaval auk atvinnumöguleika og þar af leiðir að farandverkamennska er almennt stutt tímabil í lífi þeirra (Fan, 2004: 295).

Snemma á tíunda áratugnum sýndi umræða í kínversku samfélagi að borgarbúar væru almennt á móti auknum fjölda farandverkafólks í borgum. Það var helst vegna þess hve sterk tenging var talin vera á milli þessa hóps og vaxandi glæpatíðni og óreiðu innan kínverskra borga. Með óreiðu var átt við það álag sem farandverkafólk setti á almenningssamgöngur og húsnæðismarkaðinn, auk félagslegs óróa sem borgarbúar töldu að hefði skapast innan borganna vegna þessa hóps (Roberts, 1997; Thakur, 2002). Í flestum kínverskum borgum er að finna miðstöðvar þar sem farandverkafólk, án tilskilinnar skráningar eða leyfa, er kyrrsett þar til það er sent í heimahéraðið (Thakur, 2002: 304-305).

Í umræðu Shaohua Zhan (2011) um farandverkafólk bendir hann á tvíþætta útilokun þessa hóps úr borgarsamfélaginu. Annars vegar sé hún félagsleg og hins vegar lögbundin. Auðveldara var fyrir fólk úr dreifbýli að fá tímabundið búsetuleyfi í stórborgum eftir að umbætur voru gerðar á *hukou*-kerfinu (Thakur, 2002; Zai og Zhongdong, 2004) og því er það félagsleg útilokun sem háir farandverkafólki (Zhan, 2011). C. Gu og Shen (2003) eru á sömu nótum þegar þeir segja að hinir umfangsmiklu fólksflutningar úr sveitum til borga innan Kína hafi orsakað félagslegan klofning (e. *social polarization*) í Peking. Með því er átt við að farandverkafólk séu fremur nýr og afar fátækur félagslegur hópur, bæði innan Peking og annarra stórborga (C. Gu og Shen, 2003). Farandverkafólk situr því í raun fast á botni borgarsamfélagsins (Fan, 2003; Zhan, 2011).

Fan (2008b) bendir á að fræðimenn séu sammála um að farandverkafólk hafi almennt jákvæð áhrif á efnahag kínverskra borga. Í upphafi tíunda áratugarins var þó nokkur umræða um farandverkafólk innan kínversks samfélags og kom þá í ljós að borgarbúar eru almennt á móti auknum fjölda farandverkafólks vegna áætlaðrar tengingar á milli þessa hóps við aukna tíðni glæpa og óreiðu (e. *chaos*) innan kínverskra borga. Borgarbúar virðast telja að farandverkafólk vanvirði einbirnisstefnuna, leggi álag á samgöngur og leigumarkaðinn. Borgarbúar líta því á farandverkafólk sem aðkomufólk en ekki sem eiginlegan hluta hinna fjölmörgu borgarbúa (Fan, 2008b; C. Gu og Shen, 2003; Thakur, 2002).

Hluti vandans er sá að borgarbúar virðast telja að fólk úr dreifbýli hafi aðra menningu en þá sem er ríkjandi í borgunum. Sandra Ponzanesi (2002) segir í tengslum við farandverkamennsku að oft sé hægt að tala um upprunalega menningu þeirra og menningu á áfangastað. Það má velta því upp hvort það eigi við í kínversku samfélagi, því þó Kína sé eitt land er það á stærð við Evrópu og hefur á fjórða tug héraða sem eru gífurlega ólík. Einnig er menning fremur vafasamt hugtak sem einnig sætir gagnrýni hjá fræðimönnum og þar á meðal

Lila Abu-Lughod (1991). Hún gagnrýnir menningarhugtakið sem slíkt og bendir þar að auki á að menning sé nauðsynleg í að framandgera aðra og skilgreina okkur og hina. Að því leyti þjóni menning sambærilegu hlutverki og kynþáttaaðgreining gerði áður fyrr, að skapa gjá á milli fólks. Hún bendir á að menning sé fyrirbæri sem sögulega hafi verið notað til að aðgreina fólk. Oft er lögð áhersla á þá þætti sem eru ólíkir innan menningarheima í stað þess að skoða hvaða þættir eru sameiginlegir. Kínverskt samfélag er engin undantekning. Þrátt fyrir að þar sé ein menning þá hefur hún mjög misjöfn einkenni ef litið er til austurs, vesturs, norðurs eða suðurs, auk þess sem í borgum og sveitum er að finna ansi ólíkt lífsmynstur. Vegna ólíkra áherslna í tengslum við heimilið, fjölskylduna, daglegt líf og stöðu kynjanna þá er fremur auðvelt að fela sig á bakvið menningarhugtakið í von um að réttlæta það að mismuna tilteknum hópi (Abu-Lughod, 1991). Farandverkafólk er í raun talið hafa aðra menningu en einstaklingar sem eru úr stórborgunum. Líkt og Akhil Gupta og James Ferguson (1992) benda þó á er ansi vafasamt að segja að öll kínverska þjóðin, sem inniheldur 1,5 milljarð einstaklinga og þar að auki 56 etníska hópa, hafi eina og sömu menninguna (1992: 612).

Segja má að eins konar óríentalisma sé að finna innan Kína í tengslum við borgir og sveitir. Abu-Lughod (1991) talar um að menning réttlæti aðgreiningu á milli *okkar* og *hinna*. Menningarmunur er þá notaður sem eins konar útskýring á mismunun hópa og einstaklinga innan samfélaga eða á milli þeirra. Með hugtakinu óríentalismi varpaði Edward Said (1978) ljósi á hugmyndir um *okkur* og *hina*, en innan Kína virðist hugtakið eiga við um álit borgarbúa á fólki úr dreifbýli og samskipti þeirra á milli. Fólk í þéttbýli skilgreinir sjálft sig í andstöðu við sveitina. Auk þess er fólk úr dreifbýli framandgert, líkt og fram kom hér að ofan, þó það sé hluti af sama samfélagi og sömu þjóð. Tilgangur skrifa Said var að vissu leyti sá að fá fólk til að sjá að staðalmyndir af þjóðum eða heimshlutum eru einfeldningslegar og eiga sér ekki endilega stöð í raunveruleikanum. Með því að gera sér grein fyrir þessari staðreynd eru auknar líkur á að fólk reyni að setja sig í spor annarra og sýni þeim skilning sem koma frá fjarlægum og framandi heimshluta (Said, 2006).

Vandamálið er ekki einungis að farandverkafólk hafi færri tækifæri og sé almennt efnaminna heldur en borgarbúar því heldur gengur því einnig illa að samlagast borgarsamfélaginu. Ýmsir þættir koma í veg fyrir fulla samlögun farandverkafólks, en þar má nefna stofnanabundnar- og menningarlegar hindranir. Farandverkafólk á ekki kost á sömu líf skjörum og borgarbúar vegna *hukou*-búsetuskráningarkerfisins. Tækifæri tengd atvinnu og menntun eru ekki þau sömu og fyrir borgarbúa, auk þess sem litið er á viðkomandi einstaklinga sem utanveltu í samfélaginu (Myerson et al., 2010: 26). Niðurstöður rannsókna

sýna að fyrir tilstuðlan *hukou*-kerfisins þá hafi félags- og efnahagsleg einangrun fólks úr dreifbýli aukist innan Kína. Sú þróun hefur einnig ýtt undir vissa stigskiptingu í samfélaginu sem miðast út frá landfræðilegum uppruna fólks, líkt og sagt var frá að ofan. Flestir farandverkamenn eru þar af leiðandi fastir á lægsta þrepi hins stéttskipta kínverska borgarsamfélags, en þessi hópur á ennfremur erfitt með samlögun fyrir þær sakir að komið er fram við einstaklinga innan hans sem utangarðsmenn (Fan, 2003, 2008b; C. Gu og Shen, 2003; Ngai, 2005a). Ponzanesi (2002) telur að athuga verði hvernig fólksflutningar undirstrika ójöfn valdatengsl milli nýrra íbúa og þeirra sem fyrir voru.

Staða þessa hóps innan borganna virðist ekki skána með tímanum. Rebecca Myerson et al. (2010) benda á að þegar farandverkafólk hafi verið búsett í borgum til lengri tíma þá upplifi það sig hvorki sem dreifbýlis- né borgarbúa, enda hafi það ekki búsetuskráningu í borginni. Vegna þessarar sérstöku stöðu þeirra innan samfélagsins má ef til vill líkja þeim við flóttamenn í eigin landi (2010: 27). Það má því segja að farandverkafólk sem búsett er í borgunum finnist það ekki eiga þar heima, samanber umræðu Levitt og Glick Schiller (2004) þar sem þær segja það að eiga heima einhvers staðar fela í sér meðvituð tengsl við tiltekinn hóp (2004: 1010). Unnur Dís Skaptadóttir (2010) hefur velt upp þeirri spurningu hverjar séu forsendur þess að fólk sé meðtalið eða útilokað úr samfélagi (2010: 38), en í Kína virðast landfræðilegir þættir hafa mikið um það að segja eins og fram hefur komið. Heimamönnum virðist sem aðkomufólk setji of mikinn þunga á innri byggingu borganna og farandverkafólkið upplifir sig ekki sem réttmæta íbúa í borgunum (Thakur, 2002).

Þegar í borgina er komið á farandverkafólk ekki kost á sömu störfum og borgarbúar. Farandverkafólk þarf því oft að sætta sig við störf sem heimamenn kæra sig ekki um. Einnig hefur þessi hópur síður efni á sæmilegum vistarverum og á nokkrum stöðum í Peking hafa myndast hverfi þar sem flestir íbúarnir eru farandverkafólk úr tilteknum héruðum. L. Zhang (2001) segir áhugavert að líta til þess hver sé upplifun farandverkafólks í borgum og hvernig það skapi sér og nýti rými innan þéttbýlisins. Nokkuð hefur verið fjallað um innflytjendahverfi í Peking sem kallast Zheijiangcun og er staðsett einungis fimm kílómetra frá Tiananmen-torgi í miðri borginni. Umrætt hverfi dregur nafn sitt af því héraði þaðan sem flestir íbúar þess koma, Zheijiang, en þar bjuggu margir tugir þúsunda farandverkafólks (Deng og Huang, 2004; L. Zhang, 2001). Frederick F. Deng og Youqin Huang (2004) benda á að uppruni og skyldleiki móti ákvörðun farandverkafólks að flytjast í slík hverfi stórborga. Í rannsókn sinni skoðaði Zhang (2001) hvernig farandverkafólk kemur saman í þessu tiltekna hverfi og skapar sér rými innan fremur óvinveittrar borgar sem og hvernig stigskipting valds þróast innan þessa innflytjendasamfélags. Stigskipting meðal farandverkamanna kemur ekki á

óvart í ljósi þess hvernig uppbygging kínversks samfélags er í heild sinni. Zhang tók viðtöl við karlmenn sem gegndu stöðu leiðtoga þessa hóps. Annars vegar voru það menn sem stjórnðu húsnæðismálum, útveguðu land þar sem hægt var að byggja hús tímabundið og með því að móta embættismönnum sáu þeir einnig um að tiltekin hús hefðu hita og rafmagn. Stjórnvöld ákveða hvernig landsvæði er notað innan Peking og því er þessi iðja í raun stranglega bönnuð, enda má farandverkafólk hvorki kaupa né byggja sér hús í borgunum. En umræddir leiðtogar sömdu við embættismenn um að fá atvinnuleyfi fyrir hinar ýmsu verslanir og markaði sem starfræktir voru í Zhejiangcun. Einnig var það í þeirra verkahring að miðla á milli viðskiptavina og atvinnurekenda (L. Zhang, 2001). Zhang sagði leiðtogana hafa byggt traust gagnvart öðrum í hverfinu á landfræðilegum uppruna, auk þess að nýta sér fjölskyldu- og vinatengsl. Þeir juku því áhrifamátt sinn með því að vísa til sameiginlegs uppruna fólksins í Zhejiangcun auk þess að leggja mikla áherslu á hollustu og trygð (L. Zhang, 2001: 183-184). Stöður leiðtoga voru einungis í boði fyrir karlmenn, enda voru störf þeirra mikið tengd við karlmennsku og völd. Leiðtogarnir gátu brugðið á það ráð að notast við glæpagengi til að efla völd sín eða innheimta pening, þó það hafi ekki verið svo algengt. Sú staðreynd sýnir samt sem áður hvernig stigskipting valds var innan þessa tiltekna hverfis, að sumir réðu og aðrir áttu að hlýða eða hljóta verra af. Reyndar tók Zhang dæmi um að ef farandverkafólki væri kennt um glæpi, sem gerðist fremur oft, þá hafi leiðtogarnir verið eins konar miðlarar á milli fólksins og lögreglunnar (L. Zhang, 2001). Einkavæðing rýmis innan Peking er á skjön við sósíalísk viðmið að mati stjórnvalda og ögrar mögulega valdi ríkisins. Vegna þessa var ákveðið að rífa niður byggingarnar í Zhejiangcun um miðjan tíunda áratuginn, en stuttu síðar sneru flestir íbúar aftur í hverfið og hófu að byggja það upp á ný (Deng og Huang, 2004; L. Zhang, 2001). Vegna þessara viðbragða farandverkafólksins og annarra sem tengdust innflytjendahverfinu hafa yfirvöld ákveðið að breyta um afstöðu. Nú er stefna þeirra ekki að eyða hverfinu, heldur setja ýmsar reglur í tengslum við það í von um að stjórna óbeint hinum ört stækkandi hóp farandverkafólks innan Peking (L. Zhang, 2001). Ofangreind umræða sýnir hvernig stigskipting valds er inngróin í kínverskt samfélag og á sér stað í öllum krókum og kimum. Einnig sést að þrátt fyrir hin miklu afskipti ríkisins af daglegu lífi fólksins þá finnur það hinar og þessar krókaleiðir til að verða sér úti um bæði lífsviðurværi og staði til að búa á.

5.3 Sjálfsmynd kínverskra farandverkakvenna

Konur úr dreifbýli sem flytjast til stórborga mótast af þeirri reynslu. Myerson et al. vísa í Arianne M. Gaetano (2004) þegar þau segja að farandverkakonur hafi nýja sjálfsmynd sem nútímalegar konur í borginni. Sú ímynd er andstæð þeirri sem þær alast upp með vegna hugmynda og reglna sem eru allsráðandi í dreifbýli hvað varðar hlutverk og stöðu kynjanna. Því þurfa þær að skapa einhvers konar jafnvægi þar á milli (Myerson et al., 2010: 29). Myerson et al. vísa á ný í Gaetano (2004) þegar þau halda því fram að nánari skoðun á sjálfsmynd farandverkakvenna sýni flókna ímynd þeirra. Sú ímynd byggist á að þær hafi nútímagildi borgarbúa samhliða því að fylgja eða fela sig á bak við siðareglur dreifbýlissamfélagsins. Vegna þessarar breyttu ímyndar þeirra má gera ráð fyrir að fjölskyldumynstur dreifbýlisins muni breytast. Þá verður líklega lögð áhersla á smærri fjölskyldu þar sem hjón eru jafningjar og ekki eins mikið einblínt á gamlar hugmyndir um kynjahlutverk eða feðraveldi. Myerson et al. telja að farandverkafólk muni þurfa að finna málamiðlun á milli þeirra mörgu ímynda sem móta sjálfsmynd þeirra, en þar er að finna einstaklingsmiðaða kapítalistann, bóndann og kommúníska hugsun (2010: 41-42).

Í hinu hefðbundna kínverska dreifbýlissamfélagi var eftirsóknarvert að eignast syni því þeir gátu tekið við búinu og sáu um foreldra sína í ellinni líkt og sagt var frá hér að ofan. Önnur saga var með dætur sem gögnuðust fjölskyldu sinni einungis tímabundið þar sem ætlast var til að þær flyttu að lokum til fjölskyldu eiginmanns síns. Einnig hefur verið sagt frá því að stúlkur fengju síður menntun. Því miður er staðan að vissu leyti sú sama í dag og meiri áhersla er lögð á menntun drengja, þrátt fyrir að hluti kvenna nái að mennta sig. Farandverkakonur finna fyrir þrýsting frá fjölskyldum að gifta sig sínum snemma á þrítugsaldrinum og það þýðir í flestum tilfellum að þær flytjist á ný til heimahéraðsins. Því bendir Fan á að farandverkakonur séu fremur einsleitir hópur ungra kvenna sem almennt séu einhleypar (Fan, 2003; Ngai, 2004). Ponzanesi (2002) segir þó að fólksflutningar veiti konum og etnískum minnihlutahópum aukið vald (2002: 207). Með því á hún við að fólk hasli sér völl á nýjum stað og nái oft á tíðum að bæta líf skjör sín og fjölskyldu sinnar.

Bág staða kvenna í samfélagsstiganum, á heimilunum og hvað varðar menntun hefur áhrif á sjálfsmynd þeirra (Fan, 2003; Ngai, 2004). Ástæða farandverkamennsku kvenna er meðal annars fólgin í því að þær komast að heiman, búa í annars konar samfélagi og afla tekna sem ekki aðeins nýtast þeim sjálfum. Viðtekin hefð innan þessa þjóðfélagshóps er að stór hluti tekna er sendur heim til fjölskyldanna eins og fram hefur komið (Fan, 2003). Þrátt fyrir að farandverkafólk hafi verið stór þáttur í daglegri tilveru í kínverskum borgum virðist enn vera ómögulegt fyrir fólk úr dreifbýli að samlagast samfélaginu að öllu leyti og hafa

ímyndir nokkuð um það að segja. Þrátt fyrir að margt hafi skánað eru möguleikar utanaðkomandi einstaklinga innan borganna í grunninn þeir sömu. Farandverkafólk virðist fast í þeirri stöðu að vera varanlegt utangarðsfólk innan borganna og litið er á þennan hóp sem *hina* í andstöðu við borgarbúa (Fu, 2009). Þetta er í samræmi við það sem Zhan (2011) segir í tengslum við félagslega útilokun. Hún snýst um að fólk og hópar dragi mörk á milli sín og annarra. Það takmarkar því samskipti og meinar utanaðkomandi aðgang að tækifærum og auðlindum innan viðkomandi hóps. Fræðimenn á borð við Fu (2009) og Roberts (2002) hafa sagt frá því hvernig staðalmyndin af farandverkakönnum er, að þær séu ómenntaðar, vanþróaðar og ofan á allt óhreinar. Því skiptir miklu máli að breyta þeirri ímynd sem borgarbúar hafa af farandverkafólki, svo þessi hópur fái raunveruleg tækifæri eins og aðrir innan borganna.

5.3.1 Samtök farandverkakvenna

Víðs vegar um heiminn hefur það sýnt sig að það er mun áhrifameira ef jaðar- eða minnihlutahópar taka sig saman og berjast fyrir réttindum sínum eða bættri stöðu sem ein heild. Eftir efnahagsumbæturnar sem hófust árið 1978 opnaðist Kína fyrir umheiminum á margvíslegan hátt. Kvenréttindahreyfingar voru þar engin undantekning, en vestrænar hugmyndir um kvenréttindi bárust til Kína á níunda áratugnum. Viss vitundarvatning hefur átt sér stað innan Kína, en þó verður að hafa í huga að ekki er sjálfgefið að hægt sé að heimfæra vestrænar hugmyndir yfir á kínverskt samfélag. Áhugavert er að sjá hvernig kínverskar konur hafa myndað hópa til að taka á hinum ýmsu málefnum (Croll, 2001; Milwertz, 2002: 11; Milwertz og Wei, 2008). Í tengslum við þessa umræðu vísa Cecilia Milwertz og Bu Wei í fræðikonuna Li Xiaojiang (1999), sem er þekktur frumkvöðull í kvennarannsóknum innan Kína, en hún segir varhugavert að þvinga vestrænni orðræðu á kínverskar aðstæður. Auk þess bendir Li á að ekki allir þættir vestræns femínisma eigi við í kínversku samhengi og því sé nauðsynlegt að greina kínverskar aðstæður á réttum forsendum (Milwertz og Wei, 2008: 126).

Kynjamisrétti fékk aukna athygli innan Kína eftir umbæturnar þegar annars konar atvinnuástand tók við í landinu, enda kom í ljós að hlutskipti kynjanna voru ekki þau sömu. Til að mynda áttu bæði karlar og konur að vera virkir þátttakendur á vinnumarkaðnum þrátt fyrir að konur fengju lægri laun fyrir sömu vinnu. Reyndar er staðan sambærileg um allan heim, en í Kína sögðust stjórnvöld leggja áherslu á jafnræði á milli kynjanna en mismunuðu síðan konum á sama tíma. Líkt og með kvenréttindahugsun sem barst til Kína frá Vesturlöndum voru það aftur vestræn áhrif sem ýttu undir að konur tækju sig saman og

krefðust betri kjara (Honig og Hershatter, 1988). Ýmis samtök kvenna hafa verið stofnuð innan Kína og Croll (2001) skoðaði þróun þeirra. Niðurstaða hennar var sú að tilvera þessara samtaka hefði áhrif í kínversku samfélagi. Það eitt að slík samtök eru starfrækt hefur ögrað staðalmyndum um konur, kynjahlutverkum og í raun hefðbundinni stöðu kvenna í kínversku samfélagi (2001: 30).

5.3.1.1 All China Women's Federation

Kínversk stjórnvöld stofnuðu samtök á kommúnistatímanum sem bera nafnið *All China Women's Federation*, og eru í dag afar fjölmenn og starfrækt um allt landið. Þetta eru stærstu og umfangsmestu samtök kvenna sem eru starfrækt innan Kína. Þau hafa átt fremur stóran hátt í að koma konum út á vinnumarkaðinn og gera þær að virkum þátttakendum á bæði félagslegum og pólitískum sviðum samfélagsins. Konur hafa þorað að vera með háværingi gagnrýni á hefðbundna þætti kínversks raunveruleika í nafni samtakanna. Þar má nefna hjónabönd, stöðu kvenna innan fjölskyldna og þær staðalmyndir sem eru ríkjandi um konur. Kraftur slíkra samtaka felst þar að auki í því að þarna er skapaður vettvangur sem sameinar fjölmennan hóp kvenna til að berjast sameiginlega fyrir réttindum sínum. Samtökin hafa einnig opinberlega véfengt það vald sem karlar hafa í kínversku samfélagi (Croll, 2001; Honig og Hershatter, 1988; Yihong, 2001; T. Zhang, 2007). *All China Women's Federation* hafa umráð yfir talsverðu fjármagni og eru þar af leiðandi í stöðu til að starfa með öðrum samtökum sem beita sér fyrir bættri stöðu kvenna. Þessi samtök hafa stofnað sjóði fyrir konur og börn, gefið út tímarit og byggt samkomuhús svo fátt eitt sé nefnt. Nú til dags eru þau í betri stöðu en áður að þrýsta á yfirvöld að krefjast breytinga vegna nýlegrar stefnu ríkisins um að efla hag kvenna. Umsvif kvennasamtaka á borð við þessi hafa vaxið töluvert innan kínversks samfélags undanfarna áratugi (Yihong, 2001; T. Zhang, 2007).

5.3.1.2 Dagongmei's Home

Önnur samtök kvenna innan Peking sem verður fjallað um hér heita *Dagongmei's Home*, eða *Dagongmei zhi jia* á kínversku, og voru stofnuð árið 1996. Orðið *dagongmei* þýðir bókstaflega vinnandi kona eða systir (Fu, 2009; Milwertz, 2002). Milwertz (2002) segir yfirlýstan tilgang þessara samtaka vera að styðja farandverkakonur með því að leiðbeina þeim og veita þeim aðstoð við að takast á við ýmis vandamál sem stöðja að þeim innan borga. Samtökin starfrækja tímarit, en yfirlýstur tilgangur þess er að vekja athygli á málefnum farandverkakvenna. Þar að auki hafa þau lagt áherslu á að kenna konum úr dreifbýli að lesa og

skrifa, stærðfræði og tungumál á borð við kínversku og ensku og þar að auki grunnkennsla á tölvur því meirihluti farandverkakvanna hefur aðeins að baki sex ára nám í grunnskóla (Milwertz, 2002).

Diana Fu (2009) framkvæmdi vettvangsrannsókn sem sneri að samtökunum *Dagongmei's Home*. Hún tók viðtöl við fjölda farandverkakvanna og ræddi við konur sem starfa hjá umræddum samtökum. Markmið hennar var að skoða aðstæður og vandamál sem steðja að þeim mikla fjölda farandverkakvanna sem búsettur er í kínverskum stórborgum. Samkvæmt Fu segjast samtökin vera staður þar sem „allir geti talað að vild án hamla (e. *inhibition*)“ (2009: 528). Þetta er einkar mikilvægt fyrir þær sakir að yfir hundrað milljónir farandverkafólks hafa farið úr kínverskum sveitum til borga. Konur eru um það bil einn þriðji þessa hóps og eru því berskjaldaðar í ljósi þess að vera konur og auk þess er litið niður á farandverkafólk innan þéttbýlis, líkt og fram hefur komið hér að ofan. Því er mikil hætta á að raddir þeirra séu þaggaðar niður eða ekki hlustað á þær (Fu, 2009: 528). Fu (2009) vitnar í viðtöl sem hún tók við farandverkakonur úr dreifbýli þegar hún segir eftirfarandi staðhæfingu hafa komið upp oft en einu sinni: „ég hef maga fullan af orðum, en get ekki sagt þau“ (2009: 528). Þess vegna veltir Fu (2009) því fyrir sér hvers vegna farandverkakonum finnst þær ekki geta tjáð sig. Það hvernig borgarþáttar líta á farandverkakonur hefur eflaust sitthvað að segja um það hvers vegna þeim finnst þær vera mállausar innan borganna.

Samtökin *Dagongmei's Home* leggja áherslu á að breyta ímynd og innihaldi orðsins *dagongmei* fyrir konurnar sjálfar. Með því að fá þær til að upplifa sjálfar sig á jákvæðan hátt sem sjálfstæðar konur úr dreifbýli og ögra þannig þeirri neikvæðu ímynd sem hugtakið hefur í fjölmiðlum. Þau hvetja konurnar einnig til að koma skoðunum sínum á framfæri (Fu, 2009; Milwertz, 2002). Því er reynt að breyta staðalmyndinni af farandverkakonum sem einföldum og gamaldags í að litið sé á að þær hafi frumkvæði, atbeina og séu „fallegar, sjálfsöruggar, greindar og ómissandi þáttur í samfélaginu“ (Fu, 2009: 541). Starf þessara samtaka miðar að því að sýna farandverkakonum að þær séu ekki einar því mikill fjöldi kvenna sé í sambærilegri stöðu og þær (Milwertz, 2002). *Dagongmei's Home* eflir umræddan hóp kvenna með því að fagna heitinu *dagongmei* sem sterkum konum, að magna upp raddir þeirra í fjölmiðlum og gefur þeim orðaforða þannig að þær verði stoltar af því að vera farandverkakonur. Einnig hafa samtökin farið aðrar leiðir að því að fá konur til að tjá sig. Þar má helst nefna leiklistarsmiðju sem miðaði að því að nýta aðra líkamstjáningu til að sýna hvað konurnar væru að hugsa. Að mati Fu (2009) fólst máttur þessa tiltekna framtaks í því að konunum var kennt að tjá sig og segja það sem þær hugsuðu án þess að hugsa hversu rétt það

væri eða til hvers væri ætlast til af þeim. Það er stórt og mikilvægt skref fyrir konur sem eru aldar upp í dreifbýlissamfélaginu að sýna tilfinningar sínar á þennan hátt.

Þrátt fyrir að þessi samtök hafi unnið mikilvægt starf á mörgum sviðum hafa þau einnig sætt gagnrýni. Á sama tíma og þau vinna í því að efla konur virðast þau einnig þjálfar þær í að verða betri starfskraftar í augum yfirvalda. Fu segir *Dagongmei's Home* samt sem áður hvetja farandverkakonurnar áfram með fræðslu, kennslu auk þess að þjálfar þær og veita þeim færi á að tala í almenningi, en sú tjáning á þó einungis að vera innan tiltekins ramma. Til að mynda er ekki í boði að fara inn á umræðuefni eins og andstöðu við ríkið eða stefnur þess (Fu, 2009). Staðan er sambærileg innan *All China Women's Federation*. Starfsemi þeirra er takmörkuð á þann veg að hún á hvorki að vera ögrandi á félagslegan né pólitískan hátt. Það má ekki gleyma því að þessi tilteknu samtök voru stofnuð af ríkinu, svo kannski er ekki hægt að ætlast til þess að þau séu róttæk líkt og frjáls félagasamtök eða samtök aktívista. Niðurstaða fræðimanna sem hafa rannsakað umrædd samtök er að áhersla þeirra sé fremur að skapa jákvætt viðhorf gagnvart ríkinu og stefnum þess heldur en að standa vörð um rétt kvenna (Croll, 2001; Yihong, 2001; T. Zhang, 2007). Varðandi *Dagongmei's Home* gagnrýnir Fu hversu mikil áhersla hafi verið lögð á konurnar sem *dagongmei* í stað þess að skilgreina þær sem sjálfstæða einstaklinga með ólíkar skoðanir og lífsreynslu að baki (2009: 547). Eflaust væri betra að hvetja konurnar til að finna kraftinn í sjálfum sér, en þó getur verið að þær finni mátt í því að vera skilgreindar sem hluti af tiltekinni heild. Milwertz (2002) er á þeirri skoðun og hún segir mátt samtakanna felast í því að sameina farandverkakonur því þá heyrast raddir þeirra enn frekar.

Í kínverskri löggjöf er kynjunum tryggður jafn réttur og samtökin *Dagongmei's Home* reyna að efla konur á þeim forsendum. Óskýrar reglur og gamlar venjur tengdar kynjunum skapa hins vegar ójafna aðstöðu fyrir karla og konur á vinnumarkaði. Þar að auki koma vinnuveitendur ekki fram við kynin á sama hátt. Samtökin vilja leiðrétta þetta misræmi og tryggja konum sömu réttindi og körlum. Til að það markmið sé innan seilingar verða konur að vita hver réttur þeirra er svo þær geti krafist jafnréttis gagnvart fjölskyldum sínum og vinnuveitendum (Milwertz, 2002). Samtök á borð við þessi hafa reynst konum úr dreifbýli mjög mikilvæg í réttindabaráttu þeirra, sem og til að vera mál gagn þeirra sem almennt eru hljóðir.

Óvíst er hvað framtíðin ber í skauti sér fyrir ofangreind samtök kvenna. Jin Yihong (2001) telur líklegt að *All China Women's Federation* muni leita að fjármagni og styrkjum á nýjum stöðum í þeim tilgangi að samtökin verði ekki eins háð stjórnvöldum. Hún gerir einnig ráð fyrir að með tímanum muni samtökin verða sveigjanlegri hvað varðar rekstur og starfið

sjálfst. Þessi tilteknu samtök eru í góðri stöðu til að miðla á milli minnihlutahópa, á borð við farandverkakonur, og stjórnvalda vegna stærðar sinnar og umfangs. Með því er hægt að stofna sameiginlegan vettvang þar sem samtök geta barist fyrir sameiginlegum markmiðum. Samt sem áður er flókið verk að kynda undir áhuga ólíkra þrýstihópa í von um að skapa eina rödd sem hlustað verður á. Niðurstaða Yihong (2001) er að þegar *All China Women's Federation* verða opnari og sveigjanlegri þá aukist líkur á því að þau verði betri málsvarar og tenglar á milli þessa mikla fjölda kínverskra samtaka.

6 Ályktanir

Í eigindlegum rannsóknum hefur sá aðili sem framkvæmir rannsóknina óneitanlega áhrif á niðurstöður. Ekki er hægt að komast hjá því að taka sjálfan sig með inn í rannsóknina, enda er hún á persónulegri nótum en margar aðrar nálganir. Í þessum kafla eru dregnar ályktanir út frá viðtölunum sem voru tekin á vettvangi og þau sett í samhengi við umræðu ritgerðarinnar. Flestar konurnar sem ég nálgadist höfðu mikinn áhuga á að tala við mig og heyra um tilgang dvalar minnar á vettvangi. Þó markaðurinn sé mjög stór höfðu nokkrar þeirra orðið varar við mig talandi við fólk á nærliggjandi sölubásun. Ég hafði gaman af því að ræða við konur á markaðnum utan viðtala og ég held að það hafi gert þær jákvæðari í minn garð. Margar þeirra höfðu sömuleiðis áhuga á að fræðast um Ísland. Þeim fannst við eiga það sameiginlegt að koma úr smærri samfélögum, en áttu þó bággt með að trúá hversu fáir byggju í raun á Íslandi. Okkar skilgreining á smáum samfélagi er ekki sú sama.

Ég er í forréttindastöðu sem vestrænn rannsakandi að hafa átt þess kost á að dvelja tímabundið í Kína og framkvæma umrædda rannsókn. Líkt og sagt var frá í aðferðafræðikaflanum skapaði sú staðreynd að ég sé frá Íslandi vissa fjarlægð sem hafði bæði jákvæð og neikvæð áhrif. Annars vegar áttu margar kvennanna mögulega erfiðara með að samsama sig með mér, en hins vegar gerði fjarlægðin það að verkum að konurnar ræddu viðkvæm mál á borð við einbirnisstefnuna og *hukou*-kerfið. Líklegt má teljast að þær hefðu ekki átt í samræðum um þessi mál við ókunnuga Kínverja. Mínar hugmyndir um stöðu og hlutverk kvenna hafa eflaust haft mikið að segja um hvernig ég greini viðtölin og hvað ég telji vera mikilvægt í gögnunum sem ég aflaði á vettvangi. Þá verður að hafa í huga að rannsóknin takmarkaðist að einhverju leyti við þær konur á markaðinum sem gátu talað ensku en fjöldi enskumælandi farandverkafólks fer ört vaxandi. Það setti viðtölum ákveðnar skorður og gerði sum samtöl styttri að orðaforði viðmælenda minna var takmarkaður.

6.1 Peking og heimahéraðið

Fólksflutningar innan Kína eru í langflestum tilfellum á þann veg að fólk flyst úr dreifbýli og stundar farandverkamennsku í stórborgum. Enginn viðmælenda í þessari rannsókn var upprunalega frá Peking líkt og við var að búast. Hins vegar kom í ljós að átta af þeim tólf konum sem rætt var við voru frá Anhui-héraði og það er fremur sérkennilegt í ljósi þess að það hérað er í miðju landinu og í raun mun nær Sjanghai. Viðmælendurnir vildu meina að

mjög algengt væri að fólk frá Anhui starfaði á mörkuðum í stórborgum á borð við Peking, Sjanghæ og Shenzhen. Þessi staðhæfing er í samræmi við það sem fræðimenn hafa sagt um farandverkafólk frá Anhui. Umrætt hérað er fátækt og farandverkamennska algeng meðal fólks þaðan (Fan, 2008a; Ngai, 2005b). Þegar rætt var við Hui-fang um hátt hlutfall fólks frá heimahéraði hennar á Yaxiu-markaðnum sagði hún: „Mjög margir sem vinna á þessum markaði eru frá Anhui. Við erum hrifin af þessum markaði og þessum stað. Þetta er góð og hrein vinna“.¹³

Allar konurnar nema ein, Sheila, fluttu til Peking í þeim tilgangi að vinna þar. Sheila hafði verið búsett í borginni síðan hún var barn, en hún gekk í skóla fyrir börn farandverkamanna. Susie átti einnig marga að í Peking, en fjölskyldur hennar og eiginmanns hennar búa í borginni. Zhen Zhen var einnig búsett í Peking ásamt fjölskyldu sinni, en faðir hennar lést fljótlega eftir að fjölskyldan flutti til borgarinnar. Ástæða þess að þau fluttu til Peking var að afla fjár og bæta líf skjör fjölskyldunnar, en í dag starfa öll systkinin á fatamarkaði og eru sátt við sitt hlutskipti. Þrátt fyrir að Sjanghæ sé nær heimahéraði flestra kvennanna völdu þær flestar að fara til Peking vegna þess að einhver sem þær þekktu var búsettur í höfuðborginni. Algengt var því að heyra viðmælendurna segja að þeir hefðu flust til Peking vegna fjölskyldu sinnar. Sumar konurnar áttu fjölskyldumeðlimi eða frændfólk sem var þá þegar búsett í Peking, aðrar komu til borgarinnar til að starfa fyrir skyldmenni og sumar fluttust með einhverjum úr fjölskyldu sinni. Nokkrar konurnar fóru þó úr heimahéraðinu og í borgina af sjálfsdáðum. Þegar Hui-fang var spurð hvers vegna hún fluttist til Peking svaraði hún:

Til að afla mér fjár. Það er erfitt fyrir ungar stúlkur að vinna sér inn pening í heimabænum mínum, svo það er mun betra að koma til stórra borga eins og Peking.¹⁴

Allur gangur var á því hvort viðmælendurnir ætluðu að snúa aftur til heimahéraðsins. Flestar vildu konurnar þó flytjast heim og dvelja einungis tímabundið í Peking. Þegar Sun var spurð hvort hún ætlaði að fara aftur til Anhui sagði hún: „Já, vegna þess að ástæðan fyrir því að ég er í Peking er ekki til að búa hér. Ég er bara að vinna hérna“.¹⁵ Nokkrar konurnar höfðu áhuga á að setjast að í Peking þrátt fyrir þau vandræði sem *hukou*-kerfið skapar þeim og aðrar sögðust vilja vera áfram í borginni ef þær fengju betri vinnu.

¹³ "Very many people that work in this market are from Anhui. We like this market and this place. It is good and clean work."

¹⁴ "To make money. It's hard for young girls to make money in my hometown, so it's much better to come to big cities like Beijing."

¹⁵ "Yeah, because the reason I stay here in Beijing is not for living. I'm just working here."

Gupta og Ferguson (1992) ræða um hvernig brottfluttir einstaklingar eiga það til að hafa brenglaða mynd af upprunastað sínum. Konurnar á markaðnum virtust ekki hafa óraunhæfar hugmyndir um heimabæi sína þrátt fyrir að vera mjög fjarri upprunastað sínum í þessari risastóru borg. Þó voru örfáar sem sögðust ekki vera hrifnar af Peking því þar væri of fjölmennt, dýrt að vera og þess háttar. Til að mynda sagði Hui-fang: „Ég er mjög hrifin af heimabæ mínum og Anhui. Ég er ekki eins hrifin af Peking. Mjög ólíkir staðir. Ég er hrifin af því þegar er hljóðlátt eins og heima. Allt er svo hávært og ört hérna í Peking“.¹⁶ Sharon var hins vegar ekki á sömu skoðun:

Ég vinn mikið, en þegar ég klára og fer heim sé ég fólk. Margir, margir búa í Peking. Margir frá öðrum löndum. Mér finnst gaman að hitta fólk. Það er ekki eins í heimabænum mínum. Hann er smár, allir sofandi á kvöldin. Í Peking sérðu alltaf ljós úti á götu og fólk. Ég er hrifin af því. Í bænum mínum eru allir sofnaðir á miðnætti, ekki í Peking.¹⁷

6.2 Yaxiu-markaðurinn

Konurnar höfðu starfað mislengi á markaðnum, eða allt frá 4 mánuðum upp í 5 ár, en margar þeirra höfðu starfað áður á sambærilegum fatamörkuðum. Þær voru mishrífna af þessari atvinnu, líkt og við var að búast, en staðsetning þeirra á markaðnum hafði ýmislegt að segja um ánægju í starfi. Konur sem störfuðu á háannasvæðum, við rúllustigana eða í miðri töskudeildinni, voru þreyttari á vinnunni heldur en þær sem unnu við að selja föt. Eftir að hafa dvalið nokkuð lengi á markaðnum var augljóst að áberandi færri viðskiptavinir voru á fatabásunum heldur en á mörgum öðrum stöðum innan markaðarins.

Allar konurnar vinna langan vinnudag. Markaðurinn opnar klukkan tíu alla morgna og þurfa þær að gera sölubásinn sinn tilbúinn fyrir opnun. Zhen Zhen sagði að almennt væri starfsfólk mætt klukkan hálf tíu á morgnana. Markaðurinn lokar ekki fyrr en klukkan níu á kvöldin og þá þarf fólk að ganga frá básunum sínum svo vinnudagurinn er nær tólf tímum heldur en ellefu. Hún benti þó á að skárri væri að vinna á Yaxiu-markaðnum heldur en hinum þekktu Silkimarkaði þar sem hún starfaði í fimm ár. Zhen Zhen sagði Silkimarkaðinn vera í

¹⁶ "I really like my hometown, and Anhui. I don't like it as much here in Beijing. Very different places. I like when it is more quiet like at home. Everything so loud and fast here in Beijing."

¹⁷ "I work much, but when I finish and go home I see people. Many many people live in Beijing. Many people from other country. I like to see people. It's not like that in my town. - It is small, everybody sleep in the night. In Beijing, you always see light in the street and people. I like that. In my town at midnight everybody sleeping, not Beijing."

eigu einkaaðila á meðan Yaxiu-markaðurinn er ríkisrekinn. Því er opnunartími í Yaxiu-markaðnum einnig klukkutíma styttri en í mörgum öðrum mörkuðum.

Þrátt fyrir að konurnar álíti Yaxiu-markaðinn vera „góða og hreina vinnu“, líkt og Hui-fang sagði, er þetta engu að síður erfið vinna. Þær þurfa að standa nánast allan daginn og reyna að vekja athygli á sínum sölubási svo fólk staldri frekar við hjá þeim heldur en á næsta bási. Hagur kvennanna er að halda verði eins háu og þær geta, en viðskiptavinirnir sem eru aðallega vestrænir, eru misgóðir að prúttu. Mikil orka fer í að standa í prútti alla daga, alla daga ársins. Tracy sagði að þrátt fyrir þokkaleg laun miðað við mörg önnur þá sé stöðugt áreiti og gífurlegur fjöldi viðskiptavina sem þarf að sinna á hverjum degi. Mikil orka fer í að reyna að halda verðinu uppi gagnvart þeim viðskiptavinum sem eru mjög duglegir að prúttu. Flestar konurnar töluðu því um það hvað þær væru bæði andlega og líkamlega þreyttar eftir vinnudaginn. Varðandi orkuleysi sagði Li-hua: „suma daga er ég svo þreytt að ég bara prúttu ekki mikið“.¹⁸ Eitt atriði sem heldur sumum konum í umræddri vinnu í lengri tíma er sá möguleiki að þær geti unnið sig upp. Nokkrar kvennanna minntust á að þær þekktu fólk sem hefði byrjað störf á markaðnum og hefði síðar eignast sinn eigin sölubás. Zhen Zhen sagði til að mynda: „Systir mín er yfirmaðurinn minn, þannig að ég bið ekki um frí. Áður fyrr vann hún eins og ég við að selja töskur, en núna er hún yfirmaðurinn“.¹⁹ Í ljósi þess að starfsfólk á markaðnum sendi almennt stóran hluta launa sinna til heimahéraðsins má teljast ólíklegt að þær geti safnað nógu fé til að kaupa sig inn í slíkan rekstur. Fólk sem starfar á básunum er í vinnu fyrir rekstraraðila sem eiga í samskiptum við verksmiðjur og birgja. Það eru því rekstraraðilarnir sem leigja sölubásana.

Misjafnt var hvort konurnar áttu kost á að fá frí í vinnunni. Markaðurinn er opinn ellefu tíma á dag, alla daga ársins, svo ekki var hlaupið að því að fá leyfi. Sjö viðmælendur voru einir á sölubási sem gerði það að verkum að þeir áttu afar erfitt með að fá leyfi, sama hvort um væri að ræða veikindaleyfi eða tíma frá vinnu í þeim tilgangi að fara til heimahéraðsins. Þær bentu á að það væri á þeirra ábyrgð að manna básinn á meðan þær voru fjarverandi. Sumar þeirra gátu fengið vinkonur sínar til að vinna fyrir sig, en þó var það ekki alltaf í boði. Konurnar sem störfuðu á sölubási með tveimur starfsmönnum áttu því frekar kost á að taka sér leyfi og fara til heimahéraðsins. Algennt er að fólk sækist eftir að fara heim í kringum kínverska nýárið, en í ljósi þess að markaðurinn er opinn alla daga ársins þarf ávallt einhver að manna hvern sölubás.

¹⁸ "Some days I'm so tired I just don't bargain much."

¹⁹ "My sister is my boss, so I don't ask for holiday. Before she worked like me in selling bags, but now she is the boss."

Konurnar sem voru einar á bási áttu erfitt með að fá frí ef þær voru veikar. Þær sögðust mæta í vinnu þrátt fyrir að vera veikar og bentu á að hægt væri að taka lyf við veikindum. Hins vegar ef þær væru verulega veikar og kæmust ekki á markaðinn þá gætu þær flestar fengið vinkonu sem hlypi í skarðið fyrir þær. Það var áhugavert að sjá vilja þessara kvenna til að hjálpa öðrum í sömu stöðu. Sölubásar Julie, Song og Sheila voru á sama gangi í markaðnum og þær sögðust geta leitað til hvorrar annarrar ef engin vinkona gæti komið og unnið ef þær væru mjög veikar eða þyrftu frí af einhverri ástæðu. Þær sögðu erfitt að sinna fleiri en einum bási, en þær myndu samt gera það.

6.3 Skyldurækni

Konurnar eru mjög skylduræknar gagnvart fjölskyldum sínum. Þær leggja mikla áherslu á að hugsa um hag allrar fjölskyldunnar líkt og tíðkast í Kína. Minna er um einstaklingshyggju og talið er æskilegt að hugsa um hag heildarinnar. Þessar hugmyndir koma úr konfúsíusisma, en þær hafa einnig verið notaðar til að réttlæta misskiptingu gæða líkt og fram hefur komið (K. W. Chan og Zhang, 1999; Solinger, 2006; Yao, 2000). Skylduræknin skín í gegn í orðum Song: „Ég kaupir mér aldrei fót eða geri neitt sem kostar pening. Ég vinn, borða og sef. Fjölskyldan mín fær restina af laununum mínum. Þetta er það sem Kínverjar gera, sjá um fjölskylduna sína“.²⁰ Algengt er að fleiri en einn aðili úr fjölskyldu sé búsettur í borg og hjálpast þeir að auk þess að vera stuðningur fyrir hvern annan. Ling Ling talaði mikið um að hana langaði að fara heim og búa þar með syni sínum en hún sagði:

Að vinna er mér mjög mikilvægt og einnig hef ég mikið af fólki til að sjá fyrir.

Bara ég og systir mín erum hérna þannig að ef ég fer til Anhui verður systir mín að vera hérna ein og hún mun verða mjög þreytt og getur ekki einu sinni veikt.²¹

Ling Ling fannst hún því þurfa að stunda farandverkamennsku í Peking aðeins lengur vegna systur sinnar og foreldra. Hún setti sjálfa sig í annað sæti, en vonaðist þó til að geta snúið aftur til heimahéraðsins svo hún gæti loksins verið með syni sínum alla daga. Zhen Zhen hafði misst föður sinn nokkrum árum áður og bjó í lítilli íbúð með bróður sínum og móður. Hún sagði eiginmann sinn vilja fá sig til Guangdong-héraðs í Suður-Kína þar sem hann var búsettur, en hún kaus frekar að starfa í Peking og styðja fjölskyldu sína:

Móðir mín á engan eiginmann núna svo hún býr með mér og bróður mínum. Ég held að hún muni ekki eignast annan eiginmann. Það er líka þess vegna sem ég

²⁰ "I never buy new clothes or do anything expensive. I just work, eat and sleep. My family gets rest of money. It's what Chinese people do, take care of family."

²¹ "Working is very important to me, and also I have many people. Only me and my sister are here, so if I go to Anhui, then my sister needs to be here alone, and she will be very tired, and can't even get sick."

verð að hjálpa móður minni. Það er enginn til að sjá um hana nema ég og bróðir minn. Þess vegna verð ég að hjálpa henni. Eiginmaður minn er í burtu og þess vegna get ég búið með móður minni og bróður. Hinar systur mínar eru giftar og eiga börn nú þegar.²²

6.4 Peningasendingar

Allir viðmælendurnir nema Zhen Zhen, sem styrkir móður sína í Peking, senda fjármagn til heimahéraðsins og styðja fjölskyldur sínar á þann máta. Upphæðirnar eru misháar, en flestar sögðust ekki þurfa miklar fjárhæðir til að lifa. Því sendu þær allar eins mikið og þær gátu, enda er fjármagn og atvinna af skornum skammti í dreifbýlinu. Auk þess sögðust sumar þeirra senda gjafir heim reglulega, en það voru oftast föt og vörur af markaðnum. Líkt og fram hefur komið eru peningasendingar afar mikilvægar fyrir þau heimili sem taka á móti fjármagninu (Fan, 2008b; Levitt, 2001). Áður fyrr fékk fjölskylda Zhen Zhen meirihluta launa hennar, en eftir að hún gekk í hjónaband sagðist hún þurfa að safna fyrir sjálfa sig. Hún leigir íbúð í Peking með bróður sínum og móðir þeirra býr hjá þeim og stuðningur hennar við fjölskylduna er enn til staðar. Hinar konurnar virtust skilgreina eigin tekjur sem fjármagn sem fjölskyldan ætti jafnan rétt á. Þær fóru úr heimahéraðinu í þeim tilgangi að afla tekna sem nýttust allri fjölskyldunni og þær sögðust ekki vera ósáttar við það hlutskipti. Meira að segja Susie, sem var nýlega búin að kaupa hús fyrir utan borgina, sagðist þurfa að spara fyrir sjálfa sig núna en gerði ráð fyrir að senda fjölskyldu sinni fjármagn á ný eftir þrjú til fimm ár. Konunum fannst þær þurfa að senda hluta launa sinna í heimahéraðið og svo virtist sem þær töldu sig ábyrgar að einhverju leyti fyrir velferð fjölskyldu sinnar. Á þeim nótum sagði Hui-fang:

Ég verð að senda pening heim til þeirra. Ég sendi meirihluta launanna sem ég fæ til fjölskyldunnar minnar. Ég þarf ekki mikinn pening til að lifa. Það er ekki mikil vinna í boði þarna. Ég þarf líka að vinna mikið hérna á markaðnum svo ég geti sent pening til þeirra. Þau þurfa á peningnum að halda.²³

²² "But my mother have no husband now, so she live with me and my brother. I don't think she will have other husband. That is also why I have to help my mother. She has no one to take care of her except me and my brother. That's why I also just have to. My husband is away, so I can live with my brother and mother. My other sisters are married and have children already."

²³ "I have to send money home to them. Most of the money I get for my job I send to my family. I don't need very much money to live. There is not much work there. I also have to work very hard here at the market, so I can send some money to them. They need the money."

6.5 *Hukou*-kerfið

Rætt var við konurnar um *hukou*-kerfið, hvort þær teldu það hafa áhrif á daglegt líf þeirra og hver skoðun þeirra væri á því. Örfáar sögðust ekki hafa skoðun á kerfinu þrátt fyrir að tala um það á neikvæðan hátt, en almennt voru þær sammála um að *hukou*-kerfið flækti líf þeirra á margvíslegan hátt. Þar má nefna aukinn kostnað vegna heilsugæslu, mikils tíma og peninga sem færi í að sækja um tímabundið búsetu- og atvinnuleyfi og að erfitt væri að kaupa fasteign í Peking þó þær hefðu efni á því. Í raun þarf fólk úr öðrum héruðum að fá Pekingbúa skráðan fyrir fasteigninni. Einnig sögðu þær erfitt að finna eiginmann úr borginni og bentu á að menn úr borginni litu almennt ekki við konum úr öðrum héruðum, eða eins og Tracy benti á: „Karlmennt frá Peking eiga ekki konur frá öðrum héruðum, að minnsta kosti er það ekki algengt“.²⁴ Tracy sagði að henni fyndist *hukou*-kerfið slæmt og ef hún hefði *hukou* í borginni þá þyrfti hún ekki nauðsynlega að flytja aftur heim í Jilin-hérað til að gifta sig og stofna fjölskyldu. Unnusti hennar er frá sama héraði og því sagði hún að fjölskyldur þeirra ætluðust til að þau sneru heim úr farandverkamennsku á einhverjum tímapunkti. Tracy staðhæfði einnig að erfitt væri fyrir ung hjón að koma sér fyrir í borg þar sem þau hefðu ekki búsetuskráningu, en þá vísaði hún til barneigna og erfiðleika við að kaupa fasteignir. Staðan er sambærileg hjá fjölda kvenna og þær vilja vera áfram í borginni en eiga erfitt með að finna sér mann og búa þar. Þessi staðreynd er þekkt meðal farandverkafólks, því lengi erfðu börn *hukou* móður sinnar. Í dag er staðan önnur, en hjónabönd kvenna úr dreifbýli og karla úr stórborgum hafa þó ekki færst í aukana líkt og hefði verið hægt að gera ráð fyrir (K. W. Chan, 2010; K. W. Chan og Zhang, 1999). Þær konur sem voru barnlausar sögðust ekki finna eins mikið fyrir *hukou*-kerfinu í daglegu lífi, þrátt fyrir að þær segðu það flækja ýmislegt. Viðmælendur sem voru einhleypar sögðust ekki þurfa *hukou* í Peking, en bentu á að þær fengju búsetuskráningu í Peking ef þær giftust manni úr borginni. Áhrif *hukou*-kerfisins sjást því á margvíslegan hátt í lífi farandverkakvenna. Eftirsóknarvert er að finna eiginmann með þéttbýlisskráningu hvað varðar tækifæri og lífsgæði barna farandverkakvenna. Því kom á óvart að flestir viðmælendurnir hafi verið sammála um að vilja eiginmann úr heimahéraðinu.

Helstu gagnrýnendur *hukou*-kerfisins voru þær konur sem áttu börn. Þegar Ling Ling var spurð hvort sonur hennar væri í borginni hjá henni svaraði hún: „Nei, hann getur það ekki. Það er of dýrt og erfitt að hafa hann hérna“.²⁵ Börn farandverkafólks geta oft á tíðum farið í sérstaka skóla í Peking, en takmarkað pláss gerir það að verkum að erfitt er að koma þeim að í viðkomandi skólum. Þar sem farandverkakonur eru ekki með *hukou* í borginni eiga þær

²⁴ "Men from Beijing don't have wives from other province, at least not very often."

²⁵ "No, he cannot. It is too expensive and difficult to have him here."

heldur ekki kost á góðum störfum og því starfa þær á markaðnum þrátt fyrir langan vinnudag. Susie býr í Hebei, héraðinu fyrir utan Peking, og starfar í borginni. Hún sagði: „Ég tek rútuna alla daga til að komast heim og á markaðinn. Rútan er 2-3 tíma á leiðinni. Stundum er þetta ekki of mikið, en stundum tekur það enn lengri tíma út af umferðarteppum“.²⁶ Auk þess að vinnudagur Susie er 11 klukkustundir er hún í 4-6 tíma að ferðast í og úr vinnu alla daga. Hún sagði það vera of dýrt og flókið að koma dóttur sinni í skóla og hún geti ekki alið upp barn meðan hún vinnur á markaðnum. Því vildi hún safna peningum og að lokum fara að starfa í Hebei-héraði þar sem dóttir hennar gæti gengið í skóla og búið hjá foreldrum sínum. Dóttirin var fjögurra ára og Susie vonaðist til þess að geta flutt til hennar eftir nokkur ár.

6.6 Einbirnisstefnan og eigin barneignir

Enginn viðmælenda var einbirni þrátt fyrir hina umdeildu einbirnisstefnu Kínverja. Systkinafjöldi var misjafn, en þó kom á óvart að þrjár kvennanna áttu þrjú systkini. Þar fyrir utan áttu fimm eitt systkini og fjórar konur áttu tvö. Allar konurnar voru Han-Kínverjar en rúm 90% Kínverja eru í þeim hópi. Það er helst sá hópur sem á að fylgja fast eftir reglum um barneignir. Reyndar eru umræddar konur úr dreifbýli og smærri borgum, en einbirnisstefnunni er ekki framfylgt þar af sama krafti og í stórborgum á borð við Peking. Viðmælendurnir bentu á að í heimabæjum eða –borgum þeirra gætu Han-Kínverjar fengið undanþágu frá stefnunni ef fyrsta barn væri stúlka. Einnig sögðu Ling Ling og Li-hua að mæður þeirra hefðu verið orðnar fertugar þegar þær eignuðust yngri systkini þeirra og því hafi þær ekki verið sektaðar. Hjá þeim konum sem áttu mörg systkini var algengt að foreldrarnir hættu ekki barneignum fyrr en þeim fæddist sonur. Sú var raunin hjá Zhen Zhen, sem er þriðja í röðinni af fjórum systkinum. Varðandi fjölskylduna sína sagði hún:

Móðir mín og faðir vildu son meira en allt. Bærinn minn er mjög fátækur. Ég held að flestir eignast fleiri en eitt barn. Stundum ef fólk eignast stúlku, þá gefur það hana til annars fólks. Fólk vill drengi. Nú eignast fólk ekki eins mörg börn líkt og áður. Nú fara stelpurnar ekki eins oft til annarra fjölskyldna. Ég held að fjölskyldan mín hafi verið fátækust í bænum. Þegar ég var ungabarn þurftu þau næstum því að gefa mig, en þau vildu að ég væri með fjölskyldunni minni, svo þau völdu að eiga engan pening og mörg börn. Ég er mjög hamingjusöm að þau gáfu mig ekki.²⁷

²⁶ "I take the bus everyday to get home and to the market. The bus is at least 2-3 hours on the way. Sometimes not too much, but sometimes takes a long time because of the traffic."

²⁷ "My mother and father want a son more than anything. My town very poor. I think most the people have more than 1 baby. Sometimes if the people have girl, then they give her to other people. People want boy. Now the people don't have as many baby as before. Now the girls don't have to go to new family as much. - My family

Saga Zhen Zhen er ekki dæmigerð fyrir viðmælendurna í þessari rannsókn en eflaust ekki fáheyrð í kínversku dreifbýli. Misjafnt var hvort foreldrar viðmælendanna greiddu sektir fyrir að eiga of mörg börn. Engin þeirra sagði þó að stjórnvöld hefðu gripið til harðari aðgerða á borð við að meina börnunum skólagöngu, líkt og Spence (1999) segir að gert hafi verið á tímabili.

Viðmælendurnir voru ósammála um réttmæti einbirtisstefnunnar. Þrjár kvennanna voru sammála um að hún væri nauðsynleg fyrir kínverskt samfélag hvað varðar fólksfjölgun. Þær sögðu að stefnan fengi fólk til að hugsa sig um tvisvar áður en það ákveður barneignir. Einungis Tracy var neikvæð í garð einbirtisstefnunnar: „Mér finnst hún ósanngjörn. Stjórnvöld búa til reglu sem allir Kínverjar verða að fylgja“,²⁸ en Tracy talaði mikið um að hana langaði að eiga stóra fjölskyldu. Julie var sú eina sem sagðist vera óviss með einbirtisstefnuna: „Ég held að of mikið af fólki í Kína sé ekki gott. Ég veit ekki hvort mér þyki stefnan góð eða slæm. Kannski er eitthvað gott, en það er slæmt þegar stjórnvöld segja fólki hvað það eigi að gera“.²⁹ Hinar sjö konurnar höfðu í raun lítið að segja um einbirtisstefnuna. Þær bentu á að svona væri kínverskt samfélag og lítið við því að gera.

Fimm viðmælendur áttu eldri bræður, en það hlutfall kom verulega á óvart í ljósi þess hversu algengt var að fólk vildi einungis drengi. Þetta hlutfall er eflaust fyrir ofan meðaltal því sagt var að meirihluti hjóna léti sér nægja að eiga einn son. Konurnar sögðu þó að flestir Kínverjar vilji eitt barn af hvoru kyni þrátt fyrir einbirtisstefnuna. Þær bentu einnig á að sjaldgæft væri að fólk hætti ekki barneignum fyrir en það eignaðist stúlku. Tracy sagði:

Foreldrar mínir eru ólíkir mörgum öðrum Kínverjum. Þau virkilega vildu stúlku. Þannig að fyrst eignuðust þau dreng, svo annan dreng og svo mig. Þau hugsa öðruvísi um fjölskyldu en margir í Kína. Þau vildu stúlku og dreng. Ekki bara dreng. Þau biðu eftir mér í mörg ár [*hlær*]. Foreldrar mínir sögðu mér reglulega þegar ég var lítil að þau hafi beðið eftir mér í langan tíma.³⁰

Einungis þrjár kvennanna voru orðnar mæður. Líkt og fram hefur komið er algengast að börn farandverkafólks séu búsett í heimahéraðinu hjá ættingjum (Fan, 2003; Solinger, 2006) og var

was the poorest in the village I think. When I was baby they almost have to give me away, but they want me to be with my family, so they choose to have no money and many baby. I am very happy that they don't give me away."

²⁸ "I think it is unfair. The government makes a rule and all people in China have to follow."

²⁹ "I think too many people in China is not good. - I don't know if I think policy is good or bad. Maybe some good, but is not good when government tell people what to do."

³⁰ "My parents are different from many Chinese people. They really want girl. So first they have boy, then another boy, and then me - They think other about family than many in China. They want girl and a boy. Not just boy. They wait for me for many years [*hlær*]. My parents always tell me when I was young that they wait for me for long time."

það raunin með tvö barnanna. Hins vegar var sonur Julie búsettur hjá henni í Peking. Ástæða þess að hann gat dvalið hjá foreldrum sínum var að þau bjuggu í íbúð með fjölskyldu eiginmanns hennar. Drengurinn var ekki nema tveggja ára gamall, en samt sem áður sagði hún að það væri mjög dýrt að hafa hann hjá sér, jafnvel þó þau fengju hjálp frá tengdafjölskyldunni. Julie sagðist vilja flytja heim til Anhui-héraðs eftir fimm til tíu ár en þau hjónin ætla sér að senda drenginn í skóla fyrir börn farandverkafólks þrátt fyrir mikinn kostnað.

Þrátt fyrir að allar konurnar ættu systkini þá vildu nú þeirra ekki eignast fleiri en eitt barn. Hinar þrjár sögðust vilja tvö börn, einn dreng og eina stúlku. Sheila talaði um kosti þess að eiga systkini: „Það er líka mikill þrýstingur fólginu í því að vera eina barnið í fjölskyldunni. Þrýstingur varðandi skólann, fjölskylduna, eiginmann, allt. Ég er hamingjusöm að eiga bróður“.³¹ Konurnar hafa því allar upplifað það að eiga systkini, en margar minntust á að fjölskyldur þeirra hefðu verið afar efnalitlar þegar þær voru ungar. Það gæti verið að sú staðreynd hafi áhrif á þá ákvörðun að vilja ekki fleiri en eitt barn. Mikið var rætt um kostnað tengdan skóla og heilbrigðisþjónustu, auk þess að þær sögðu ungt fólk í dag vinna svo mikið utan heimilis að það hefði ekki tíma til að eignast mörg börn. Einbirnisstefnan hefur þar af leiðandi minni áhrif á líf fólks í dreifbýli heldur en gert var ráð fyrir við upphaf þessarar rannsóknar. Algennt er að fólk úr sveit eða smærri borgum eignist fleira en eitt barn því það veit að í versta falli þarf það að greiða sekt. Það var því ekki einbirnisstefnan heldur sú staðreynd hversu dýrt og tímafrekt það er að ala upp barn sem fékk þátttakendur í þessari rannsókn til að takmarka eigin barneignir.

6.7 Menntun

Menntun var einn af þeim málaflokkum sem talað var um við þátttakendur í rannsókninni. Helmingur kvennanna hafði áhuga á að mennta sig en hinn helmingurinn sagðist ekki vilja fara í frekara nám þótt þær ættu kost á því. Þær sem vildu ekki mennta sig sögðust vera hrifnar af því að vinna og væru of þreyttar fyrir nám. Svör hins helmings viðmælenda voru sambærileg. Þær sögðust ekki hafa tíma til að mennta sig vegna mikillar vinnu og að í lok 11 tíma vinnudags hefðu þær ekki orku til að læra. Fjórar kvennanna höfðu farið í háskóla, en engin þeirra hafði útskrifast. Ástæða þess var í raun sú staðreynd hvað háskólanám er dýrt. Tracy benti á að nám væri ekki á allra færi vegna þess hve há skólagjöld eru í Kína. Hún sagði

³¹ "Is also very much pressure to be the only baby in the family. Pressure for school, family, husband, everything. I am happy to have brother."

ódyrara að fara í háskóla í smærri borgum, en aftur á móti væru skólarnir þar ekki eins góðir og stórborgum á borð við Peking og Sjanghæ. Tracy sagði: „Ég byrjaði að vinna hérna í hlutastarfi með háskólanum. Svo hætti ég í skólanum og fór að vinna alfarið hérna. Mér finnst vinnan ágæt, en ég er alltaf þreytt. Ég fæ þó vel borgað. Það er gott“.³² Allir viðmælendurnir voru sammála um að hafa ekki orku til að mennta sig, jafnvel þó þær vildu. Zhen Zhen var í háskóla í eitt ár að læra ensku, en þurfti að hætta vegna fjárskorts. Hún hafði mikinn áhuga á námi: „Mig langar að fara aftur í skóla, en nám er of dýrt. Ég vil læra meira, en eftir vinnu er ég orkulaus“.³³ Hún var þar af leiðandi ekki bjartsýn á að hafa færi á að mennta sig, en nýtti dvöl sína á markaðnum til að læra tungumál. Hún talaði mjög góða ensku og var þar að auki búin að læra nokkuð í japönsku og spænsku vegna samskipta við viðskiptavinum frá mörgum löndum. Zhen Zhen kunni þar að auki að heilsa á sænsku auk nokkurra annarra orða og sagðist einnig hafa áhuga á að læra íslensku. Hinar konurnar minntust einnig á það að þær fengju góða þjálfun í ensku með því að starfa á markaðnum og þær töldu það mikinn kost við þessa vinnu. Enskukunnáttan myndi ávallt nýtast þeim í námi og vinnu. Þær sögðu þessa atvinnu vel borgaða og það kæmi eflaust í veg fyrir að þær leituðu sér að annarri vinnu þar sem vinnutími væri hentugri og hægt að stunda nám samhliða vinnu. Konurnar gáfu þó ekki upp vonina að geta jafnvel menntað sig seinna, því líkt og Li-hua sagði: „Ég held að menntun hjálpi fólki að eiga betra líf“³⁴ og Tracy sagði: „Ég myndi vilja meiri menntun. Ég held að hún gefi þér fleiri tækifæri í lífinu“.³⁵

6.8 Ímynd farandverkakvanna

Konurnar á markaðnum hafa frá því þær komu til Peking upplifað sig sem utangarðsmenn, sem merkja má á samskiptum þeirra eða samskiptaleyzi við borgarbúa. Að skynja sjálfan sig sem óvelkominn í borgunum hefur eflaust áhrif á samskipti farandverkafólks við aðra og þar með talið útlendinga. Ég bauð fjórum konum af markaðnum í mat heim til mín og var matarboðið að hluta til vegna þess að ég vildi þakka Zhen Zhen, lykilþátttakandanum mínum, fyrir alla hjálpina. Af þeim fjórum sem komu í matarboðið höfðu tvær verið viðmælendur mínir auk frænku Zhen Zhen og vinkonu hennar sem starfaði á næsta bás. Í umræðu við matarborðið sögðust þær aldrei hafa farið heim til útlendinga áður og svo virtist sem þær teldu

³² "I start the work here part-time with college. Then I quit college and work always here. I think the job is okay, but I am always tired. I get good money. That's good."

³³ "I want to go to school again, but it is too expensive. I want to study more, but after work here I have no energy."

³⁴ "I think education help people make better life".

³⁵ "I would love to have more education. I think it makes you more opportunity in your life."

útlendinga líta niður á sig. Engin sem ég ræddi við á markaðnum minntist heldur á vinaleg samskipti við útlendinga utan vinnu. Í viðtali við Sharon sagði hún frá samskiptum við borgarbúa og eru þessi orð einnig lýsandi fyrir reynslu hinna kvennanna: „Ég á engan vin frá Peking. Allir vinir mínir eru frá öðrum héruðum. Stelpurnar á markaðnum eiga vini frá markaðnum. Fólk frá Peking vinnur ekki hér“.³⁶

Farandverkakonur taka að vissu leyti völdin í sínar hendur og stíga út fyrir rammann með því að fara til borganna. Þær ögra þeim feðraveldisáherslum sem eru ríkjandi í dreifbýlinu og koma aftur heim með nýjar hugmyndir um hlutverk kynjanna og eigin stöðu. Gott dæmi um slíka viðhorfsbreytingu á milli kynslóða er Zhen Zhen, lykilþátttakandinn. Hún var 26 ára gömul og hafði verið búsett í borginni í rúm fimm ár. Hún gerði tilraun til að mennta sig og var í háskóla í eitt ár, en þurfti að hætta námi vegna fjárskorts. Zhen Zhen hafði verið gift í eitt og hálf ár, en eiginmaður hennar var í sjóhernum og því búsettur í Suður-Kína. Þau þekktust ekki fyrir hjónaband, en foreldrar þeirra þrýstu á að þau giftu sig, enda bæði úr sama bænum. Zhen Zhen sagði að hún væri ekki hamingjusöm og hún hefði efasemdir um hjónabandið. Í stað þess að sætta sig við þetta hlutskipti líkt og móðir hennar hafði gert sagðist hún vera að hugsa um að skilja við hann. Hún vissi að fjölskylda hennar yrði ekki sátt við þá ákvörðun, en sagðist einnig vita að hún ætti betra skilið og þar að auki væri hún sjálfri sér nóg.

³⁶ "I have no Beijing friend. All my friends from other province. The girls from market have friends from market. Beijing people no work here."

7 Umræða og lokaorð

Líkt og víðast hvar annars staðar hefur kínverskt samfélag ávallt einkennst af misskiptingu gæða. Á keisarátímanum voru áberandi öfgar innan landsins þar sem fámenn hástétt bjó við munað á meðan meirihluti þjóðarinnar var efnalaus lágstétt. Í seinni tíð hefur staða dreifbýlisfólks lotið í lægra haldi fyrir þéttbýlinu vegna stefnu stjórnvalda. Sú staðreynd er augljós ef litið er til einbirtisstefnunnar og *hukou*-kerfisins. Þessar stefnur voru ekki mótaðar með dreifbýlið í huga heldur með það að markmiði að stuðla að efnahagslegri þróun kínverska Alþýðulýðveldisins. Samt sem áður samanstendur kínverska þjóðin að mestu leyti af fólki úr akuryrkjusamfélagi og smærri borgum. Á síðari árum hefur áherslan innan kínversks samfélags verið á iðn- og borgavæðingu og efnahagslegar framfarir.

Hugmyndir Foucault um vald eru nytsamlegar til greiningar á ýmsum þáttum í kínversku samfélagi því þar er að finna fjölmörg dæmi um valdbeitingu af hálfu stjórnvalda. Lífvald hefur þar að auki verið áberandi í kínversku samfélagi svo öldum skiptir. *Hukou*-kerfið og einbirtisstefnan eru góð dæmi um það hvernig slík valdbeiting fer fram og hugmyndir Foucault veita hentugar forsendur eða ramma til að vinna út frá. Samkvæmt Foucault er vald fjölþætt og flókið hugtak. Auk þess að fela í sér bælingu má segja að það sé innbyggt kerfi sem skilyrði einstaklinga. Það hvernig einstaklingar eru agaðir eða skilyrtir til hlýðni er stór þáttur í því hvað fær fólk til að gangast undir vald. Valdbeiting virðist vera að miklu leyti innbyggð í undirmeðvitund einstaklinga og þarf því ekki að fara fram á eins augljósan hátt og tíðkaðist áður fyrr. Í nútímasamfélögum er mikið eftirlit með almenningi, ekki síst í alræðisríkjum eins og Kína. Fólk hefur skýrar hugmyndir um hverjar kunna að vera afleiðingar óhlýðni og sú vitneskja fær fólk til að aga sig sjálft. Brot á einbirtisstefnunni er dæmi um slíkt þar sem fólk getur þurft að greiða háar sektir fyrir að eignast fleiri börn en heimilt er. Það er ekki einungis að stefna ríkisins sem takmarkar barneignir, setji fólki skorður, heldur einnig efnahagur líkt og viðmælendur mínir bentu á, þar sem dýrt er að ala upp börn.

Lífvald er ráðandi þáttur í tilveru Kínverja á öllum æviskeiðum. Með *hukou*-kerfinu hafa yfirvöld áhrif á búsetu einstaklinga, hreyfanleika þjóðarinnar, aðgengi að heilsugæslu, menntun og öldrunarþjónustu. Einbirtisstefnan hefur dregið úr á fæðingartíðni í landinu, auk þess að hafa áhrif á hið kínverska fjölskylduform. Konur hafa að miklu leyti misst vald yfir eigin lífi og líkama þar sem þær hafa hvorki raunverulegt val um hversu mörg börn þær vilja

eignast né hvar þær kjósa að búa. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar bæði á einbirtisstefnunni og *hukou*-kerfinu í gegnum árin en í raun er eingangrun fólks í dreifbýli enn mjög svipuð. Viðmælendur mínir, farandverkakonurnar, voru ekki í beinni uppreisn gegn feðraveldinu sem enn í dag er ríkjandi í Kína, en þær gengu gegn ráðandi samfélagsskipan með því að fara að heiman.

Yfirvald mótar að vissu leyti hugmyndir fólks um hvað teljist eðlilegt innan samfélags. Stofnanir ríkisins eru þáttur í að knýja fram hegðun sem stjórnvöld sækjast eftir. *Hukou*-kerfið er dæmi um það hvernig ríkisstofnanir geta komið sínu fram og þannig ná stjórnvöld að hafa margvísleg áhrif á daglegt líf fólks. Lífvald er og hefur verið áberandi innan Kína en almennt finnst fólki ekki margt athugasvert við hin miklu ríkisafskipti. Ástæða þess er eflaust hve lengi lífvald hefur tíðkast í kínversku samfélagi. Einnig réttlætir orðræðan um þetta form stjórnunar aðgerðir og stefnu stjórnvalda. Innan kínversks samfélags lærir fólk að setta sig við hlutina eins og þeir eru. Það sést til að mynda á þeirri staðreynd að fólk gagnrýnir almennt ekki opinberlega misskiptingu gæða eða bága stöðu sína vegna stefnumótunar og stjórnarháttanna af hálfu ríkisins. Í viðtölum mínum var umræðan í tengslum við stjórnvöld almennt jákvæð en þó sagði Julie: „...en það er ekki gott þegar stjórnvöld segja fólki hvað það á að gera“.³⁷ Konurnar virtust einnig vera sammála um að staðan væri betri í dag en áður fyrr þrátt fyrir *hukou*-kerfið vegna efnahagslegra umbóta í kínversku samfélagi.

Einbirtisstefnan og búsetuskráningarkerfið eru bæði dæmi um mikil afskipti ríkisins af þegnum en þessi úrræði af hálfu stjórnvalda virðast hafa verið talin nauðsynleg fyrir kínverskt samfélag. *Hukou*-kerfinu var ætlað að koma í veg fyrir of mikla ásókn fólks úr dreifbýli í borgir og tryggja að borgirnar næðu að vaxa á eðlilegum hraða. Mikill fjöldi farandverkafólks er í stórborgum þrátt fyrir hömlur kerfisins svo það má gera ráð fyrir að helstu borgir Kína væru umtalsvert stærri ef ekki væri vegna búsetuskráningarkerfisins. Einbirtisstefnan náði að draga úr þeirri miklu fólksfjölgun sem einkenndi kínverskt samfélag. Stefnan var talin nauðsynleg því stjórnvöld sáu ekki fram á að geta brauðfætt þjóðina með þessu áframhaldi.

Að vissu leyti er hægt er að líkja búsetuskráningarkerfinu við vistarbandið á Íslandi til forna. Fólk hefur í raun og veru ekki val um hvar það býr. Vistarbandið fól í sér að allt jarðnæðislaust fólk varð að vera í vinnumennsku í sinni sveit, ráða sig í vinnu hjá jarðeigendum að minnsta kosti ár í senn. *Hukou*-kerfið er sambærilegt vistarbandinu þar sem það bindur fólk til dvalar og búsetu í sinni heimasveit ella missir það réttindi sín eins og þau eru skilgreind af hálfu opinberra aðila. Þess vegna getur farandverkafólk í Kína nútímans ekki

³⁷ „...but is not good when government tell people what to do.“

gert kröfu til þess að njóta þeirra réttinda sem fólki skráð í borgunum stendur til boða. *Hukou*-kerfið er þáttur í því ferli að festa tiltekin valdasambönd í sessi og tiltekið fyrirkomulag sem skilgreint er af yfirvöldum. Fyrir tilstilli búsetuskráningarkerfisins eru fjölmargar fjölskyldur fastar í sömu félagslegu stöðunni í hinum dreifðu byggðum landsins kynslóð eftir kynslóð. Afar erfitt er fyrir fólk að breyta eða bæta lífskjör sín því menntun er ekki í boði fyrir alla né öflun launatekna. Margir eru fastir í áttahagafjötrum og sjálfsþurftarbúskap. Sagt hefur verið að einstaklingar séu fastir í einskona hringlaga ferli sem felur í sér að fólk fari tímabundið til borganna og vinni sér tekna, sem breytir þó ekki raunverulegri stöðu þeirra því fólk endi á upphafsreit að lokum; í heimahögunum vegna skorts á réttindum. Farandverkamennskan er birtingarmynd þessa veruleika.

Hukou-kerfið felur í sér misrétti. Möguleikar einstaklinga til lífs og starfs ráðast að miklu leyti af uppruna og fæðingarstað. Fólk hefur verið svipt þeim rétti að fá að ákveða sjálft hvar það býr auk þess sem einstaklingar hafa misjöfn réttindi gagnvart ríkinu. Þeir sem eru svo heppnir að hafa fæðst í borgum standa almennt betur að vígi en fólk sem fætt er í dreifbýli. Orðræðan í samfélaginu er þó á þann veg að *hukou*-kerfið hafi verið nauðsynlegt stjórnæki við upphaf borgarþróunar í Kína en þarfnist endurskoðunar. Helsta gagnrýnin snýr að því að kerfið ýti undir stigskiptingu kínversks samfélags og misskiptingu gæða. Slík misskipting gæða og mismunur þegna hefur ríkt í kínversku samfélagi frá örófi alda og er þannig viðtekin staðreynd. Af því kann að leiða að eðlilegt þyki að sumir einstaklingar eða hópar búi við tiltekin gæði og hljóti betri menntun og fleiri tækifæri en aðrir. Það er jafnframt viðtekin staðreynd að gagnrýni á stefnu yfirvalda getur haft alvarlegar afleiðingar. Viðmælendur mínir höfðu margir hverjir orð á því að *hukou*-kerfið væri ekki réttlátt og var það almennt gert með vísun í það hversu erfitt væri að flytjast með börn og fjölskyldur til borgarinnar. Í gagnrýni á *hukou*-kerfið var gjarnan vísað til erfiðleika við að taka upp fjölskyldur og flytja þær búferlum. Engin kvennanna sagði það ekki eiga rétt á sér eða gagnrýndi það efnislega. Þær bentu á að þetta væri hluti af kínversku samfélagi og lítið við því að gera.

Augljóst er að fólk úr dreifbýli hefur ekki sömu lífsgæði eða tækifæri og borgarbúar. Auk þess er talsvert erfiðara fyrir fólk úr dreifbýli að vinna sig upp í samfélaginu eða breyta félagslegri stöðu sinni. Í Kína fer mjög lágt hlutfall þjóðarinnar í háskóla. Háskólamenntun er afar dýr og þó veittir séu styrkir fyrir góðan námsárangur er takmarkað framboð á þeim. Mikil samkeppni er á þessu sviði og fáir útvaldir sem hljóta framgang. Haft var orð á því í viðtölunum að skólar í smærri borgum væru ekki eins góðir og skólar stórborganna, Peking og Sjanghæ. Almennt er talið að fólk í dreifbýli eigi ekki kost á eins góðri grunnmenntun og

er í boði í borgunum. Samkeppnisstaðan er því verulega skert. Að auki hafa margar fjölskyldur í dreifbýli hafa ekki efni á að senda börn sín til framhaldsnáms sem ekki er í boði í heimahéraði. Kom fram í máli kvennanna að þrátt fyrir mikinn áhuga og vonir um menntun sem lið í lífskjarabreytingu gerðu þær sér vel grein fyrir að ekki væri líklegt að draumar þeirra rættust í þeim efnum.

Margir Kínverjar kjósa að taka áhættu og leita gæfunnar á nýjum slóðum í von um að bæta hag sinn og fjölskyldu sinnar. Í þéttbýli eru annars konar störf í boði en í sveitinni þar sem þau einskorðast að mestu við landbúnaðarstörf og á síðari tíma við vinnu í verksmiðjum. Því má halda því fram að farandverkafólk sitji fast í lægstu stétt borgarsamfélagsins og neyðist þar af leiðandi til að setta sig við störf sem borgarbúar líta almennt ekki við. Það sé þar af leiðandi fast á jaðri borgarsamfélagsins. Einnig hefur þessi hópur síður efni á viðunandi vistarverum og á nokkrum stöðum í borginni hafa myndast hverfi þar sem flestir íbúarnir eru farandverkafólk úr tilteknum héruðum. Hér að ofan var sagt frá Zheijiangcun hverfinu í Peking, en þar hefur myndast stéttaskipting líkt og víðast hvar í kínversku samfélagi. Að mínu mati er þetta áhugaverð staðreynd og eflaust til marks um það hvernig stefna stjórnvalda síast inn í alla kima samfélagsins.

Þrátt fyrir ofangreinda erfiðleika sækir fjöldinn allur af fólki í farandverkamennsku, meðal annars til að bæta kjör fjölskyldna sinna og taka þátt í nútímalegra samfélagi. Farandverkafólkið sýnir andóf og brýtur upp gefin hlutverk með því að setta sig ekki við lífskjör sveitalífsins. *Hukou*-kerfið laut þeim tilgangi að stjórna búsetu, tryggja jafnvægi í byggðum landsins og stýra samfélagsþróun í Kína. Í lok sjötta áratugarins var talið að borgirnar hefðu ekki bolmagn til að taka við ótakmörkuðum fjölda fólks og tryggja yrði landbúnaðarstörf á landsbyggðinni. Kerfið hefur ekki þolað vel tímans tönn, er barn síns tíma. *Hukou*-kerfið viðheldur þó vissu valdasambandi á milli stjórnvalda og íbúa þar sem sumir einstaklingar hafa rétt á tilteknum fríðindum frá ríkinu og þar með vissum lífsgæðum sem aðrir eiga ekki kost á. Segja má að stéttaskipting myndist á milli þétt- og dreifbýlis. Stjórnvöld notast við orðræðu og yfirvald til að réttlæta þá miklu misskiptingu gæða sem er að finna í kínversku samfélagi með því að vísa til efnahagslegrar þróunar og hagsmuna samfélagsins í heild sinni.

Fljótandi íbúar hafa átt erfitt uppdráttar innan borga eins og Peking því hin félagslega útilokun er mikil. Auk þess að vera á jaðri borgarsamfélagsins, sökum *hukou*-kerfisins, er farandverkafólk utangarðs því þau eru úr sveitinni. Fordómar og ranghugmyndir tengdar farandverkafólki eru áberandi og svo virðist sem borgarbúar telji fólk úr dreifbýli hafa aðra menningu en þá sem er til staðar í borgunum. Því er sífellt komið fram við farandverkafólk

eins og utangarðsmenn. Staðalmyndir af farandverkakönnum fela meðal annars í sér að þær séu einfaldar, óhreinar, vitlausar og gamaldags sem er andstætt ímyndinni af nútímakönnum í borgum. Staðalmyndin af farandverkakönnum er í samræmi við ímynd dreifbýlis í borgunum; það sé frumstætt og gamaldags. Þessar ímyndir farandverkakvenna og dreifbýlisins hindra eðlileg samskipti á milli farandverkafólksins og borgarbúa. Mikið verk er fyrir höndum að breyta stöðu þess hóps sem stundum er kallaður „fljóttandi íbúar“ (e. *floating population*) úr því að vera *hinir* í að vera einir af *okkur* í borgunum. Samtök líkt og *Dagongmei's Home* eru mikilvæg fyrir þær sakir að þau efla og styrkja farandverkakönur og hjálpa þeim einnig að sækjast eftir jafnrétti í borgarsamfélaginu. Innan samtakanna er unnið að því að breyta þeirri staðalmynd sem er ríkjandi í samfélaginu af farandverkakönnum, en áhugavert væri að skoða eftir einn til tvo áratugi hvort starf þeirra hafi skilað sér í breyttu áliti almennings á þessum hópi.

Sjálfsmynd farandverkakvenna er flókið fyrirbæri. Hún mótast að vissu leyti af bágrri stöðu þeirra innan borga og takmörkuðum samskiptum við borgarbúa. Einnig takast á öfl innra með þeim þar sem þær eru búsettar í nútímavæddum borgum en rekja uppruna sinn til dreifbýlisins og smærri borga þar sem daglegt líf er einfaldara. Líkt og sagt hefur verið frá telja fræðimenn að farandverkamennska muni hafa mikil áhrif á sveitasamfélagið í heild sinni. Konur sem fara í borgir snúa aftur með nýja sjálfsmynd og hugmyndir um stöðu kynjanna. Með því að yfirgefa sveitina eru konurnar að ögra kynjahlutverkum og hefðbundinni stöðu sinni. Áhugavert verður að sjá hvort sú kynslóð sem nú dvelst tímabundið í borgunum muni ala dætur sínar upp við aðrar áherslur heldur en þær sjálfar lærðu í barnæsku.

Einbirnisstefnan hefur breytt hinu kínverska fjölskylduformi, en áður fyrr voru fjölskyldur talsvert stærri. Nú til dags hafa verið gerðar umbætur á þessari stefnu en miðað er að því að afnema hana á komandi áratugum. Breytingar á stefnunni eru til að mynda þær að hjón sem bæði eru einbirni eiga rétt á að eignast tvö börn án þess að þurfa að greiða nokkra sekt eða þess háttar. Líkt og fram kom í viðtölunum mínum var það þó ekki endilega einbirnisstefnan sem kom í veg fyrir barneignir heldur sú staðreynd hversu dýrt það er að eiga barn.

Almennt er talið að almenningur í Kína fylgi stefnu stjórnvalda, þar á meðal einbirnisstefnunni. Hörð viðurlög eru við því að hegða sér ekki í samræmi við stefnuna, sektir og refsingar eru við því að eignast fleiri en eitt barn. Það kom mér því verulega á óvart að heyra að enginn viðmælenda minna væri einbirni. Konurnar sögðu mér að yfirvöld fylgdu ekki einbirnisstefnunni á sama hátt í dreifbýli og smærri borgum. Öðru máli gegndi um stærstu borgirnar því þar væri stefnunni svo sannarlega framfylgt. Þar af leiðandi héldu þær

Því fram að tæknilega væri í lagi að eignast tvö börn. Hins vegar bentu þær á hve dýrt að ala upp barn og sögðu flestar að það væri einungis á færi efnaðs fólks að eiga mörg börn. Sagt hefur verið frá fjölskyldu Zhen Zhen sem var svo efnalítill að þau væru næstum því búin að gefa hana til ættleiðingar, en hún var þriðja barn af fjórum. Þegar ég spurði hana hvers vegna hún teldi að foreldrar hennar hefðu eignast þetta mörg börn sagði hún þau hafa beðið eftir að eignast son sem kom ekki fyrr en í fjórðu tilraun. Einnig var sagt frá þeim konum sem áttu eldri bræður, en sú staðreynd kom mér sjálfri skemmtilega á óvart. Í þeirri umræðu sem Vesturlandabúar hafa heyrt um einbirtisstefnuna og áhrif hennar á kínverskt samfélag þá gleyma þeir að augljóslega eru til einstaklingar sem hugsa á skjön við aðra og vilja dóttur fremur öllu.

Hukou-kerfið markar ekki líf fólks á eins afgerandi hátt og virðist í fyrstu. Fólk úr dreifbýli lætur það ekki stöðva sig í leit að betra lífi í stórborgum. Fólk fer fram hjá reglum og vinnur markvisst að því að búa í hagin fyrir sig og sína. Einstaklingar sem eru skráðir í þeirri borg eða bæ þar sem þeir kjósa að búa finna ekki mikið fyrir *hukou*-kerfinu. Það er öfugt farið með einstaklinga sem eru með skráningu annars staðar en þeir vilja búa. Þá finnur fólk í raun fyrir þeim höftum sem orsakast af búsetuskráningarkerfinu. Sama hvort verið er að tala um húsnæði, menntun, atvinnu eða heilbrigðisþjónustu, þá er farandverkafólk sífellt minnt á að þau séu hvorki formlegur né löggiltur hluti borgarbúa.

Í ljósi þess að markmið stjórnvalda virðist vera að afnema einbirtisstefnuna á einhverjum tímamarki og að staðan virðist vera sú sama varðandi *hukou*-kerfið taldi ég einkar áhugavert að hafa skoðað þessi fyrirbæri áður en þau liðu undir lok. Um er að ræða skipulag af hálfu ríkisins sem talið var nauðsynlegt á þeim tíma sem það var sett í lög en flestir eru sammála um að á varla við í Kína samtímans. Með nýrri stefnu í efnahagsmálum hefur áhersla á einstaklingsfrelsi aukist sem leiðir til þess að fólk sér fremur eitthvað athugavert við eins mikil afskipti ríkisins af daglegu lífi einstaklinga og frelsi íbúa varðandi eigin hag en á upphafstíma Alþýðulýðveldisins.

Staða kvenna í Kína hefur vissulega breyst umtalsvert á ýmsum sviðum undanfarna áratugi. Þegar staða þeirra er athuguð skiptir máli hvort verið er að ræða um konur í borgum eða sveitum. Í dreifbýlinu eru hefðbundnari hugmyndir um hlutverk kynjanna áberandi og þar er auðveldara að sjá áhrif konfúsíusismans á daglegt líf einstaklinga. Konur fæðast inn í fjölskyldur þar sem faðir þeirra ræður og bræður þeirra eru taldir æðri þeim sjálfum. Bræðurnir fá frekar að mennta sig en dæturnar mæta afgangi. Hins vegar er staðan ekki svona einföld því það kom í ljós í viðtölunum sem ég tók á markaðnum að foreldrar Zhen Zhen lögðu mikla áherslu á að hún menntaði sig. Hún hafði líka mikinn áhuga á að ganga

menntavegin og eflaust hefur það eitthvað haft að segja að foreldrar hennar höfðu næstum því gefið hana til annarrar fjölskyldu vegna bágrar fjárhagsstöðu á heimilinu.

Zhen Zhen er fyrir mér holdgervingur hinnar nýju konu í Kína. Alin upp á fátæku heimili þar sem hún vissi allan tímann að foreldrar hennar vildu að hún væri drengur. Hún lét það ekki stoppa sig frá því að vera metnaðargjörn og sækja í nám. Þó hún hafi ekki klárað námið sem hún var í hefur hún enn mikinn áhuga á að mennta sig og fræðast um allt á milli himins og jarðar. Zhen Zhen var áhugasöm um Ísland, mannfræði, kvenréttindi og rannsóknina mína svo dæmi séu nefnd. Hún hefur mikinn áhuga á tungumálum og er nú þegar búin að læra nokkuð í japönsku og spænsku, auk nokkurra orða í sænsku. Einnig sagðist hún vilja læra íslensku, en ég benti henni á að sniðugara væri að einbeita sér að þeim málum sem hún væri að læra. Viðhorf Zhen Zhen til hjónabands eru til marks um þá breytingu sem er að verða meðal kvenna í Kína. Hún er meðvituð um að hún eigi rétt á að vera hamingjusöm og þurfi ekki að vera föst að eilífu þó hún hafi gengið í hjónaband. Það var ánægjulegt að heyra þessa sterku konu segja: „Ég vil vera hamingjusöm í lífi mínu. Frekar vil ég engan mann heldur en að vera óhamingjusöm í hjónabandi.“³⁸

Frekari rannsóknir í tengslum við þetta efni gætu kannað eflingu kvenna og hvernig hún fer fram. Möguleiki væri að athuga þá viðhorfsbreytingu sem á sér stað þegar konur fara úr heimasveitum til borganna. Ungu stúlkan sem fer að heiman í þeim tilgangi að vinna fyrir fjölskyldu sinni er eflaust ekki með sama hugarfar þegar hún kemur heim eftir nokkurra ára dvöl í borginni. Einnig væri hægt að skoða aðstæður í upprunahéraði og á áfangastað í von um að varpa frekara ljósi á ákvarðanatöku kvenna í þessum málum. Áhugavert væri að sjá hvort og hvernig staða kvenna breytist innan fjölskyldna þegar þær snúa aftur til heimahéraðsins og þá sérstaklega gagnvart eiginmönnum og feðrum.

Staða kínverskra farandverkakvenna í borgarsamfélaginu hefur verið til umræðu hér. Viðmælendur mínir upplifa sig sem sterkar konur úr dreifbýli. Þær finna mátt í því að hafa látið reyna á að þær gætu staðið á eigin fótum, séð fyrir sér í Peking og munu ávallt búa að þeirri reynslu. Konurnar eru skylduræknar og telja sig þurfa að styðja fjölskyldur sínar í heimahéraðinu með því að senda þeim hluta launa sinna. Eflaust veitir sú staðreynd þeim aukin völd, en spurning er hvort staða þeirra breytist þegar aftur er snúið heim að lokinni farandverkamennsku. Umræddur hópur segist ekki eiga í miklum samskiptum við borgarbúa, en talar vel um fólk úr öðrum héruðum sem er í sambærilegri stöðu. Þessar konur eru því á jaðri borgarsamfélagsins, en samt sem áður upplifa þær sig ekki sem fórnarlömb. Þær sjá

³⁸ "I want to be happy in my life. I rather want no man than to be unhappy with a husband."

tækifærin sem eru fólgin í því að flytjast til höfuðborgarinnar, jafnvel þó það sé tímabundin dvöl. Mín reynsla af markaðnum er að viðmælendur mínir séu kraftmiklir og hjartahlýir einstaklingar sem skapa sín eigin örlög.

Heimildaskrá

- Abu-Lughod, L. (1991). *Writing Against Culture*. Í R. G. Fox (ritstj.), *Recapturing Anthropology: Work in the Present*. New Mexico: School of American Research Press.
- Amnesty International. (2003). Amnesty International Report 2003. Sótt 18. apríl, 2012, af <http://www.unhcr.org/refworld/docid/3edb47d2c.html>
- Attané, I. (2002). A Half Century of Chinese Socialism: The Changing Fortunes of Peasant Families. *Journal of Family History*, 27(2), 150-171.
- Baganha, M., Doomernik, J., Fassmann, H., Gsir, S., Hoffman, M., Jandl, M., Kraler, A., Neske, M. og Reeger, U. (2006). International Migration Flows and Its Regulation. Í R. Penninx, M. Berger og K. Kraal (ritstj.), *The Dynamics of International Migration and Settlement in Europe: A State of the Art (19-40)*. Amsterdam: Amsterdam University Press.
- Black, R., Xiang, B., Collyer, M., Engbersen, G., Heering, L. og Markova, E. (2006). Migration and Development: Causes and Consequences. Í R. Penninx, M. Berger og K. Kraal (ritstj.), *The Dynamics of International Migration and Settlement in Europe (41-64)*. Amsterdam: Amsterdam University Press.
- Bordo, S. R. (1989). The body and the reproduction of femininity: A feminist appropriation of Foucault. Í A. M. Jaggar og S. R. Bordo (ritstj.), *Gender/Body/Knowledge: Feminist Reconstructions of Being and Knowing (13-33)*. New Brunswick, NJ: Rutgers University.
- Boserup, E. (1990). Economic Change and the Roles of Women. Í I. Tinker (ritstj.), *Persistent Inequalities: Women and World Development (14-24)*. New York og Oxford: Oxford University Press.
- Bulte, E., Heerink, N. og Zhang, X. (2011). China's One-Child Policy and 'the Mystery of Missing Women': Ethnic Minorities and Male-Biased Sex Ratios. *Oxford Bulletin of Economics and Statistics*, 73(1), 21-39.

- Chan, A. (2003). A "Race to the Bottom": Globalization and China's Labour Standards. *China Perspectives*, 46, 2-13.
- Chan, K. W. (2010). The Global Financial Crisis and Migrant Workers in China: 'There is No Future as a Labourer; Returning to the Village has No Meaning'. *International Journal of Urban and Regional Research*, 34(3), 659-677.
- Chan, K. W. og Zhang, L. (1999). The Hukou System and Rural-Urban Migration in China: Processes and Changes. *The China Quarterly*, 160, 818-855.
- Cooper, F. og Brubaker, R. (2005). Identity. Í F. Cooper (ritstj.), *Colonialism in Question: Theory, Knowledge, History* (59-90). Berkeley: University of California Press.
- Crang, M. A. og Cook, I. (2007). *Doing Ethnographies*. London, Thousand Oaks, New Delhi og Singapore: SAGE Publications.
- Croll, E. J. (2001). New Spaces, New Voices: Women Organizing in Twentieth-Century China. Í P. C. Hsiung, M. Jaschok, C. Milwertz og R. Chan (ritstj.), *Chinese Women Organizing: Cadres, Muslims, Queers* (25-40). Oxford: Berg.
- Deleuze, G. (1988). *Foucault* (S. Hand, þýddi.). Minneapolis og London: University of Minnesota Press.
- Deng, F. F. og Huang, Y. (2004). Uneven land reform and urban sprawl in China: the case of Beijing. *Progress in Planning*, 61(3), 211-236.
- Dreyfus, H. L. og Rabinow, P. (1982). The Genealogy of the Modern Individual as Object. Í H. L. Dreyfus og P. Rabinow (ritstj.), *Michel Foucault: Beyond Structuralism and Hermeneutics* (143-167). Brighton: The Harvester Press Limited.
- Eriksen, T. H. og Nielsen, F. S. (2001). *A History of Anthropology*. London og Ann Arbor: Pluto Press.
- Fan, C. C. (2003). Rural-Urban Migration and Gender Division of Labor in Transitional China. *International Journal of Urban and Regional Research*, 27(1), 24-47.
- Fan, C. C. (2004). The state, the migrant labor regime, and maiden workers in China. *Political Geography*, 23, 283-305.

- Fan, C. C. (2008a). *China on the Move: Migration, the State, and the Household*. New York: Routledge.
- Fan, C. C. (2008b). Migration, Hukou, and the Chinese City. Í S. Yusuf og T. Saich (ritstj.), *China Urbanizes* (65-89). Washington: World Bank.
- Fong, V. L. (2008). China's One-Child Policy and the Empowerment of Urban Daughters. *American Anthropologist*, 104(4), 1098-1109.
- Foucault, M. (1977). *Discipline and Punish: The Birth of the Prison* (A. Sheridan, þýddi.). London: Allen Lane.
- Foucault, M. (1979). *The History of Sexuality, Vol. 1: An Introduction*. London: Allen Lane.
- Foucault, M. (1980). Governmentality. Í C. Gordon (ritstj.), *Power/Knowledge: Selected Interviews and Other Writings 1972-1977* (109-133). Brighton: Harvester Press.
- Foucault, M. (2000). Governmentality. Í J. D. Faubion (ritstj.), *The Essential Works of Foucault, 1954–1984, vol. 3: Power* (201–222). New York: New Press.
- Fu, D. (2009). A Cage of Voices: Producing and Doing Dagongmei in Contemporary China. *Modern China*, 35, 527-561.
- Garðar Baldvinsson. (2005). Alsætt líkamsvald: Um Michel Foucault. Í G. Elísson (ritstj.), *Michel Foucault: Alsæi, vald og þekking*. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands.
- Glick Schiller, N. (2003). The Centrality of Ethnography in the Study of Transnational Migration. Seeing the Wetland Instead of the Swamp. Í N. Foner (ritstj.), *American Arrivals. Anthropology Engages in New Immigration* (99-128). Santa Fe: School of American Research Press.
- Gu, B., Wang, F., Guo, Z. og Zhang, E. (2007). China's Local and National Fertility Policies at the End of the Twentieth Century. *Population and Development Review*, 33(1), 129-148.
- Gu, C. og Shen, J. (2003). Transformation of Urban Socio-Spatial Structure in Socialist Market Economies: the Case of Beijing. *Habitat International*, 27(1), 107-122.

- Guo, F. og Iredale, R. (2004). The Impact of Hukou Status on Migrants' Employment: Findings from the 1997 Beijing Migrant Census. *International Migration Review*, 38(2), 709-731.
- Gupta, A. og Ferguson, J. (1992). Beyond "Culture": Space, Identity, and the Politics of Difference. *Cultural Anthropology*, 7(1), 6-23.
- Hammersley, M. og Atkinson, P. (2007). *Ethnography: Principles in practice*. London og New York: Routledge.
- Honig, E. og Hershatter, G. (1988). *Personal Voices: Chinese Women in the 1980's*. Stanford: Stanford University Press.
- Inda, J. X. (2005). Analytics of the Modern: An Introduction. Í J. X. Inda (ritstj.), *Anthropologies of Modernity: Foucault, Governmentality, and Life Politics* (1-18). Malden, Oxford og Carlton: Blackwell Publishing.
- Kane, P. og Choi, C. Y. (1999). China's one child family policy. *British Medical Journal*, 319, 992-994.
- Kristín Loftsdóttir. (2004). 'This Time It's Different': Globalization, Power and Mobility. Í Valur Ingimundarson, Kristín Loftsdóttir og Irma Erlingsdóttir (ritstj.), *Topographies of Globalization: Politics, Culture, Language* (149-162). Reykjavík: University of Iceland.
- Kristín Loftsdóttir. (2008). *The Bush is Sweet: Identity, Power and Development among WoDaaBe Fulani in Niger*. Uppsala: Nordiska Afrikainstitutet.
- Kristín Loftsdóttir. (2010). *Konan sem fékk spjót í höfuðið: Flækjur og furðuheimar vettvangsrannsóknna*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Lamphere, L., Ragoné, H. og Zavella, P. (1997). Introduction. Í L. Lamphere, H. Ragoné og P. Zavella (ritstj.), *Situated Lives: Gender and Culture in Everyday Life*. New York: Routledge.
- Lassiter, L. E. (2005). *The Chicago Guide to Collaborative Ethnography*. Chicago og London: Chicago University Press.

- Lemke, T. (2000). *Foucault, Governmentality, and Critique*. Erindi kynnt á ráðstefnunni Rethinking Marxism, University of Amherst.
- Lemke, T. (2007). An Indigestible Meal? Foucault, Governmentality and State Theory. *Distinktion: Scandinavian Journal of Social Theory*, 15, 43-66.
- Levitt, P. (2001). Transnational migration: taking stock and future directions. *Global Networks*, 1(3), 195-216.
- Levitt, P. og Glick Schiller, N. (2004). Conceptualizing Simultaneity: A Transnational Social Field Perspective on Society. *International Migration Review*, 38(3), 1002-1039.
- Li, D. (2004). Gender Inequality in Education in Rural China. Í T. Jie, Z. Bijun og S. L. Mow (ritstj.), *Holding Up Half the Sky: Chinese Women Past, Present, and Future* (123-136). New York: The Feminist Press.
- Lim, L. Y. C. (1990). Women's Work in Export Factories: The Politics of a Cause. Í I. Tinker (ritstj.), *Persistent Inequalities: Women and World Development* (101-119). New York og Oxford: Oxford University Press.
- Ma, L. og Jacobs, F. (2010). Poor But Not Powerless: Women Workers in Production Chain Factories in China. *Journal of Adolescent Research*, 25, 807-838.
- Milchman, A. og Rosenberg, A. (2005). Michel Foucault: Crises and Problematizations. *The Review of Politics*, 67(2), 335-351.
- Mills, M. B. (2003). Gender and Inequality in the Global Labor Force. *Annual Review of Anthropology*, 32, 31-62.
- Milwertz, C. (2002). *Beijing Women Organizing for Change: A New Wave of the Chinese Women's Movement*. Kaupmannahöfn: NIAS Press.
- Milwertz, C. og Wei, B. (2008). Consciousness-Raising among and beyond Women's Movement Activists in China. Í W. Buurghoorn, K. Iwanaga, C. Milwertz og Q. Wang (ritstj.), *Gender Politics in Asia: Women Manoeuvring within Dominant Gender Orders* (121-144). Kaupmannahöfn: NIAS Press.

- Moore, H. L. (1994). *The Divisions Within: Sex, Gender and Sexual Difference*. Í H. L. Moore (ritstj.), *A Passion for Difference: Essays in Anthropology and Gender* (8-27). Bloomington og Indianapolis: Indiana University Press.
- Murphy, R. (2003). Fertility and Distorted Sex Ratios in a Rural Chinese County: Culture, State, and Policy. *Population and Development Review*, 29(4), 595-626.
- Myerson, R., Hou, Y., Tang, H., Cheng, Y., Wang, Y. og Ye, Z. (2010). Home and Away: Chinese Migrant Workers Between Two Worlds. *The Sociological Review*, 58(1), 1002-1039.
- Ngai, P. (2004). The Precarious Employment and Hidden Costs of Women Workers in Shenzhen Special Economic Zone, China. *Journal of Oxfam*, 1-13.
- Ngai, P. (2005a). China as a World Factory: New Practices and Struggles of Migrant Women Workers. Sótt 1. nóvember 2010, af http://www.rosalux.de/uploads/media/Ngai_China_as_a_World_factory_2005.pdf
- Ngai, P. (2005b). *Made in China: Women Factory Workers in a Global Workplace*. Durham: Duke University Press.
- O'Reilly, K. (2005). *Ethnographic Methods*. London og New York: Routledge.
- Olwig, K. F. og Sørensen, N. N. (2002). Mobile Livelihoods: Making a Living in the World. Í K. F. Olwig og N. N. Sørensen (ritstj.), *Work and Migration* (1-19). London: Routledge.
- Ortner, S. (1996). *Making Gender: The Politics and Erotics of Culture*. Boston: Beacon Press.
- Ortner, S. (2006). *Culture, Power and Acting Subjects: Anthropology and Social Theory*. Durham og London: Duke University Press.
- Papanek, H. (1990). To Each Less Than She Needs, From Each More Than She Can Do: Allocations, Entitlements, and Value. Í I. Tinker (ritstj.), *Persistent Inequalities: Women and World Development* (162-181). New York og Oxford: Oxford University Press.

- Ponzanesi, S. (2002). Diasporic Subjects and Migration. Í G. Griffin og R. Bradoitti (ritstj.), *Thinking Differently: A Reader in European Women Studies* (205-220). London: Zed Books.
- Rabinow, P. (1984). *Truth and Power: The Foucault Reader*. London: Penguin Books.
- Retherford, R. D., Choe, M. K., Chen, J., Xiru, L. og Hongyan, C. (2005). How Far Has Fertility in China Really Declined? *Population and Development Review*, 31(1), 57-84.
- Roberts, K. D. (1997). China's "tidal wave" of migrant labor: What can we learn from Mexican Undocumented Migration to the United States? *International Migration Review*, 36(2), 249-293.
- Roberts, K. D. (2002). Female Labor Migrants to Shanghai: Temporary "Floaters" or Potential Settlers? *International Migration Review*, 36(2), 492-519.
- Rose, N. og Miller, P. (1992). Political Power Beyond the State: Problematics of Government. *The British Journal of Sociology*, 43(2), 173-205.
- Safa, H. I. (1986). Runaway Shops and Female Employment: The Search for Cheap Labor. Í E. Leacock og H. I. Safa (ritstj.), *Women's Work: Development and the Division of Labor by Gender* (58-74). New York: Bergvin & Garvey Publishers.
- Said, E. W. (1978). *Orientalism*. New York: Vintage Books.
- Said, E. W. (2006). Orientalism (2003): Formáli að tuttugu og fimm ára afmælisútgáfunni. *Ritið*, 3, 153-170.
- Salzinger, L. (2003). *Genders in Production: Making Workers in Mexico's Global Factories*. Berkeley, Los Angeles og London: University of California Press.
- Scott, J. W. (1999). *Gender and the Politics of History*. New York: Columbia University Press.
- Shen, W. (2011). Cautious steps to land reform. *Global Times*. Sótt 2. febrúar 2012, af <http://www.globaltimes.cn/special/2011-02/623384.html>

- Sidel, R. (1972). *Women and Child Care in China: A Firsthand Report*. New York og Baltimore: Penguin Books.
- Solinger, D. J. (2006). The creation of a new underclass in China and its implications. *Environment and Urbanization*, 18(1), 177-193.
- Speki Konfúsíusar*. (2006). (R. Baldursson, þýddi.). Reykjavík: Þjafi.
- Spence, J. D. (1999). *The Search for Modern China*. New York og London: W.W. Norton & Company.
- Suárez-Orozco, C., Bang, H. J. og Kim, H. Y. (2010). I Felt Like My Heart Was Staying Behind: Psychological Implications of Family Separations & Reunifications for Immigrant Youth. *Journal of Adolescent Research*, 26(2), 1-36.
- Taylor, S. J. og Bogdan, R. (1998). *Introduction to Qualitative Research Methods: A Guidebook and Resource*. New York: John Wiley & Sons, Inc.
- Thakur, R. (2002). China's Reform of the Domicile System (Hukou Zhidu). *China Report*, 38, 299-306.
- Turner, K. (1999). The Criminal Body and the Body Politic: Punishments in Early Imperial China. *Cultural Dynamics*, 11, 237-254.
- Unnur Dís Skaptadóttir. (2010). Integration and transnational practices of Filipinos in Iceland. *E-migranter*, 5, 36-46.
- Unnur Dís Skaptadóttir og Anna Wojtyńska. (2008). Gendered Migration from Poland to Iceland: Women's Experiences. Í D. Golańska og A. M. Rózalska (ritstj.), *New Subjectivities: Negotiating Citizenship in the Context of Migration and Diversity* (81-96). Lodz: University of Lodz Publishing House.
- Vertovec, S. (2004). Migrant Transnationalism and Modes of Transformation. *International Migration Review*, 38(3), 970-1001.
- Vuorela, U. (2002). Transnational Families. Imagined and Real Communities. Í D. F. Bryceson og U. Vuorela (ritstj.), *The Transnational Family: New European Frontiers and Global Networks* (63-81). Oxford: Berg.

- Wang, F.-l. (2005). *Organizing through Division and Exclusion: China's Hukou System*. Stanford: Stanford University Press.
- Wang, F. og Zuo, X. (1999). Inside China's Cities: Institutional Barriers and Opportunities for Urban Migrants. *The American Economic Review*, 89(2), 276-280.
- Windrow, H. og Guha, A. (2005). The Hukou System, Migrant Workers & State Power in the People's Republic of China. *Northwestern University Journal of International Human Rights*, 3, 1-18.
- Ya Show. (E.d.). About us. Sótt 5. apríl 2012, af <http://www.yashowmarket.com/article.php?id=1>
- Yao, X. (2000). *An introduction to Confucianism*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Yihong, J. (2001). The All China Women's Federation: Challenges and Trends. Í P. C. Hsiung, M. Jaschok, C. Milwertz og R. Chan (ritstj.), *Chinese Women Organizing: Cadres, Muslims, Queers* (123-140). Oxford: Berg.
- Zai, L. og Zhongdong, M. (2004). China's Floating Population: New Evidence from the 2000 Census. *Population and Development Review*, 30(3), 467-488.
- Zhan, S. (2011). What Determines Migrant Workers' Life Chances in Contemporary China? Hukou, Social Exclusion, and the Market. *Modern China*, 37(3), 243-285.
- Zhang, L. (2001). Migration and privatization of space and power in late socialist China. *American Ethnologist*, 28(1), 179-205.
- Zhang, T. (2007). *Power, women and revolution: The role of the All-China Women's Federation in China's revolution*. Reykjavík: ISmart ehf, Dr. Zhang Tong.
- Zhang, W. (2009). "A Married Out Daughter Is Like Spilt Water"? *Modern China*, 35(3), 256-283.
- Zhao, R. (18. nóvember 2010). Chengdu reforms hukou system, *Global Times*, bls. 6.
- Þorgerður Einarsdóttir. (2004). The Gendered Implication of Globalization: Vulnerability and Interdependence. Í K. Connor-Martin, I. Erlingsdóttir, V. Ingimundarson og K.

Loftsdóttir (ritstj.), *Topographies of Globalization: Politics, Culture and Language*
(229-244). Reykjavík: Háskólaútgáfan.